

**MARÍA PÁLSDÓTTIR**

*Eldar sænsk-grískar kjötbollur með kóríander*

Matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**ELDVARNIR**

*Eina konan í slökkviliðinu*

Sérblað um eldvarnir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**TOMMY LEE**

*Hlakkar til að hitta íslenskar stelpur*

Spenntur fyrir tónleikunum á Nasa í kvöld

FÓLK 46


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. janúar 2008 — 24. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Partí í uppáhaldsborginni**

Baldur Þórhallsson fagnar afmælinu í París.

TÍMAMÓT 28

**Ný mynd væntanleg**



Ný kvikmynd um James Bond mun heita Quantum of Solace. Hún verður frumsýnd í nóvember.

KVIKMYNDIR 38



**Alfreð hættur**

Alfreð Gíslason sagði í gær starfi sínu lausu sem landsliðsþjálfari Íslands.

ÍÞRÓTTIR 42

**SIRKUS**

**Undirbýr næstu orrustu**

Nylon er ekki að hætta. Í viðtali við Sirkus segja stelpurnar sannleikann og sögur úr bransanum.




SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM ÉL -** Í dag verður suðvestan átt, 15-20 úti við suðurströndina, annars yfirleitt 5-10 m/s. Víða él, síst norðaustan til. Frostlaust með ströndum syðra, annars frost 0-8 stig.

VEÐUR 4

# Ávinningur olíufélaganna sagður allt að 200 milljónir

**Ávinningur af samráði olíufélaganna vegna útboðs Reykjavíkurborgar árið 1996 var um 175 til 200 milljónir að núvirði samkvæmt matsmönnum. „Matið er allt vaðandi í rangfærslum," segir lögmaður Skeljungs.**

**DÓMSMÁL** Ávinningur af samráði olíufélagana Olís, Skeljungs og Olíufélagsins, nú Kers, fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar árið 1996 var allt að 200 milljónir króna samkvæmt matsskýrslu hagfræðinganna Gylfa Zoëga og Sveins Agnarssonar.

Fréttablaðið hefur skýrsluna undir höndum en hún er nú á borði Hæstaréttar. Málflutningur í Hæstarétti í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum fer fram á miðvikudaginn. Óvíst er hvort skýrslan verður lögð fram sem hluti af gögnum málsins þar sem hún kom seint fram.

Einar Þór Sverrisson, sem mun flytja málið fyrir hönd Skeljungs í Hæstarétti, segir mat Gylfa og Sveins meingallað. „Matið er allt vaðandi í rangfærslum," sagði Einar Þór. Olíufélögin hafa þegar fengið KPMG til þess að yfirfara aðferðafræðina að baki matinu en sú vinna er langt komin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja lögmenn olíufélaganna skekkju við útreikninga vera mjög mikla og hin rétta niðurstaða sé sú að ávinningurinn af samráðinu hafi verið lítill sem enginn, jafnvel neikvæður.

Mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum er fyrsta skaðabótamálið sem tekið verður fyrir í Hæstarétti og líta margir til þess sem prófmáls, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

- mh / sjá síðu 20



**HÆTTIÐ VIÐ!** Hávært hróp og köll frá þéttskipuðum áhorfendapöllum borgarstjórnarsals Ráðhússins urðu til þess að gera þurfti hlé á fundi borgarstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Háværir andstæðingar nýs meirihluta töfðu borgarstjórnarfund í gær:

# Stjórnlaus borg í klukkustund

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Gert var rúmlega klukkustundar hlé á fundi borgarstjórnar í gær vegna óláta á áhorfendapöllum.

Gríðarleg hróp voru gerð að fulltrúum nýs meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista á fundinum. „Hættið við" og „Okkar Reykjavík" voru meðal slagorða sem áhorfendur hrópuðu á meðan gengið var til atkvæða um skipan í embætti nýja meirihlutans. Uppistaðan í hópi mótmælenda var fólk úr röðum ungliðahreyfinga flokkanna sem nú er komnir í minnihluta í borgarstjórn. Nýi meirihlutinn átti sína fulltrúa meðal áhorfenda en minna fór fyrir þeim. Eftir margendurtekin tilmæli Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, forseta borgarstjórnar, um að áhorfendur hefðu hægt um sig var gert fundarhlé til að rýma áhorfendapallana. Lögregla kom á vettvang en greip ekki inn í.

„Við hverju bjuggust þau? Fólk getur ekki setið heima og sagt ekki neitt," sagði Lísa Kristjánsdóttir, einn forvígismanna undirskriftalista gegn nýja meirihlutanum. Meirihlutinn skipaði í nefndir og ráð í gær.



**BORGARSTJÓRAR** Dagur gaf áhorfendum til kynna að þeir skyldu gefa Ólafi F. færi á að flytja mál sitt.

- gar / sjá síðu 4 og 10

Skoðanakönnun Fréttablaðsins:

# Vilja flugvöll í Vatnsmýrinni

**SKOÐANAKÖNNUN Tæp 60 prósent borgarbúa telja að Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni.**

**Stuðningur við að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni er mestur meðal kjósenda F-listans, en tæp 73 prósent þeirra vilja ekki flytja flugvöllinn. Þá segjast tæp 68 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks vilja halda vellinum. Meira en helmingur kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna vilja hins vegar flugvöllinn úr Vatnsmýrinni.**

- ss / sjá síðu 6

EM í handbolta í Noregi:

# Ísland komst í forkeppni ÓL

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið er komið inn í forkeppni Ólympíuleikanna í Peking sem fram fer í maílok. Það varð ljóst þar sem Danmörk, Króatía, Þýskaland og Frakkland eru komin inn í undanúrslit EM í Noregi en þar sem eitt þeirra verður Ólympíumeistari og kemst beint inn á ÓL þá losnar sæti í forkeppninni sem fellur í hlut Íslands.

- óój / sjá síður 40 og 42










## SPURNING DAGSINS



*Stefán, lagðir þú mikla vinnu í rannsóknina?*

„Já, óhemjumikla eins og alltaf þegar ég geri rannsóknir.“

Stefán Ólafsson prófessor hefur nýlokið rannsókninni Vinnan í lífi Íslendinga. Hann komst að því að við vinnum meira en aðrir en afköstin eru minni á hverja klukkustund.

Vopnfirðingar sjónvarpslausir í fjóra daga vegna tíðra rafmagnstruflanna:

# Álverin trufla útsendingar

**FJARSKIPTI** „Fólk er náttúrlega mjög óhresst og auðvitað er margt í sjónvarpinu sem fólk vill horfa á,“ segir Sigríður Bragadóttir, bóndi á Síreksstöðum við Vopnafjörð, en sjónvarpslaust var á Vopnafirði frá sunnudegi til miðvikudagskvölds. „Við erum svo sem vön því að það detti út af og til en þetta er ansi hreint langur tími,“ segir Sigríður.

„Þetta byrjar með rafmagnsútfalli sem fer illa með sendinn þannig að hann bilar,“ segir Kristján Benediktsson, verkfræðingur dreifikerfis Ríkisútvarpsins. Þá hafi hús með sendunum fyllst af snjó og það hafi



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Næstu viðgerðarmenn Mílu, undirverktaka RÚV, eru á Egilsstöðum.

heldur ekki farið vel með tækin.

„Rafmagnstruflanir hafa aukist á Austurlandi og reyndar víðar eftir að álverin fóru í gang. Menn eru að stinga heilu álverunum í og úr sambandi og það orsakar truflanir hjá öðrum notendum kerfisins,“ segir Kristján og bætir við að tækin séu viðkvæm fyrir rafmagnstruflunum.

Hann segir viðgerð hafa lokið á miðvikudagskvöldið en það hafi reyndar verið enn ein bráðabirgðaviðgerðin þar sem sendirinn hafi verið fluttur til Reykjavíkur til viðgerða. „Þó að RÚV beri ábyrgð á þessu gagnvart notendum er Míla okkar undirverktaki og annast framkvæmdir og viðhald. Boðleiðir hafa lengst eftir að Míla var einkavædd en þetta er sambland margra óheppilegra tilvika.“ - ovd

Guðmundur í Byrginu:

## Ákærður fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, verður ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fjórum konum. Ein þeirra var undir lögaldri.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar tvö í gærkvöld.

Guðmundi er gefið að sök að hafa notfært sér andlega annmarka kvennanna til þess að hafa við þær samræði eða önnur kynferðismök meðan þær voru til meðferðar í Byrginu, þar sem hann gegndi stöðu forstöðumanns. Fyrst var greint frá málinu í fréttaskýringaþættinum Kompási í desember 2006. - jss

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

## Togaði í brjóstahaldara á balli

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að toga í brjóstahaldara konu.

Atvikið átti sér stað í félagsheimilinu Valaskjálf á Egilsstöðum. Maðurinn setti hönd sína inn undir bol konunnar um hálsmál, greip um brjóstahaldara sem hún klæddist og togaði í hann.

Hann játaði brot sitt skýlaust fyrir dóminum eins og því er lýst í ákæru. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að maðurinn játaði og sýndi iðrun. Fullnustu refsingarinnar var frestað þar sem maðurinn hafði ekki áður gerst brotlegur við lög. - jss



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Ekki tókst að ná samkomulagi um áframhald verkefna Arnarfells. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsvirkjun:

## Tekur yfir verk Arnarfells ehf.

**ORKUMÁL Landsvirkjun hefur ákveðið að yfirtaka þau verk sem verktakafyrirtækið Arnarfell ehf. hefur haft umsjón með við Kárahnjúkavirkjun. Ástæðan er fjárhagsleg staða Arnarfells en að undanförnu hafa staðið yfir viðræður um lausn á vanda fyrirtækisins. Fjörutíu starfsmenn Arnarfells fara á launaskrá hjá Landsvirkjun.**

**Arnarfell hafði fjóra verksamninga við Landsvirkjun. Samningsupphæðin er samtals um sex milljarðar króna og er um tveimur þriðju hlutum verksins lokið.** - shá

# Barnaníðingur fær ekki inni á Vernd

**Ágúst Magnússon, sem ítrekað hefur gerst sekur um að brjóta kynferðislega á börnum, er á leið út. Menn sem gerst hafa sekir um slík brot eru ekki lengur vistaðir á áfangaheimilinu Vernd. Úrræða er leitað hjá Fangelsismálastofnun.**

**FANGELSISMÁL** Ágúst Magnússon, sem nú er að ljúka afplánun á Litla-Hrauni fær hvergi inni þegar hann fær reynslulausn í næstu viku.

Forráðamenn áfangaheimilisins Verndar hafa tekið þá ákvörðun að þar verði ekki vistaðir kynferðisbrotamenn sem brotið hafa gegn börnum.

Ágúst Magnússon var dæmdur árið 2004 í fimm ára fangelsi fyrir að níðast á sex drengjum. Í byrjun síðasta árs var hann að ljúka afplánun á Vernd og hafði þar tölvur og nettengingu. Upp komst að hann hafði ekki hlotið betrun þegar hann reyndi að hitta þréttán ára stúlku í kynferðislegum tilgangi. Stúlkan var tálbeita fréttaskýringaþáttarins Kompáss. Í viðtali við þáttastjórnenda viðurkenndi Ágúst að hafa misnotað fleiri börn en þau sex sem hann var dæmdur fyrir árið 2004. Þrír menn til viðbótar reyndu að hitta tálbeitu



**TEKUR EKKI Á MÓTI ÁGÚSTI** Ágúst reyndi að hitta tálbeitu Kompáss á meðan hann var að ljúka afplánun á Vernd. Í kjölfar þess tóku forsvarsmenn Verndar þá ákvörðun að vista ekki lengur þá menn sem brotið höfðu gegn börnum á áfangaheimilinu.



**ÁGÚST MAGNÚSSON** Var dæmdur árið 2004 í fimm ára fangelsi fyrir að níðast á sex drengjum. Í viðtali við þáttastjórnenda Kompáss viðurkenndi hann að hafa misnotað fleiri börn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kompáss en voru sýknaðir þar sem um tálbeitu var að ræða. Aldrei var þó gefin út ákæra á Ágúst og eru mál hans því enn til umfjöllunar hjá lögreglu.

Í kjölfar þessara atburða fór af stað hávær umræða í samfélaginu, og þá ekki síst meðal íbúa í nágrenni Verndar, um að skilyrði þyrfti að setja um hverjir gætu hlotið fangahjálp á Vernd. „Heimilið er í íbúðarhverfi og við ákváðum að líta yrði til þess að nágranna okkar um að þeir sem hefðu brotið á börnum yrðu ekki vistaðir hér,“ segir Þráinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri Verndar. Hann segir að þótt Ágúst eigi rétt á frelsi eftir afplánun sé það skylda stjórnvalda að setja slíkum mönnum skilyrði fyrir frelsi. „Það hafa margar spurningar í tengslum við þennan málaflokk komið upp sem varða almanna hagsmuni. Það er hægt að beita einhverjum skilyrðum í málum sem þessum þótt þó séu vafalaust mjög erfið í framkvæmd,“ segir Þráinn. Hann bendir á að ljóst sé að þeir sem brjóta gegn börnum komi aftur út í samfélagið og í starfinu á Vernd hafi því markvisst verið reynt að vinna að því að almenningi stafi ekki hætta af mönnum eftir að þeir hafi lokið afplánun. „Það tókst ekki í þessu tilfelli,“ segir hann.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að verið sé að skoða önnur úrræði fyrir þennan hóp manna, hægt sé að setja sérstök skilyrði fyrir reynslulausn. karen@frettabladid.is



**STRAUMUR INN OG ÚT** Tugþúsundir Palestínumanna streymdu yfir landamærin.

Op í landamæri á Gaza:

## Vara Ísraela við Egyptalandsför

**GAZA, AP Yfirvöld í Ísrael hafa varað Ísraela við ferðum til Sínaískagans í Egyptalandi vegna ótta um að herskáir Palestínumenn frá Gaza geri árásir eftir að landamæraveggur milli Gaza og Egyptalands var felldur á miðvikudag.**

**Lögreglan í Ísrael á einnig að vera á verði gagnvart tilraunum Gazabúa til að komast inn í Ísrael frá Egyptalandi.**

**Egypsk landamæralögregla stýrði í gær flaumi Gazabúa sem fór um opið sem myndaðist þegar landamæraveggurinn var sprengdur á miðvikudagsmorgun.** - sdg

Kibaki og Odinga funduðu:

## Skref í átt að lausn í Kenía

**KENÍA, AP** Í fyrsta sinn frá því að óeirðir brutust út eftir kosningarnar 27. desember hittust Mwai Kibaki, forseti Kenía, og stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga í gær til að ræða lausn á deilunni um kosningaúrslitin. Hvor sakar hinn um kosningasvindl.

Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, var viðstaddur fundinn í hlutverki sáttasemjara. Fyrri sáttasemjurum hafði ekki tekist að fá Kibaki og Odinga til að hittast augliti til auglitis.

Eftir fundinn tókust þeir í hendur og lofuðu að vinna að lausn á deilunni. - sdg






Staðsetningarbúnaður var festur á bíl manns sem var til rannsóknar:

# Aðferðir lögreglu ólögmætar

**DÓMSMÁL** Lögreglu var óheimilt að koma fyrir eftirfararbúnaði á bifreið manns sem lögreglan hafði til rannsóknar, án hans vitneskju. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í máli manns gegn lögreglunni í gær en maðurinn fann tækið undir bíl sínum mánudaginn 12. nóvember í fyrra.

Þremur dögum síðar var með bréfi óskað eftir því að ríkissaksóknari hefði rannsókn á því hvort ólögmætum aðferðum hefði verið beitt við rannsókn og hvort aðferðirnar kynnu að fara gegn lögum um friðhelgi einkalífs.

Ríkissaksóknari taldi lögreglu mega beita fyrrnefndum aðferðum og því var ekkert gert í málinu.

Málið kom inn á borð héraðsdóms í framhaldi af þessu.

Niðurstaða héraðsdóms er sú að við „notkun á eftirfararbúnaði felist mjög mikil skerðing á friðhelgi einkalífs“ eins og segir í úrskurðinum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Jafnframt segir að ekki sé í „gildandi lögum heimild til fyrir lögreglu að nota eftirfararbúnað við rannsóknir sakamála“.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Úrskurðaði aðferðir lögreglu ólögmætar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kröfu mannsins um að lögreglan ætti að hætta að hlera síma hans var vísað frá. Málsvarnarlaun verjanda, samtals rúmlega 167 þúsund krónur, greiðast úr ríkissjóði. - mh

www.toyota.is




## Land Cruiser 200 – Fullkomið frelsi

Viltu standa þegar aðrir sitja? Viltu komast lengra, hraðar og fara hærra? Viltu vera óháður duttlungum náttúrunnar án þess að fórna nokkru af þeim þægindum sem þú átt skilið?

Nýr Land Cruiser 200 mun bylta hugmyndum þínum um alvöru jeppa. Yfirborðið er fágað og undir því leynast óteljandi tækninýjungar sem vinna allar að því að keyra þig áfram á konunglegan hátt og veita þér ógleymanlega akstursreynslu.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Land Cruiser 200.
Upplifðu fullkomið frelsi.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ 24.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,35 | 66,67 |
| Sterlingspund | 129,61 | 130,25 |
| Evra | 96,99 | 97,53 |
| Dönsk króna | 13,013 | 13,089 |
| Norsk króna | 12,044 | 12,114 |
| Sænsk króna | 10,213 | 10,273 |
| Japanskt jen | 0,6246 | 0,6282 |
| SDR | 104,86 | 105,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

127,9944

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björn Ingi Hrafnsson sagði af sér í borgarstjórn í gær:

# Fékk faðmlög í kveðjuskyni

**SVEITARSTJÓRNIR** Björn Ingi Hrafnsson var kvaddur með hlýjum orðum og faðmlögum í borgarstjórn í gær þegar hann sagði af sér sem borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

Dagur B. Eggertsson sagði sjónarsvipti að Birni. „Ég held að Björn Ingi hafi verið mikið að eflast og lært á þessum hræringum og sviptivindum sem hafa leikið um borgarstjórnina," sagði Dagur.

Svandís Svavarsdóttir sagði afsögn Björns hljóta að vera að mjög yfirveguðu ráði. „Ég óska honum velfarnaðar," sagði hún.

„Við Björn Ingi áttum afar gott samstarf í þeim meirihluta sem við mynduðum þar til hann ákvað að ganga í hóp með öðrum flokkum," sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Margrét Sverrisdóttir sagðist hafa átt ánægjulegt samstarf við Björn og nýi borgarstjórinn, Ólafur F. Magnússon, óskaði honum velfarnaðar.

„Hann vann með okkur af miklum heilindum þangað til fór sem fór," sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir um Björn Inga.

Sjálfur kvaddi Björn Ingi með ósk um að friður kæmist á í starfi borgarstjórnar og að samþykkt yrði tillaga hans um minnisvarða um Bobby Fischer í Laugardalshöll. „Mér þætti vænt um að þið gætuð gert mér þann greiða." **- gar**



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Borgarfulltrúinn var niðurlútur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Húsin við Laugaveg 4 og 6:

# Eigendur ætla sér að byggja

**STJÓRNMÁL „Það stóð til að rífa húsin og líka á því stigi var verið að ræða við eigendur húsanna. Ég geri því ráð fyrir að menn hafi talað saman," segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri. Á fundi borgarráðs í gær var ákveðið að kaupa húsin við Laugaveg 4 og 6.**

**„Núverandi meirihluti hefur haft samband við okkur," segir Jóhannes Sigurðsson, stjórnarformaður Kaupangs, eiganda húsanna. „Við höfum verið spurðir hvað við myndum selja á ef við ætluðum okkur að selja og við svörum því til að við ætlum okkur að byggja." - ovd**

## FÓLKIÐ Á PÖLLUNUM



„Ég er hér til að mótmæla því sem ég kalla valdníðslu. Fólki er nóg boðið. Ólíkt því sem gerðist fyrir rúmlega hundrað dögum þá snýst þetta bara um vald, því hverju er þessi nýi meirihluti að mótmæla og hvaða stöðu er hann að bregðast við? Er það áhersla borgarstjórnarmeirihlutans, sem nú var að fara frá völdum, á velferðarmál sem var verið að bregðast við? Nei, það var aðeins löngunin að komast aftur til valda."

*Ilmur Kristjánsdóttir*



„Ég kom nú hingað til að fagna nýjum meirihluta. Það eru gleðifréttir að fá nýjan meirihluta í borgina."

*Jón Guðjónsson*



„Ég fagna nýjum meirihluta, það eina slæma við þetta allt saman er að sjá hve mikið af skríl er hingað mætt á pallana."

*Ólafur Hrólfsson*



„Ég frétti að hér væri aksjón og langaði að kíkja. Sjálfstæðismenn eiga alveg rétt á þessu en maður veltir því fyrir sér hvað gerist ef Ólafur verður aftur veikur."

*Kristinn Árni Hróbjartsson*

# Kjörinn borgarstjóri í skugga mótmæla

**Nýkjörinn borgarstjóri vonast eftir góðri samvinnu allra borgarfulltrúa. Fulltrúar minnihlutans sögðu bæði sér og almenningi misboðið. Oddviti sjálfstæðismanna spyr hvort fyrrverandi félagar Ólafs hafi viljað halda honum í gíslingu.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Mér þykir afar vænt um borgina okkar og sem borgarstjóri mun ég vinna í þágu hagsmuna allra borgarbúa að því að gera borgina okkar að enn betri borg," sagði Ólafur F. Magnússon eftir að hann hafði verið kjörinn borgarstjóri á sögulegum borgarstjórnarfundi í gær.

Illa gekk að hefja borgarstjórnarfundinn vegna mikillar háreysti á áhorfendapöllunum. Eftir fjölmargar viðvararnir frá nýkjörnum forseta borgarstjórnar, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, var gert hlé á fundinum þegar ólætin keyrðu um þverbak í kjölfar kjörs Ólafs sem borgartjóra. Fundinum var fram haldið eftir ríflega kukkustund þegar áhorfendur höfðu loks orðið við ósk um að hverfa frá fundinum.

„Ég lít ekki svo á að neitt af því sem hefur gerst hér undanfarna daga eigi að spilla fyrir góðri samvinnu allra hér í borgarstjórn," sagði nýi borgarstjórinn þegar fundurinn hófst að nýju.

Fulltrúar minnihlutans voru ómyrkir í máli í gagnrýni sinni á nýja meirihlutann.

„Ég ætla að leyfa mér að efast um að nokkur ábyrgur stjórnmálamaður geti verið fullsæmdur af því að taka þátt, skrifa undir og styðja það sem hér á að fara fram," sagði Dagur B. Eggertssson, fráfarandi borgarstjóri, áður en nýi meirihlutinn tók við völdum.

„Okkur var misboðið í haust og okkur er misboðið núna. Almenningur hefur ekki sagt sitt síðasta orð," sagði Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna.



**VALDASKIPTI Í REYKJAVÍK** Ólafur F. Magnússon tók í gær við lyklavöldum í Ráðhúsi Reykjavíkur úr hendi Dags B. Eggertssonar, sem óskaði Ólafi velfarnaðar. Sagðist Ólafur viss um að Dagur myndi ná langt í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks, sagði af sér á fundinum og Óskar Bergsson tók sæti hans.

„Þessi meirihluti er byggður á svo hæpnum forsendum að það er beinlínis dónalegt í garð borgarbúa," sagði Margrét Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi F-listans, við Fréttablaðið í fundarhléinu. Margrét kvaðst hafa liðið illa undir háværum mótmælum á áhorfendapöllunum. „Það er erfitt að sjá hve erfitt Ólafur á uppdráttar á þessum fyrsta fundi," útskýrði hún.

Oddviti sjálfstæðismanna, Vilhjálmur Þ. Vihjálmsson, sagði við Fréttablaðið að persónulegar árásir á Ólaf hefðu verið ótrúlega ódrengilegar. Þær væru umhugsunarefni fyrir alla borgarbúa.

„Ólafur vildi ekki halda áfram í fyrrverandi meirihluta og ákvað að ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn þar sem hann telur sig fá stefnumálum Frjálslynda flokksins miklu betur framgengt heldur en í hinum hópnum. Maður spyr sig, hvernig geta þá fyrrum félagar hans meinað honum að gera það? Ætluðu þau að halda honum bara í gíslingu í þessu fjögurra flokka samstarfi?" spyr Vilhjámur.

**gar@frettabladid.is**

## FÓLKIÐ Á PÖLLUNUM



„Ég er nú bara hér til að líta á stemninguna, mér sýnist hún vera nokkuð góð."

*Sveinn Andri Sveinsson*



„Ég er kominn til að mótmæla þessu ofbeldi sem hérna fer fram. Hér er verið að rjúfa meirihluta til að skapa nýjan sem er miklu, miklu veikari og í raun óstarfhæfur. Fram undan er stjórnarkreppa því að starfið sem fram undan er hjá nýjum meirihluta veltur á heilsu eins manns. Hann veltur sem sagt á því hvort sá maður er með 37,9 eða 38,5 stiga hita. Þetta hangir því svo tæpt að það er ekki hægt að bjóða borgarbúum upp á þetta."

*Hallgrímur Helgason*



„Mér finnst ótrúlegt að Sjálfstæðisflokkurinn og Ólafur F. hafi gert þetta. Ég verð fimmtán ára á árinu en hef haft mikinn áhuga á stjórnmálum frá því ég var tólf ára og stutt Samfylkinguna. Ég vildi því sýna stuðning minn með því að mæta hingað í dag til að mótmæla nýjum meirihluta."

*Natan Kolbeinsson*



„Ég er hér til að virða fyrir mér uppákomuna og dást að þeim krafti sem gripið hefur íslenskan almenning."

*Haukur Már Haraldsson*




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÁNAR Á SUNNUDAG**

Kortin varðandi sunnudaginn hafa lítið breyst síðustu daga. Eru horfur á asahláku víða um land framan af degi. Það sem breyst hefur síðasta sólarhring er að vindurinn er að þróast heldur í rétta átt, þ.e. að ekki verður eins hvasst og horfur voru á fyrr í vikunni. Á hinn bóginn verður fjarri því logn. Hvassviðri eða stormur verður sunnan til en strekkingur eða allhvass vindur annarsstaðar.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðvestan 5-10 m/s. Él. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*



*» á morgun*



3-10 m/s, stífastur fyrir austan.

*» sunnudagur*



Hvassviðri eða stormur syðra, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 6°C skúrir |
| Billund | 9°C skúrir | París | 9°C skúrir | Lúxemborg | 4°C heiðskírt |
| Osló | 4°C skúrir | Amsterdam | 10°C léttskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C skúrir | Frankfurt | 7°C heiðskírt | Róm | 11°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C rigning | Berlín | 5°C hálfskýjað | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Frábær ávöxtun Lífeyrissparnaðar Landsbankans

Mundu eftir mótframlaginu þínu




## Samanburður á nafnávöxtun sambærilegra fjárfestingarleiða hjá séreignarlífeyrissjóðum árið 2007

| Íslenski lífeyrissjóðurinn (Landsbankinn) | | Almenni lífeyrissjóðurinn (Glitnir) | | Frjálsi lífeyrissjóðurinn (Kaupþing) | |
|---|---|---|---|---|---|
| Líf I | 8,1% | Ævisafn I | 1,4% | Frjálsi I | 2,0% |
| Líf II | 7,9% | Ævisafn II | 1,7% | | |
| Líf III | 9,4% | Ævisafn III | 6,1% | Frjálsi II | 4,9% |
| Líf IV* | 14,0% | Ævisafn IV | 12,8% | Frjálsi III | 11,7% |

Það borgar sig að eiga hlutdeild í frábærri ávöxtun Lífeyrissparnaðar Landsbankans sem býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir eftir aldri: Líf I 16-44 ára, Líf II 45-54 ára, Líf III 55-64 ára og Líf IV 65 ára+.

Þú getur lagt allt að 4% af launum þínum í viðbótarlífeyrissparnað og launagreiðandi leggur að jafnaði til 2% á móti þér – það er mótframlagið þitt.

Hafðu samband í síma 410 4000 og við veitum þér góða þjónustu og faglega ráðgjöf. Þú færð einnig allar upplýsingar um ávöxtun Lífeyrissparnaðar Landsbankans á landsbanki.is.

Landsbankinn

*Ávöxtun frá 1.1.2007 til 30.6.2007 tekur mið af óverðtryggðri Lífeyrisbók en ávöxtun frá 1.7.2007 til 31.12.2007 tekur mið af nýrri fjárfestingarstefnu fyrir Líf IV.
Ávöxtunartölur fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn eru óendurskoðaðar. Ávöxtunartölur fyrir Almenna lífeyrissjóðinn og Frjálsa lífeyrissjóðinn eru sóttar á heimasíður sjóðanna 22. janúar 2008.

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fara á þorrablót?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,4% |
| Nei | 57,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú til útlanda á skíði?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Romano Prodi bar traustsyfirlýsingu undir atkvæði þrátt fyrir vissan ósigur:

# Ríkisstjórn Prodis er fallin

**ÍTALÍA, AP** Ríkisstjórn Romanos Prodi á Ítalíu missti meirihluta sinn í öldungadeild þingsins í gærkvöldi þrátt fyrir tilraunir Prodis til að tryggja sér stuðning.

Prodi á því ekki annars úrkosta en að segja af sér með þeim afleiðingum að stjórnmálin á Ítalíu lamast vikum saman þar til annað hvort tekst að mynda nýja stjórn eða boðað verður til kosninga. Prodi sagði í gær að Ítalía gæti ekki „leyft sér slíkan lúxus“.

Stjórnin hefur reyndar enn góðan meirihluta í neðri deildinni, en í efri deild missti hún eins manns meirihluta sinn á mánudag þegar einn smáflokkanna sem staðið hafa að stjórninni síðustu tuttugu mánuði, miðjuflokkurinn UDEUR, sagði skilið við félaga sína. Upphaf þess er að Clemente Mastella, formaður UDEUR-flokksins, sagði af sér sem dómsmálaráðherra í stjórn Prodis vegna spillingarrannsóknar. Bæði Mastella og eiginkona hans sæta rannsókn vegna gruns um fjármálaspillingu sem tengist opinberum stofnunum. Á mánudag ákvað flokkurinn að draga sig út úr stjórninni.



**ÁTÖK Á ÞINGI** Tommaso Barbato, einn öldungardeildarþingmanna UDEUR-flokksins, reifst heiftarlega við flokksbróður sinn í þinginu. NORDICPHOTOS/AFP

Einn flokksmanna UDEUR, Sergio Cusumano, vakti þó mikla reiði flokksbræðra sinna þegar hann sagðist vilja styðja Prodi áfram. Til átaka kom í þinginu, hrækt var á Cusumano og síðan leið yfir hann. Hann var síðan borinn út úr þingsalnum á sjúkrabörum. - gb

Friðlandið á Hornströndum:

# Refur má sækja í fuglabjörgin

**UMHVERFISMÁL** Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun telja að ekki beri að aflétta friðun á ref á Hornströndum. Þetta kemur fram í fundargerð umhverfisnefndar Ísafjarðar. Tryggvi Guðmundsson fullyrðir að ásókn refs í fuglabjörg í á Hornströndum sé svo mikil að stefni í umhverfisslys. Óheimilt er að veiða ref í friðlandinu en umhverfisráðherra getur aflétt banninnu tímabundið að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar, sem telja ekki að leyfa eigi refaveiðarnar. Leggur umhverfisnefnd Ísafjarðar ekki til að fuglabjörgin verði friðuð af ágangi refs. - gar

Múslimar í Hollandi:

# Hvetja trúbræður til stillingar

**HOLLAND, AP Samtök múslima í Hollandi hvetja trúbræður sína jafnt heima fyrir sem erlendis til að sýna stillingu þegar frumsýnd verður kvikmynd sem gerð er til höfuðs kóraninum.**



**GEERT WILDERS**

**Hægrimaðurinn Geert Wilders, leiðtogi Frelsisflokksins í Hollandi, hefur látið gera tíu mínútna langa kvikmynd gagngert til þess að sýna kóraninn sem „fasistabók“ sem hvetur til ofbeldis og andúðar, meðal annars á hommum og konum.**

- gb

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um kjarabætur grunnskólakennara á fimmtudag voru 18 þúsund króna greiðslur til kennara í Kópavogi kallaðar „eingreiðsla“ þegar hið rétta er að þær eru greiddar mánaðarlega í fimm mánuði eða fram í lok maí.

Í frétt blaðsins á síðu 2 á fimmtudag, um ályktun Dómarafélags Íslands vegna ráðningar Þorsteins Davíðssonar sem héraðsdómara, var einn umsækjenda um stöðuna, hæstaréttarlögmaðurinn Guðmundur Kristjánsson, rangnefndur. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum.

## ÚTRÁS

### Matís undirritar samning

Matvælarannsóknir Íslands (Matís) hafa gert samstarfssamning við nýsköpunarfyrirtækið Bitland Enterprises sem gerir Matís mögulegt að bjóða þjónustu og ráðgjöf á fleiri stöðum í N-Evrópu en áður. Má þar nefna samstarf við fyrirtæki í matvælaiðnaði.



**HÓTEL LOFTLEIÐIR Í VATNSMÝRINNI** Borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista hefur ákveðið að engin ákvörðun verði tekin um breytingar í Vatnsmýrinni á þessu kjörtímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# 60 prósent vilja flugvöllinn í Vatnsmýri

**Meirihluti borgarbúa vill að Reykjavíkurflugvöllur fari hvergi. Þetta er mun hærra hlutfall en í ágúst 2005, þegar 35,8 prósent vildu halda flugvellinum í Vatnsmýrinni. Rúm 20 prósent vilja að flugvöllurinn fari til Keflavíkur.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 59,6 prósent borgarbúa telja nú að Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni. Fimmtungur vill að innanlandsflug flytjist til Reykjavíkur, tæp níu prósent vilja að flugvöllurinn verði fluttur upp á Hólmsheiði og rúm tíu prósent vilja að hann verði fluttur eitthvert annað.

Lítill munur er eftir kyni, en þó eru konur frekar fylgjandi því að flugvöllurinn verði áfram á sínum stað en karlar. 61,8 prósent kvenna vilja hafa hann í Vatnsmýrinni, en 57,6 prósent karla.

Stuðningur við að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni er mestur meðal kjósenda Frjálslynda flokksins, en tæp 73 prósent þeirra vilja ekki flytja flugvöllinn. Þá segjast tæp 68 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks vilja halda vellinum þar sem hann er. Sjötíu prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa, eða myndu ekki kjósa, vilja ekki flytja flugvöllinn og rúm 53 prósent kjósenda Framsóknarflokksins.

**FRAMTÍÐARSTAÐSETNING MIÐSTÖÐVAR INNANLANDSFLUGS**




Skv. könnun Fréttablaðsins 23. janúar 2008

Meira en helmingur kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna vilja hins vegar flugvöllinn úr Vatnsmýrinni; tæp 56 prósent kjósenda Samfylkingar og rúm 60 prósent kjósenda Vinstri grænna.

Rúm 27 prósent samfylkingarfólks vilja að flugvöllurinn fari til Keflavíkur og rúm 35 prósent vinstri grænna.

Miklar breytingar hafa orðið á afstöðu borgarbúa frá því í ágúst 2005, þegar Fréttablaðið spurði borgarbúa hvort þeir vildu flytja Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni og ef svarað var já, þá hvert. Þá sögðust 64,2 prósent vilja að flugvöllurinn færi en 35,8 prósent vildu að hann yrði áfram í Vatnsmýrinni.

Af þeim sem vildu að hann yrði fluttur sögðust 41,4 prósent vilja að hann færi til Keflavíkur, en 43,7 prósent vildu að hann yrði byggður upp á Lönguskerjum, sem þá var mjög í umræðunni. Tæp 15 prósent vildu að hann færi eitthvað annað.

Hringt var í 600 Reykvíkinga á kosningaaldri, valdir af handahófi og skiptust þeir jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvar vilt þú að framtíðarstæði innanlandsflugs verði? 77,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

Hæstiréttur dæmdi mann í þriggja ára fangelsi fyrir stórfellda og hrottafengna líkamsárás:

# Klipptu fingur af fórnarlambi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær Kristján Halldór Jensson til þriggja ára fyrir stórfellda líkamsárás. Voru málsatvik með þeim hætti að Kristján sló fórnarlamb sitt í hnakkann með hafnaboltakylfu svo það féll í gólfið. Að svo búnu sparkaði hann ítrekað í liggjandi mannin og að lokum klippti samverkamaður þess dæmda litla fingur vinstri handar af fórnarlambinu með greinaklippu. Var framganga Kristjáns metin þannig að um samverknað hans hefði verið að ræða.

Með brotum sínum rauf Kristján skilorð frá árinu 2005 og hafði það, ásamt tveimur eldri líkamsárásardómum, áhrif á dóminn. Þá var sérstaklega litið til þess hversu hrottafengin árásin var auk þess sem skipulagning og aðdragandi hennar þóttu bera vott um einbeittan ásetning.



**FRÁ HÆSTIRÉTTI** Hæstiréttur þyngdi dóm héraðsdóms um eitt ár.

Hefur Kristján níu sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir brot á almennum hegningarlögum, fíkniefnalögjöfinni, vopnalögum og áfengislögum.

Með dómi sínum þyngdi hæstiréttur dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra frá því í mars síðastliðnum um eitt ár. Þá er Kristjáni og samverkamanni hans gert að greiða fórnarlambinu 1,1 milljón króna í miskabætur. - ovd

SÚRHVALUR
sá besti á landinu
Humarsúpa prinsinns • stór humar
tígrisrækjur • stór hörpudiskur
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is



ISUZU D-MAX

ISUZU

# MJÖG VEL ÚTBÚINN Á MJÖG GÓÐU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira.

**ISUZU D-MAX**

**2.890.000 kr.** sjálfskiptur

**2.790.000 kr.** beinskiptur

**JANÚARTILBOÐ**
**Á VÖLDUM BÍLUM – KOMDU Í HEIMSÓKN OG KANNAÐU MÁLIÐ**




ENNEMM / SÍA / NM31614



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu stórt hlutfall borgarbúa studdi nýjan borgarstjóra í skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær?*
2. *Hvaða heimsfrægi leikari lést á mánudaginn?*
3. *Hvar urðu snarpir jarðskjálftar aðfaranótt miðvikudags?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Stærsti fjármálagjörningur í heimi skekur næststærsta banka Frakklands:

# Tapaði hundruðum milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Verðbréfamiðlara hjá Societe Generale, næststærsta banka Frakklands sem var aðalráðgjafi um kaup Eglu, VÍS og fleiri á Búnaðarbankanum árið 2003, hefur verið vikið úr starfi fyrir að tapa 4,9 milljörðum evra, jafnvirði tæpra 476 milljarða íslenskra króna, í grófum afleiðuviðskiptum án heimilda á þessu og síðasta ári. Viðskipti voru stöðvuð með hlutabréf bankans í kauphöllinni í París vegna málsins í gær.

Þetta er umsvifamesti gjörningur af þessu tagi sem komist hefur upp. Viðskiptin voru afar fá og notaði miðlarinn flóknar aðferðir til að fela færslurnar og komast þannig undan öryggiseftirliti bankans, að sögn fréttastofu Reuter sem bætir því við að yfirmönnum miðlarans hafi verið sagt upp. Daniel Bouton, forstjóri bankans, bauðst sömuleiðis til að segja af sér vegna málsins en bankastjórnin tók það ekki í mál.

Miðlarinn heitir Jerome Kerviel, er 31 árs og var aðstoðarframkvæmdastjóri yfir verðbréfa- og afleiðudeild bankans.

Málið þykir minna mjög á gjörninga breska verðbréfaskúrksins Nicks Leeson en framvirkir gjaldeyrissamningar hans með japanska jeninu leiddu til gjaldþrots Barings-bankans fyrir tæpum þrettán árum. Upphæðin sem Leeson tapaði var hins vegar langtum lægri. **- jab**

**TÍU MESTU VERÐBRÉFASKÚRKARNIR**

| Nafn og ár | Upphæð* |
|---|---|
| 2008 - Jerome Kerviel (Societe Generale - Frakkland) | -476 |
| 2006 - Brian Hunter (Amaranth Advisors - Kanada) | -430 |
| 1990 - Giancarlo Paretti (Credit Lyonnais - Ítalía) | -331 |
| 1998 - John Meriwether (Long Term Capital Management - Bandaríkin) | -304 |
| 1996 - Yasuo Hamanaka (Sumitomo Corporation - Japan) | -172 |
| 2006 - Wolfgang Flöttl, Helmut Elsner (BAWAG - Austurríki) | -165 |
| 1994 - Robert Citron (Orange County - Bandaríkin) | -112 |
| 1993 - Heinz Schimmelbusch (Metall gesellschaft - Þýskaland) | -106 |
| 1995 - Nick Leeson (Baringsbanki - Bretland) | -92 |
| 1995 - Toshihide Iguchi (Daiwa Bank - Japan) | -73 |

* í milljörðum ísl. króna að núvirði

Forsetakosningar í Rússlandi:

## Kasjanov verður ekki í kjöri

**RÚSSLAND, AP** Framboð Mikhaíls Kasjanov, fyrrverandi forsætisráðherra Rússlands, til forsetakosninganna í mars hefur verið úrskurðað ógilt. Yfirkjörnefnd segir hluta undirskrifta á lista yfir stuðningsmenn hans vera falsaðan.



**MIKHAÍL KASJANOV**

Kasjanov er eini gagnrýnandi Vladimírs Pútín forseta, sem hafði skráð sig í framboð. Kasjanov segir úrskurð kjörnefndarinnar áróður.

Samkvæmt skoðanakönnunum átti Kasjanov litla möguleika á kjöri. Sá frambjóðandi sem mest fylgi hefur er Dimitrí Medvedev, maðurinn sem Pútín styður. **- gb**

Barði mann með brotinni glerflösku:

## Fimm ára fangelsi fyrir líkamsárás

**DÓMSTÓLAR** Robert Olaf Rihter, pólskur ríkisborgari, hefur verið dæmdur í fimm ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir lífshættulega líkamsárás á félaga sinn. Hann barði félagann ítrekað með brotinni glerflösku í höfuð, háls og líkama. Talin var hending að ekki hlaust bani af árásinni.

Árásin átt sér stað á heimili félaga mannsins í Reykjanesbæ 8. nóvember 2007. Rihter var við drykkju það kvöld og var orðinn verulega ölvaður þegar hann réðst á félagann.

Fórnarlambið kvaðst fyrir dómi hafa verið farið að sofa þetta kvöld þegar það varð skyndilega vart við hávaða og læti frammi. Maðurinn fór fram til að athuga hvað væri á seyði og fann Rihter þar sem hann gekk berserksgang, brjótandi hluti og bramlandi. Þegar Rihter var beðinn um að hafa sig hægan réðst Rihter á félaga sinn með brotinni flösku sem hann hélt á í annarri hendinni.

Þegar lögregla kom á vettvang lá fórnarlambið úti á götu fyrir utan heimili sitt í stórum blóðpolli. Hann var þá búinn að missa mikið blóð. Rihter neitaði sök í málinu en gögn málsins studdu ekki framburð hans. Honum var gert að greiða fórnarlambinu 790 þúsund krónur í skaðabætur, svo og málskostnað. **- jss**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR** „Það sem ég veit um svona rekstur er að hann mengar gríðarlega mikið, það er mjög mikil losun gróðurhúsalofttegunda. Það er einnig mjög mikil önnur mengun, einhvers konar olíuleða, svifryk og annað sem fylgir slíkri starfsemi.“

# Útblásturinn mun aukast um þriðjung

**Gríðarleg mengun myndi fylgja olíuhreinsistöð segir umhverfisráðherra. Ráðherra fer með rangt mál segir forsvarsmaður olíuhreinsunarstöðvar.**

**UMHVERFISMÁL** Olíuhreinsistöð á Vestfjörðum myndi auka útblástur gróðurhúsalofttegunda hér á landi um þrjátíu prósent miðað við losunarheimildir og valda að auki annarri mengun og mengunarhættu, segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.

„Það sem ég veit um svona rekstur er að hann mengar gríðarlega mikið, það er mjög mikil losun gróðurhúsalofttegunda. Það er einnig mjög mikil önnur mengun, einhvers konar olíuleðja, svifryk og annað sem fylgir slíkri starfsemi,“ sagði Þórunn þegar hún svaraði fyrirspurn um málið á Alþingi í gær.

Fyrirspyrjandi var Helgi Hjörvar, samflokksmaður Þórunnar, og formaður umhverfisnefndar Alþingis. Hann spurði ráðherra um afstöðu hennar til mögulegrar olíuhreinsunarstöðvar.

„Mér skilst að losun einnar svona olíuhreinsunarstöðvar eins og menn hafa verið að ræða myndi auka losun frá Íslandi, eins og það er reiknað í losunarbókhaldinu, um 30 prósent,“ sagði Þórunn. Sagði hún þar miðað við þær losunarheimildir sem landið hafi á árabilinu 2008 til 2012.

Benti hún jafnframt á að samkvæmt stefnu stjórnvalda ætti að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75 prósent á næstu 40 árum.

„Það er ekkert annað í spilunum en samdráttur í losunarheimildum, og að sjálfsögðu einnig markaður með losunarheimildir þar sem fyrirtæki greiða fyrir losunina,“ sagði Þórunn.

Hún sagði 150 olíuflutningaskip sigla framhjá Íslandi á ári hverju, og þeim geti auðveldlega fjölgað í 400 til 500 á næstu árum. Mikil hætta stafi af þessari umferð, sem og dælingu úr og í skipum vegna hugsanlegrar olíuhreinsunarstöðvar.

Hilmar F. Foss, framkvæmdastjóri Íslensks hátækniiðnaðar, sem unnið hefur að undirbúningi olíuhreinsunarstöðvar, segir ráðherra tala af vanþekkingu. Hún hafi í raun þegar gert sig vanhæfa til að fjalla um mál tengd olíuhreinsistöðinni með því að taka afgerandi afstöðu gegn henni.

Fullyrðingar ráðherra um að olíuhreinsistöð myndi auka útblástur gróðurhúsalofttegunda hér á landi segir Hilmar beinlínis rangar. Talað sé um 5.200 þúsund tonna losun á ári hér á landi, en olíuhreinsunarstöðin muni losa allt að 560 þúsund tonn. Aukningin verði því um 10,8 prósent.

„Það er ábyrgðarhluti að fara með staðreyndir með þessum hætti án þess að kynna sér um hvað málið snýst,“ segir Hilmar.

Hann mótmælir því einnig harðlega að „einhvers konar olíuleðja“ verði til í olíuhreinsistöð á borð við þá sem hugsanlegt er að verði reist á Vestfjörðum. „Það er ekkert sem gengur af, frekar en í mjólkurbúi,“ segir Hilmar.

**brjann@frettabladid.is**


Orkuveita Reykjavíkur

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is




# Margarita dagar: Margarita pizzur með 50% afslætti ef þú sækir*

Domino's Pizza

58·12345
dominos.is

*Aðeins í dag, laugardag og sunnudag.



**KENNARAR BOÐA VERKFALL** Í Frakklandi boða kennarar verkfall til að mótmæla stórfelldri fækkun starfa í menntageiranum, þar sem 11.000 störf verða lögð niður. Í gær efndu bæði kennarar og opinberir starfsmenn til mótmælaaðgerða í bænum Caen, þar sem sjá mátti þennan kappa. NORDICPHOTOS/AFP

Brotthvarf verktaka frá tvöföldun Reykjanesbrautar veldur aukinni slysahættu:

# Tvöföldun tefst um hálft ár

**SAMGÖNGUMÁL** Það sem eftir er af tvöföldun Reykjanesbrautar verður boðið út að nýju þar sem ekki náðist samkomulag um að undirverktakar lykju verkinu eftir að Jarðvélar sögðu sig frá því.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir verklok tefjast um tæplega hálft ár vegna þessa. Hann segir tafir á þessum tímapunkti mjög óheppilegar.

„Það er enginn vafi á því að þetta eykur slysahættu,“ segir Jón. Í dag eru steypustólpar þar sem ökumenn þurfa að skipta milli akbrauta, og segir Jón að vandað verði til merkinga, hér eftir sem hingað til.

Vegagerðin hefur haft eftirlit með merkingum við vinnusvæði á brautinni frá því vinna stöðvaðist fyrir áramót. Merkingar eru fljótar að óhreinkast, en Jón segir starfsmenn sinna viðhaldi á merkingum af mikilli atorku.

„Það er alltaf óheppilegt að lenda í svona vandræðum, en sem betur fer er það ekki algengt,“ segir Jón. Vegagerðin verður fyrir verulegum kostnaði vegna málsins, en Jón vildi ekki nefna tölur í því samhengi.

Vinna við nýtt útboð er hafin, og er reiknað með að verkið verði boðið út eftir sex til átta vikur. Verklok voru áætluð í júlí næstkomandi, en nú er reiknað með að þau verði undir lok ársins. **- bj**



**Í UPPNÁMI** Ekki hefur verið unnið við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar frá því í nóvember, og hefur verktakinn Jarðvélar sagt sig frá verkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsgreinasambandið:

# Vill viðtal við ráðherrana

**SJÁVARÚTVEGUR** Framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands, SGS, hefur samþykkt að óska eftir viðræðum við stjórnvöld vegna ástandsins í fiskvinnslunni í landinu. Á vef sambandsins segir að uppsagnir og óvissa hafi atgervisflótta í för með sér sem skaði greinina.

„Krafist er uppstokkunar á úthlutun aflaheimilda og nýrra samfélagslegra skilyrða áður en það verður endanlega um seinan,“ segir þar. Kristján Gunnarsson, formaður SGS, bendir á að hundruð manna séu með uppsagnarbréf og auðvitað hafi menn áhyggjur af því. **- ghs**





vísir.is
„...ég sá það á vísi“


## SKIPAN Í HELSTU RÁÐ OG NEFNDIR REYKJAVÍKURBORGAR



**BORGARSTJÓRI:**
**Ólafur F. Magnússon**
til 22. mars 2009

**STAÐGENGILL BORGARSTJÓRA:**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmss.

**FORSETI BORGARSTJÓRNAR:**
Hanna Birna Kristjánsd.

**FORMAÐUR BORGARRÁÐS:**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmss.

**BORGARRÁÐ:**
- **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**
  - Til vara: Ólafur F. Magnússon
- Hanna Birna Kristjánsdóttir.
- Gísli Marteinn Baldursson.
- Kjartan Magnússon
- Svandís Svavarsdóttir
- Dagur B. Eggertsson
- Óskar Bergsson

**MENNINGAR- OG FERÐAMÁLARÁÐ:**
- **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
- Marta Guðjónsdóttir
- Helga Kristín Auðunsdóttir
- Jakob Frímann Magnússon
- Guðrún Erla Geirsdóttir
- Dofri Hermannsson
- Guðrún Ásmundsdóttir

**SKIPULAGSRÁÐ:**
- **Hanna Birna Kristjánsdóttir**
- Gísli Marteinn Baldursson
- Jórunn Frímannsdóttir
- Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
- Stefán Benediktsson
- Björk Vilhelmsdóttir
- Svandís Svavarsdóttir

**ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ:**
- **Bolli Thoroddsen**
- Kjartan Magnússon
- Björn Gíslason
- Egill Örn Jóhannsson
- Hermann Valsson
- Stefán Jóhann Stefánsson
- Oddný Sturludóttir

**MENNTARÁÐ:**
- **Júlíus Vífill Ingvarsson**
- Bolli Thoroddsen
- Marta Guðjónsdóttir
- Egill Örn Jóhannesson
- Oddný Sturludóttir
- Helga Björg Ragnarsdóttir
- Margrét Sverrisdóttir

**UMHVERFIS- OG SAMGÖNGURÁÐ:**
- **Gísli Marteinn Baldursson**
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
- Helga Jóhannsdóttir
- Ásta Þorleifsdóttir
- Dofri Hermannsson
- Þorleifur Gunnlaugsson
- Margrét Sverrisdóttir

**LEIKSKÓLARÁÐ:**
- **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
- Áslaug Friðriksdóttir
- Ragnar Sær Ragnarsson
- Egill Örn Jóhannsson
- Sigrún Elsa Smáradóttir
- Bryndís Ísfold Hlöðversd.
- Sóley Tómasdóttir

**VELFERÐARRÁÐ:**
- **Jórunn Frímannsdóttir**
- Björn Gíslason
- Elínbjörg Magnúsdóttir
- Gunnar Hólm Hjálmarsson
- Björk Vilhelmsdóttir
- Stefán Benediktsson
- Þorleifur Gunnlaugsson

**MANNRÉTTINDARÁÐ:**
- **Sif Sigfúsdóttir**
- Marta Guðjónsdóttir
- Andri Óttarsson
- Maria Elvira M. Pinedo
- Felix Bergsson
- Falasteen Abu Libdeh
- Jóhann Björnsson

Nöfn formanna ráða eru feitletruð.

**FAXAFLÓAHAFNIR:**
- Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður stjórnar

**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR***
- Kjartan Magnússon, formaður stjórnar
- Ásta Þorleifsdóttir

# Jöfn kynjahlutföll

**Skipað var í helstu embætti, ráð og nefndir á borgarstjórnarfundi í gær. Kynjahlutföll eru að kalla jöfn í formannsstólum sem allir eru sjálfstæðismanna.**

**BORGARMÁL** Ólafur Friðrik Magnússon, nýkjörinn borgarstjóri í Reykjavík, tók í gær við lyklavöldum í Ráðhúsi Reykjavíkur úr hendi Dags B. Eggertssonar, fráfarandi borgarstjóra. Athöfnin fór fram eftir átakafund í borgarstjórn, þar sem skipað var í helstu nefndir og ráð.

Sjálfstæðismenn gegna formennsku í öllum fagráðum og fulltrúar þeirra gegna stjórnarformennsku í Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum. Fagráð borgarinnar eru níu talsins og sætin eru 63. Kynjahlutföll eru jöfn, konur veita fimm ráðum formennsku en karlar fjórum.

Sjálfstæðismenn fylla 27 stóla, tíu kjörinn fulltrúar F-lista, Samfylking á sextán stóla, Vinstri græn átta og Framsóknarflokkurinn tvo.

Gísli Marteinn Baldursson verður fulltrúi borgarstjórnar í Strætó bs. Til stóð að ganga frá skipan í nefndir og ráð á miðvikudag, en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu fyrr en í gærmorgun.

svavar@frettabladid.is

## Heilbrigð skynsemi er mottóið



**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR**

„Ég mun beita mér af heilbrigðri skynsemi með mínar hugsjónir að leiðarljósi,“ segir Ásta Þorleifsdóttir, nýr varaformaður Orkuveitu Reykjavíkur, spurð hvernig hún muni beita sér innan stjórnar fyrirtækisins. Ásta hefur verið virk í umhverfismálum undanfarin ár og beitt sér gegn virkjunarframkvæmdum Landsvirkjunar. Hún leiddi lista Íslandshreyfingarinnar í Suðurkjördæmi við síðustu alþingiskosningar.

„Það er alveg rétt að ég hef beitt mér gegn virkjunarframkvæmdum fyrirtækisins“, segir Ásta. „En ég sagði alltaf að það væri hægt að sameina náttúruvernd og auðlindanýtingu og það verður að ákveða hvað á að vernda og standa svo vörð um það. Það er nefnilega þannig að það er oftast hægt að komast að skynsamlegum niðurstöðum. Það eru staðir sem hægt er að virkja ef á þarf að halda en svo eru aðrir þar sem það er hreinlega óásættanlegt. Þetta þarf alltaf að vega og meta.“

Ásta segir að til dæmis hugnist sér ekki virkjun við Bitruháls þar sem Ölkelduháls er á áhrifasvæði virkjunarinnar. Hins vegar sé hægt að virkja í Hverahlíð í sátt við umhverfið.

En var hún efins þegar henni var boðið embættið? „Nei, ég lít á þetta sem gríðarlegt tækifæri til að halda á lofti þeim málefnum sem ég vil berjast fyrir. Það er ekkert leyndarmál fyrir hvað ég stend í stjórnmálum, enginn þarf að velkjast í vafa um það.“


Pottaplöntu-
útsala
20%
auka afsláttur
Bóndadagur
...gleðjum hann
Túlípanar
fyrir
bóndann
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

Ástþór Magnússon hefur sent dómsmálaráðherra tilboð vegna forsetakosninga:

# Vill greiða kostnað vegna forsetakosninga

**FORSETAKOSNINGAR** Ástþór Magnússon kveðst hafa sent dómsmálaráðherra tilboð um að greiða útlagðan kostnað ríkissjóðs við forsetakosningarnar á þessu ári. Til marks um að þetta væru ekki orðin tóm reiddi hann fram fjörutíu milljónir króna í tvö þúsund kalla búntum á blaðamannafundi í Háskólabíói í gær og kvaðst standa við þetta tilboð.

Ástþór Magnússon skoraði á þjóðina að finna góða frambjóðendur fyrir forsetakosningarnar og sagði að nú væri hafinn í þriðja sinn hræðsluáróður þar sem hann væri meðal annars sakaður um að misnota lýðræðið. Ástþór sagði að kostnaður mætti ekki vera heilbrigðu lýðræði fyrirstaða og því hefði hann sent dómsmálaráðherra tilboð sitt. Á fundinn komu tveir öryggisverðir frá Öryggismiðstöðinni með ferðatöskur sem þeir opnuðu og stöfluðu upp á borð búntum með tvö þúsund köllum. Ástþór sagði að þetta jafngilti fjörutíu milljónum, sem væri hærri fjárhæð uppreiknað en forsetakosningarnar hefðu kostað ríkissjóð 2004. Ástþór neitaði að svara spurningum fjölmiðla og vildi ekki svara því hvort hann hygðist gefa kost á sér eða ekki í kosningunum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að gert sé ráð fyrir kosningum á fjárlögum. - ghs



**STÖFLUÐU BÚNTUM Á BORÐIÐ** Tveir öryggisverðir mættu í Háskólabíó og stöfluðu fjörutíu milljónum króna, tvö þúsund köllum í búntum, á borðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TVEIR SKAKKIR TURNAR TENGDIR** Í Peking er verið að reisa nýjar höfuðstöðvar ríkissjónvarpsins í Kína. Byggingin samanstendur af tveimur skökkum turnum sem tengdir eru á toppnum með tengibyggingu, sem þarna sést í smíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Íslensk málstefna mótuð

**Íslensk málnefnd vinnur að íslenskri málstefnu. Slík stefna hefur aldrei verið til. Málþing um lagalega stöðu íslenskunnar verður haldið í dag. Engin ákvæði eru í stjórnarskrá um þjóðtungu og opinbert mál.**

**ÍSLENSKA** Íslensk málnefnd vinnur að því um þessar mundir að semja drög að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðuneytið.

„Íslensk stjórnvöld hafa aldrei haft opinbera skjalfesta málstefnu," segir Haraldur Bernharðsson, stjórnarmaður í málnefndinni. Hann segir að nágrannaþjóðir Íslendinga hafi einnig farið af stað með málstefnur, til að mynda hafi Svíar, Danir, Finnar og Norðmenn allir samþykkt málstefnur. Þá séu Færeyingar og Grænlendingar að vinna í sínum stefnum.

„Þetta er auðvitað stórt verkefni því málstefna varðar í raun öll svið samfélagsins. Við fengum því vinnuhópa sem söfnuðu gögnum um einstök svið. Í framhaldinu verða haldin tíu málþing um ólík viðfangsefni á þessum sviðum." Nefndin vill ná sem mestri samstöðu um málstefnuna áður en hún verður kynnt opinberlega. „Hugsunin með málþingunum er sú að sem flest sjónarmið fái að heyrast, því málstefna er frekar gagnslaust plagg ef hún er ekki raunhæf og í tengslum við samfélagið."

Fyrsta málþingið fer fram í dag í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands frá klukkan 14 til 17. Á þinginu verður fjallað um lagalega stöðu íslenskunnar. „Það er skoðun margra að staða hennar sé ótrygg, til að mynda er ekki kveðið á um það í stjórnarskrá hvert skuli vera hið opinbera tungumál lýðveldisins. Spurningarnar eru því margar og flóknar. Eiga Íslendingar til dæmis að eiga lögvarinn rétt á að nota íslensku í sínum samskiptum við stjórnvöld?" segir Haraldur.

„Aðalspurningin er sú hvort rétt sé að setja í stjórnarskrá að íslenska sé þjóðtunga og opinbert mál," segir Sigurður Líndal lagaprófessor, einn þriggja fyrirlesara á þinginu. „Til eru ákvæði um svipað í nokkrum stjórnarskrám. Svo er spurning hvaða afleiðingar það myndi hafa í þjóðfélaginu, og þar eru ýmis álitaefni."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mun opna málþingaröðina og Guðrún Kvaran, formaður nefndarinnar, setur þingið. Þá munu lögfræðingarnir Sigurður Líndal og Þór Vilhjálmsson flytja erindi ásamt íslenskufræðingnum Merði Árnasyni.

thorunn@frettabladid.is



**SIGURÐUR LÍNDAL** Sigurður er einn þeirra sem flytja fyrirlestra á fyrsta málþingi málnefndarinnar.



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mun opna málþingaröðina í dag.

## FYRIRLESTRARÖÐIN

1. Lagaleg staða íslenskunnar.
2. Móðurmálskennsla, í samvinnu við Samtök móðurmálskennara.
3. Íslenska í vísindum og fræðum, í samvinnu við Vísindafélag Íslendinga.
4. Íslenska í háskólum, í samvinnu við Háskólann á Akureyri.
5. Tungutækni, í samvinnu við Tungutæknisetur.
6. Íslenska í viðskiptalífinu, í samvinnu við Viðskiptaráð.
7. Íslenska í fjölmiðlum, í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands.
8. Íslenska í listum, í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna.
9. Íslenska sem annað mál, í samvinnu við Alþjóðahúsið.
10. Íslenska erlendis.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Varaformaður Framsóknar segir mótvægisaðgerðir stjórnvalda ófullnægjandi.

Uppsagnir í sjávarútveginum:

# Aðgerðir stjórnvalda duga ekki

**ALÞINGI** Mótvægisaðgerðir stjórnvalda vegna samdráttar í þorskveiðum eru ófullnægjandi, eins og sjá má á nánast daglegum uppsögnum hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, sagði Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær.

Þar óskaði Valgerður eftir svörum forsætisráðherra um það hvort ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því að fólk sem missti vinnuna tímabundið gæti aflað sér menntunar á kostnað stjórnvalda.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði ekki hægt að svara þeirri spurningu í þessum fyrirspurnartíma, allir gerðu sér þó grein fyrir alvöru málsins. - bj



Mið-Austurlönd á Akureyri:

# Fundað um Palestínudeilu

**STJÓRNMÁL** Samtök hernaðarandstæðinga á Norðurlandi standa fyrir fundi um Palestínudeiluna í Akureyrarakademíunni í Gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti á morgun.

„Palestína hefur á 60 árum orðið að tilraunagarði í þjóðarrétti og þjóðarórétti, friðarpólitík stórvelda, heimsvaldastefnu, aðskilnaðarstefnu, þjóðfrelsisbaráttu með grjótkasti gegn skriðdrekum (intifada), sveltistefnu, rasisma, ríkis-hryðjuverkum og hryðjuverkum úr grasrótinni, alþjóðlegri hjálparstarfsemi og miklu fleiru,“ segir í tilkynningu frá samtökunum. - gar



**FÁ ÚTHLUTUN ÚR SJÓÐNUM** Verkefni í þróunarlöndum og á Íslandi eru meðal styrkþega að þessu sinni.

Úthlutun úr velgjörðasjóði:

# Fjögur verkefni fá 210 milljónir

**FÓLK Aurora velgjörðasjóður tilkynnti í fyrradag um fyrstu úthlutanir sínar, samtals upp á 210 milljónir króna, en sjóðinn stofnuðu hjónin Ingibjörg Kristjánsdóttir og Ólafur Ólafsson fyrir réttu ári á fimmtudagsafmæli Ólafs með stofnframlagi upp á einn milljarð króna.**

**Verkefnin sem fá úthlutað að þessu sinni eru Menntaverkefni UNICEF í Síerra Leone sem fær 120 milljónir á þremur árum, Kraumur, nýr sjóður til styrktar ungu tónlistarfólki sem fær 50 milljónir, Héraðssjúkrahúsið í Mangochi í Malaví og Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit sem fá 20 milljónir hvert verkefni.** - ovd

## DÓMSTÓLAR

### Sekt fyrir byssur og dóp

Tvítug kona hlaut 50 þúsund króna sektardóm fyrir að hafa haft í fórum sínum, í félagi við þrjá aðra, amfetamín, rafstuðbyssu, tvær loftskammbyssur, hafnaboltakylfu, trékylfu og hníf, auk tóla til fíkniefnaneyslu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Mikið um sjúkraflutninga

Talsvert var um sjúkraflutninga í gær hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Um miðjan dag var fjöldi flutninga kominn yfir 35 talsins, sem telst yfir meðallagi. Engin sérstök ástæða er talin vera fyrir mörgum útköllum.


# Gott að vita

**vorönn 2008** — **Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**

**St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa mótað dagskrána og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.**

**Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst. Kennt er á Grettisgötu 89, 1. hæð.**

## Námskeið...

**Ljósmyndun**
Tími:
a) Þri. 29. jan., 5. og 12. feb. kl. 16.30–19.30.
b) Þri. 8., 15. og 22. apr. kl. 16.30–19.30.
Lengd: 9 klst.
Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson áhugaljósmyndari.
Ekkert þátttökugjald.

**Hvort ég get, ekki málið – grunnur Sjálfsímynd og samskipti**
Tími: 29., 31. jan., 5. og 7. feb. (þri./fim.) kl. 19–22.
Lengd: 12 klst.
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.
Ekkert þátttökugjald.

**Skapandi skrif – um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta**
Tími: Fim. 31. jan., 7. og 14. feb. kl. 19–22.30.
Lengd: 10,5 klst.
Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.
Ekkert þátttökugjald.

**Þú ert það sem þú hugsar** Nýtt
Tími: Fim. 21. feb. kl. 19.30–21.30.
Lengd: 2 klst.
Leiðbeinandi: Guðjón Bergmann, rithöfundur, fyrirlesari og jógakennari.
Ekkert þátttökugjald.

**Skapandi skrif, framhald – um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta** Nýtt
Tími: Þri. 19., 26. feb. og 4. mars kl. 19–22.30.
Lengd: 10,5 klst.
Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.
Ekkert þátttökugjald.

**Starfsmannasamtöl**
Tími: Fim. 28. feb. kl. 16.30–19.30.
Lengd: 3 klst.
Leiðbeinendur: Kolbrún Ragnarsdóttir, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.
Ekkert þátttökugjald.

**Skattframtal**
Tími: Þri. 11. mars kl. 16.30–19.
Lengd: 2,5 klst.
Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, deildarstjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.
Ekkert þátttökugjald.

**Hvort ég get, ekki málið – framhald Sjálfsímynd og samskipti**
Tími: 8., 10. og 15. apríl (þri./fim.) kl. 16.30–19.30.
Lengd: 9 klst.
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.
Ekkert þátttökugjald.

**Stafganga**
Tími:
a) 27. mars, 1., 3., 8. og 10. apríl (þri./fim.) kl. 18–19.
b) 14., 16., 21., 23. og 28. apr. (mán./mið.) kl. 17–18.
Lengd: 5 klst.
Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson, stafgöngukennari og göngufararstjóri m.m.
Ekkert þátttökugjald.

**Hádegisfróðleikur** Nýtt

**Staða jafnréttismála**
Tími: Fim. 21. feb. kl. 12–12.50.
Lengd: 50 mín.
Fyrirlesari: Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.
Ekkert þátttökugjald.

**Að lesa út úr launaseðlum**
Tími: Fim. 13. mars kl. 12–12.50.
Lengd: 50 mín.
Fyrirlesari: Guðrún H. Sveinsdóttir, verkefnastjóri kjarasviðs SFR.
Ekkert þátttökugjald.

**Óvænt – kynnt síðar**
Tími: Fim. 10. apríl kl. 12–12.50.
Lengd: 50 mín.
Ekkert þátttökugjald.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**Skráning og nánari upplýsingar:**
**SFR** www.sfr.is Sími 525 8340
**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar** www.strv.is Sími 525 8330



GOTT FÓLK

# FRÉTT ÁRSINS!

35.695 Íslendingar fengu góðar fréttir á síðasta ári þegar þeim var tjáð að þeir hefðu fengið vinning í Happdrætti Háskólans. Verður árið í ár gott fréttaár hjá þér?

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS *vænlegast til vinnings*



# Ferðadagar Icelandair og Hagkaupa

**Frá 17.–27. jan.**

**50 FERÐAVINNINGAR!**
Allir kassastrimlar eru happdrættismiðar. Neðst á strimlinum er númer, þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerinu og færð samstundis svar við því hvort þú hefur dottið í lukkupottinn.

**ÞÍN BORG Á HAGKAUPSVERÐI**
Spennandi heimsborg á tilboðsverði á hverjum degi.

**SÖLUBÁSAR Í VERSLUNUM HAGKAUPA**
Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og á Akureyri. Þar gefst viðskiptavinum kostur á að bóka sér ferð.

# Hvert vi




**Valensia náttbuxur**




**Ferðatöskur** 3 stærðir




**Wrigley's tyggjó karton**




**Árbók Latabæjar** 2008




**Með Lífið að Láni**- bók




**Melissa raclette** 643045
- 8 manna raklette panna, 1200w

**STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI DUTY FREE TILBOÐUM…**

**NÝR FERÐABÆKLINGUR ICELANDAIR**
Mín borg, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.



# ltu fara?

## BOSTON Á FRÁBÆRU VERÐI Í DAG

Kauptu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.




**Boston kjúklingur**
- heill kryddleginn kjúklingur




**Boston BBQ svínarif**
- forsoðin




**Nautalundir** innfluttar
- úr kjötborði




**Nauta ribeye**
- úr kjötborði

WWW.ICELANDAIR.IS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## „ORÐRÉTT“

*Ótímabært*

**„Mér finnst könnunin ekki tímabær. Fólk bíður eftir að sjá nýjan borgarstjóra, bíður eftir að heyra í honum og kynnast honum.“**

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS, UM SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS.
Fréttablaðið 24. janúar

*Synir djöfulsins*

**„Einn kallaði þá syni djöfulsins. Annar birti dóm 18 tímum eftir að platan kom til landsins sem er einsdæmi. Dómurinn byrjaði á því að þeir stæðu fyrir allt sem hann hataði í tónlist...“**

EINAR BÁRÐARSON Í KJÖLFAR FRÉTTA UM AÐ DRENGJASVEITIN LUXOR HEFÐI LAGT UPP LAUPANA.
Fréttablaðið 24. janúar.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÁSRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR HÖNNUÐUR

## *Sagði sig úr Framsóknarflokknum*



„Það er svo sem ekkert að frétta af mér nema að fyrir nokkrum mánuðum sagði ég mig úr Framsóknarflokknum,“ segir Ásrún Kristjánsdóttir hönnuður. Ásrún hafnaði í fimmta sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík árið 2006 og hlaut að auki flest atkvæði allra frambjóðenda. Hún færðist upp í fjórða sæti eftir að Anna Kristinsdóttir, sem varð í öðru sæti, ákvað að taka ekki sæti á lista. Hún ákvað hins vegar að segja skilið við flokkinn fyrir skemmstu. „Ég gerði það vegna samskipta minna við Björn Inga Hrafnsson sem mér líkuðu illa. Það var afmörkuð ástæða. Mér líkuðu vinnubrögðin og aðferðirnar undir stjórn oddvitans ekki vel og vildi ekki taka þátt í því.“

Um atburði síðustu daga segist Ásrún vera undrandi eins og aðrir borgarbúar og landsmenn. „Maður veit ekki alveg í hvorn fótinn á að stíga. Ég þekki margt af þessu fólki í borgarstjórn, ég sat í menningarmálanefnd í fimmtán ár. Mér líkaði vel við alla enda eru menningarmálin þannig vaxin að flestir eru sammála um aðgerðir. Ég upplifði aldrei neinar deilur enda kennari til 25 ára. En það breyttist allt með oddvita Framsóknarflokksins í borginni.“

Ásrún kveðst þó ekki hafa yfirgefið leikvöll stjórnmálanna með neinum kala og kveðst reiðubúin til að axla ábyrgð ef kallið kemur. „Þótt ég hafi sagt skilið við Framsóknarflokkinn hef ég mikinn áhuga á að vinna fyrir borgina og skorast ekki undan ef til mín verður leitað.“

## SJÓNARHÓLL
NÝR BORGARMEIRIHLUTI

### *Þetta er alger farsi*



**BRYNJA MAGNÚSDÓTTIR** sjúkraliði

„Mér dettur helst í hug að nota slæma íslensku og segja „þetta er fokking djók“,“ segir Brynja Magnúsdóttir, sjúkraliði á Hólmavík, um nýjan meirihluta í Reykjavíkurborg. „Ég held að einhver verði að herða sig við höggmyndavinnuna ef þetta heldur svona áfram því það er víst gerð brjóstmynd af hverjum einasta borgarstjóra. Mér skilst að um daginn hafi verið unnið að höggmynd af Markúsi Erni svo það eru svolítið margir eftir og enn virðast þeir geta bæst við á næstunni.

„Þetta er alger farsi og ég velti því fyrir mér hvað Reykvíkingar séu með margar nefndir í gangi eftir þetta allt saman og hversu mikið þær kosta fyrir utan þau laun sem nú þarf að borga þremur borgarstjórum. Ég held að þeim peningum væri betur varið í geðheilbrigðisþjónustu, ekki veitir af.“

# Vilja vekja Íslendinga til vitundar um fíkniefnavanda

**„Við höfðum ferðast um heiminn og tekið þátt í fjölda hlaupa til að vekja athygli á því að það er hægt að komast út úr eiturlyfjafíkn. Á þessum ferðum heyrðum við að eiturlyfjavandi á Íslandi væri mjög alvarlegur og sérstaklega misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum,“ segir Paul Rood, hollenskur hlaupari sem hingað er kominn ásamt fleirum til að vekja fólk til umhugsunar um fíkniefni.**



**DENNIS OG ALICE** Vilja vekja Íslendinga til vitundar um fíkniefnavandann.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Paul lagði af stað hlaupandi frá Ráðhúsinu í fyrradag og ætlar að enda leið sína í Keflavík á sunnudag. Með honum í för er tvítug kona að nafni Alice Vennik en bæði hafa þau glímt við eiturlyfjafíkn. Alice var aðeins níu ára þegar hún byrjaði að neyta eiturlyfja, hún hefur nú verið edrú í þrjú ár og vill að annað fólk átti sig á því að það er leið út úr vandanum. Jafnframt vill hún vekja athygli fólks á því að stór hluti þeirrar barna sem nú eru að vaxa úr grasi er háður læknalyfjum að borð við rítalín.

„Okkur skilst að hvergi í heiminum sé börnum gefið jafn mikið og hér af lyfjum á borð við rítalín, jafnvel meira en heima í Bandaríkjunum. Íslendingar verða að velta því fyrir sér hvað þeir eru að gera kynslóðunum sem hér eiga eftir að taka við og því hvort ekki sé hægt að bregðast við vandanum með öðru móti en að ala upp lyfjafíkla,“ segir Dennis H. Clarke, meðferðarráðgjafi frá Narconon-samtökunum í Bandaríkjunum, sem er með Hollendingnum í för. Hann segist fullviss um að skortur á vítamíninu D3 sem myndast í húðinni vegna sólargeisla sé rótin að mikilli lyfjanotkun Íslendinga.

„Við viljum ekki predika yfir Íslendingum heldur aðeins vekja athygli þeirra á stöðunni og hvaða leiðir þeir geti notað til að losna út úr fíkninni,“ segir Dennis. Paul og Alice sóttu bæði meðferð hjá Narconon en þess má geta að L. Ron Hubbard, stofnandi Vísindakirkjunnar, var einn af stofnendum þess meðferðarúrræðis. Dennis tekur þó fram að meðferðin sé ekki byggð á trúarbrögðum Vísindakirkjunnar.

„Það er erfitt að losna við lyf úr líkamanum en okkar meðferð er árangursrík og gerir fráhvörfin léttari,“ segir Dennis og undir það taka þau Paul og Alice. Þeim sem vilja kynna sér meðferðina er bent á síðuna drugrehab.co.uk.




*Bóndadagsseðillinn er í boði 24.–27. janúar.

Gleðjum kallinn á bóndadaginn*
(ef'ann á það skilið)

Bóndadagsmatseðill:

Forréttur: Reykt önd á ávaxta-seljusalati með appelsínumauki

Milliréttur: Grilluð hörpuskel, tígrisrækja og kryddhjúpaður saltfiskur með Pernodsósu

Aðalréttur: Lambalund og nautalund með grilluðum humar og rótargrænmeti

Eftirréttur: Heit súkkulaðikaka og frosið Cappucchino



Þessi fjögurra rétta máltíð:
5.700 kr.
á mann

Flaska af völdu gæðarauðvíni
3.500 kr.
með bóndadagsseðli

Fjalakötturinn
www.fjalakotturinn.is

Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík

AWARD OF EXCELLENCE
Wine Spectator
Vínlisti Fjalakattarins hefur hlotið „Award of Excellence“ viðurkenningu Wine Spectator

Þar sem bær Ingólfs stóð



Fjalakötturinn er staðsettur í nýju húsi við Aðalstræti sem byggt var að fyrirmynd Fjalakattarhússins sögufræga. Gestir upplifa alvöru Reykjavíkurstemningu og fyrsta flokks veitingar.

Borðapantanir í síma 514 6060




**EDDA HEIÐRÚN Í SÚKKULAÐI OG RÓSUM** Fjölmargir hafa lagt leið sín til Eddu Heiðrúnu í Súkkulaði og rósir á Hverfisgötu en í dag verður þar heitt á könnunni eins og endranær. Þar verður nóg um sætindi svo konurnar ættu að finna eitthvað sem glatt gæti bóndann.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Bóndadagurinn í dag:

## Það þarf ekki allt að vera súrt

**FÓLK** Mikið verður um súrmat í dag, bóndadag. En ekki munu allir gleyma sætindunum. „Það má alveg gefa körlunum eitthvað sætt á þessum herrans degi,“ segir Edda Heiðrún Backman, sem rekur verslunina Súkkulaði og Rósir. „Það þarf ekki að vera súrt þó mér þyki nú súrmatur alveg ágætur.“

Edda Heiðrún hefur rekið verslunina í rúman mánuð og á þeim tíma hafa 15 manns komið þar inn á hjólastólum enda er aðgengið fyrir þá afar gott. „Við erum sennilega þeir einu í miðbænum sem erum með ramp. Svo getur fólk stuðst við handriði sem ég hef látið gera við en það var áður í Nýja bíói.“ -jse

42LC51

42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms




Verð áður 179.900

**149.900**

42PT85

42” Plasma Sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz




160 GB UPPTÖKU DISKUR

**189.900**

# ÚTSÖLULOK



**63.665**
Verð áður 74.900

GC379BLA
LG ísskápur
Hæð 185 cm
Breidd 60 cm



**67.425**
Verð áður 89.900

Manta 60 Vetro
Airone veggháfur



**63.675**
Verð áður 84.900

ITACA ISOLA 390
Airone eyjuháfur



**67.915**
Verð áður 79.900

GCB359BTQA
LG ísskápur
Hæð 170 cm
Breidd 60 cm



**76.415**
Verð áður 89.900

WD12400TDK
LG þvottvél
7kg
1200 snúningar



Útsöluverð
**38.900**

L-1036
Edesa þvottavél
6kg
1000 snúninga



FEA07C1X
PVL4DTCX
1CT130X
Pakkatilboð
Ofn, helluborð og gufugleypir

**89.900**
Verð áður 154.700



RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott




# Stórsýning á 2008 árgerðin







FLEETWOOD

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080037

www.ellingsen.is




# ni af Fleetwood-fellihýsum

Þeir sem staðfesta kaup á fellihýsi um helgina fá glæsilegt Coleman-ferðagasgrill í kaupbæti!



**Nú er rétti tíminn til að ganga frá pöntunum í ferðahýsi fyrir sumarið! Við sýnum allt það nýjasta í Fleetwood-fellihýsum, ásamt ýmsum aukabúnaði, að Fiskislóð 1.**

**Dana Gehman, sölu- og tæknistjóri hjá Fleetwood-verksmiðjunum, verður sérstakur gestur á sýningunni um helgina.**

**Við minnum á að við tökum gamla vagninn upp í nýjan. Líttu inn um helgina, heitt á könnunni og glaðningur fyrir börnin.**

Ellingsen

*– fullt hús ævintýra*

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16

Byltingarkennd nýjung í raforkuframleiðslu fyrir ferðavagna. KYNNING UM HELGINA!



## Svona erum við

> Fimm fámennustu trúfélögin árið 2007




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** DAVOS

## *Árviss fundahöld þeirra sem valdið hafa*

Í smábænum Davos austantil í svissnesku Ölpunum koma á hverju ári saman helstu leiðtogar heims jafnt í viðskiptum sem stjórnmálum. Nú í ár eru 2.500 manns mættir þangað til fundahaldanna, sem hófust á miðvikudaginn og standa fram á mánudag.

**Hvað gerist í Davos?**

Í Davos eru stanslaus fundahöld í fimm daga. Fluttir eru fyrirlestrar, efnt til umræðufunda og vinnufunda þar sem leiðtogar stærstu fyrirtækja heims hitta leiðtoga margra helstu ríkja heims, og einnig slást í hópinn listamenn, fræðimenn, trúarleiðtogar, verkalýðsleiðtogar og baráttufólk frá óháðum samtökum á borð við Greenpeace og Amnesty International. Stundum eru hátt í tíu fundir samtímis, þar sem fjallað er um mörg helstu vandamál heimsins, svo sem hryðjuverk, vatnsskort, hlýnun jarðar, átökin fyrir botni Miðjarðarhafs, og þar fram eftir götunum. Auk hinna eiginlegu fundahalda notar fólk tækifærið óspart til að mynda sambönd sem geta komið að góðu gagni síðar.

**Hverjir koma þangað?**

Meðal þeirra 2.500 þátttakenda sem sækja fundina í ár má nefna Condoleezzu Rice, Al Gore og Henry Kissinger frá Bandaríkjunum, Gordon Brown, David Cameron og Tony Blair frá Bretlandi, auðkýfingana George Soros og Bill Gates, rokkarana Bono og Peter Gabriel, svo aðeins fáeinir séu nefndir og ekki má gleyma Íslendingnum Björgólfi Thor Björgólfssyni.



**Hvað er gagnrýnt?**

Andstæðingar alþjóðavæðingar hafa árum saman harðlega gagnrýnt þessa árlegu fundi í Davos. Aðrir hafa hins vegar gagnrýnt fundahöldin fyrir að vera ómarkviss og þung í vöfum, stefnt sé alltof hátt og starfið skili jafnan litlum árangri.

**SPURT & SVARAÐ**

VEIKUR MEIRIHLUTI

## *Oddamaður veðurtepptur*



**ELLIÐI VIGNISSON** Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Sú staða sem komin er upp í borgarstjórn Reykjavíkur kom einnig upp í bæjarstjórn Vestmannaeyja á síðasta kjörtímabili. Þá voru Samfylking og Framsókn með eins manns meirihluta en eini fulltrúi framsóknarmanna naut ekki stuðnings annarra á listanum. Elliði Vignisson er fulltrúi sjálfstæðismanna og bæjarstjóri.

**Hvernig gekk samstarfið hjá meirihlutanum?** Til að byrja með gekk þetta vel en þegar á leið fór að halla undan fæti. Svo kom þó að það slitnaði upp úr þessu þó að ágæt sátt væri um málefnin. Hins vegar voru persónuleg mál erfiðari og það varð þeim að falli.

**Komst varamaðurinn einhvern tímann inn?** Það kom upp sú staða að fulltrúi framsóknarmanna varð veðurtepptur uppi á landi og þá var bæjarstjórnarfundi frestað með stuttum fyrirvara. Við sendum málið til félagsmálaráðuneytisins því lögin kveða skýrt á um það að í slíkum aðstæðum tekur varamaðurinn sætið. Álit félagsmálaráðuneytisins var þó á annan veg.

**Hefðuð þið reynt að fá varamann til að fella meirihlutann?** Nei, við litum aldrei svo á málin. Menn mega ekki gleyma því að embættin sem menn fara með eru mikilvægari en einstaklingarnir sem gegna þeim og það ber að gegna embættinu með það hugfast.

**Hefur þú einhverjar ráðleggingar fyrir Reykvíkinga?** Ég hef heyrt menn segja að þetta sé í eina skiptið sem þeir ættu ekki að taka Eyjamenn sér til fyrirmyndar.

# Ávinningur af samráði ótvíræður

**Matsskýrsla Gylfa Zoëga og Sveins Agnarssonar um álitamál vegna samráðs olíufélagana fyrir útboð Reykjavíkurborgar árið 1996, bendir til að ávinningur af samráðinu hafi numið allt að 200 milljónum á verðlagi dagsins í dag. Lögmenn olíufélaganna halda því að fram að tjónið hafi ekkert verið.**



**GÍSLI BALDUR GARÐARSSON** Gísli Baldur Garðarsson, stjórnarformaður og lögmaður Olís, sést hér koma út úr dómsal Héraðsdóms Reykjavíkur eftir að olíufélögin voru dæmd til greiðslu skaðabóta vegna samráðs fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar árið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samráð Skeljungs, Olís og Olíufélagsins, nú Kers, fyrir útboð á vegum Reykjavíkurborgar í október 1996 skilaði Skeljungi um 175 til 200 milljóna ávinningi að núvirði að því er fram kemur í matsskýrslu hagfræðingana Gylfa Zoëga og Sveins Agnarssonar.

Skýrslan, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er til athugunar hjá Hæstarétti en málflutningur í máli Reykjavíkurborgar, og fyrirtækja hennar, gegn olíufélögunum fer fram á miðvikudag. Málið er prófmál að því leyti að þetta er fyrsta skaðabótamálið sem kemur inn á borð Hæstaréttar sem tengist óumdeildu samráði olíufélaganna á árunum 1996 til og með meirihluta árs 2001.

Olíufélögin voru dæmd til greiðslu skaðabóta upp á rúmlega 72 milljónir, auk vaxta, í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. desember 2006 vegna samráðs fyrir útboðið 1996. Olíufélögin kærðu niðurstöðuna til Hæstaréttar og bera því við að málið sé vanreifað. Í málflutningi í héraði lagði lögmaður Skeljungs, Hörður Felix Harðarson, á það áherslu að það væri með öllu ósannað hvort samráðið hafi valdið tjóni.

**Grundvallarspurningar**

Lögmenn olíufélaganna lögðu á það áherslu í héraði að það væri grundvallargalli á málflutningi Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, lögmanns Reykjavíkurborgar, að matsmenn hefðu ekki verið kallaðir fyrir dóminn til þess að meta ávinninginn af samráðinu. Í kjölfar dómsins í héraðsdómi kallaði Vilhjálmur til matsmenn, Gylfa og Svein, til þess að fara í málið og svara þremur grundvallarspurningum.

*1. Hvað er líklegt að verið hefði lægsta tilboð matsþola til matsbeiðanda í september 1996, það er krónuverð á lítra af gasolíu og 95 okt. bensíni með virðisaukaskatti samkvæmt útboði matsbeiðanda dagsettu 3. júní 1996, ef matsþolar hefðu keppt um viðskiptin en ekki haft með sér samráð um tilboð sín?*

*2. Hver var fjárhagslegur heildarávinningur matsþola í krónum af samráði þeirra í fyrrnefndu útboði tímabilið október 1996 til og með desember 2001?*

*3. Breyttust einhverjar forsendur við verðmyndun á olíuvörum á milli útboðanna árið 1996 og 2001, sem geta gefið aðrar skýringar á þeim verðmuni sem var á milli lægstu tilboða, en það samráð sem fyrir liggur að matsþolar höfðu með sér?*

**VERÐTILBOÐ FÉLAGA ÁRIÐ 1996**

| | Verðlistaverð | Skeljungur | Olís | Olíufélagið, nú Ker |
|---|---|---|---|---|
| Gasolía | 29,4 | 24,09 | 24,19 | 24,15 |
| Bensín | 76,0 | 71,46 | 71,9 | 71,59 |
| Steinolía | 35,0 | 30,50 | 29,4 | 30,25 |

**Ávinningurinn aðalatriði**

Spurning tvö er lykilspurning hvað varðar álitamál þar sem deilt hefur verið um hvort ávinningur af samráðinu hafi einhver verið. Gylfi og Sveinn svara henni orðrétt svona: „Miðað við ofangreindar verðforsendur má gera ráð fyrir að heildarávinningur Skeljungs hf. af þeim viðskiptum sem hér um ræðir hafi verið 121,7 - 140,2 milljónir á verðlagi hvers árs, eða 174,5 - 201,7 milljónir á verðlagi í desember 2007.“

Matsmennirnir taka með þessu undir sjónarmið Reykjavíkurborgar og héraðsdóms.

Spurningu 1 svara Gylfi og Sveinn á þá leið að Skeljungur hefði að líkindum getað „boðið fyrirtækjum borgarinnar upp á 5,91 krónu lægra verð á hverjum lítra af 95 okt. bensíni og 3,93 króna lægra verð á hvern lítra af gasolíu“. Er sú ályktun meðal annars dregin af skiptingu framlegðar félaganna sín á milli, en samkomulag var um að það félag sem átti lægsta boð myndi greiða hinum hlutfall af framlegðinni.

Þriðja spurningin snýr að því hvort munur sé á útboðunum árið 1996, þegar samráð var fyrir hendi, og síðan 2001 þar sem sannað þykir að samráð hafi ekki átt sér stað. Svar Gylfa og Sveins er: „Lægri tilboð árið 2001, og einnig meiri mismunur á milli tilboða olíufélaganna þá en 1996, benda til þess að samráð hafi verið minna, jafnvel alls ekki til staðar. Vegna þess að umfang viðskipta við Reykjavíkurborg er að mestu óháð hagsveiflunni og fer þess í stað eftir skipulagi strætisvagnaþjónustu og annarrar þjónustu þá eiga þau ekki við í þessu tilviki að breytt staða efnahagsmála geti útskýrt lægri tilboð árið 2001. Hins vegar skal á það bent að þótt samráð eigi sér ekki stað þá geta tilboð breyst frá einu útboði til annars.“

Áhrif matsskýrslu Gylfa og Sveins á skaðabótamál sem bíða þess að vera tekin fyrir í héraðsdómi og Hæstarétti eru óljós þó telja megi líklegt að sækjendur í málum gegn olíufélögunum muni horfa til þessa mats sem rökstuðnings fyrir því að ávinningurinn af samráðinu hafi verið ótvíræður. Meðal mála sem ekki hafa enn verið tekin fyrir er skaðabótamál íslenska ríkisins gegn olíufélögunum vegna samráðs félagana fyrir útboð á vegum ríkisins.



**HÆSTIRÉTTUR** Óljóst er hvort matsskýrsla Gylfa Zoëga og Sveins Agnarssonar verður tekin til greina fyrir Hæstarétti þar sem hún er seint fram komin. Niðurstaða matsmanna þykir þó styrkja málflutning þeirra sem telja samráðið hafa valdið tjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTASKÝRING

MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is




Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

DÚNDUR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR

## - beint á gólf




## STURTUSKJÓL

í mörgum stærðum
30x220, 70x220, 80x220
100x220 og 110x220 sm

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

# HAFÐU ÞAÐ VANDAÐ OG FLOTTAST Í STURTUNNI!

## HEILIR STURTU KLEFAR

ÚR ÖRYGGISGLERI
ALLAN HRINGINN




**Kanntaður**
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




**Trapisulagaður**
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




**Rúnaður**
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn

VELDU ÞITT GLER EFTIR STÆRÐ



M32
10 mm öryggisgler

## GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

## GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




**198** kr/kg. áður 449 kr/kg.
Goða saltkjöt - ódýrt



**2.590** kr/kg.
Nautalund




**1.369** kr/kg. áður 1.825 kr/kg.
Helgarlamb m/ sólþurrk. tómötum




**699** kr/kg. áður 999 kr/kg.
Gæðafiskur bitafiskur 150 gr.




**299** kr/stk.
Gæðafiskur Hákarl 100 gr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 24. janúar til 27. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**2.170** kr/kg. áður 3.339 kr/kg.
KEA soðið hangilæri




**1.949** kr/kg. áður 2.998 kr/kg.
KEA soðin hangiframpartur




**396** kr/kg. áður 629 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir




**79** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Pepsi Max - 2 ltr.

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Pólitísk áhrif gagnbyltingarinnar í Reykjavík:

## Ekki er sopið kálið

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skammtímaáhrif af gagnbyltingunni í borgarstjórn Reykjavíkur eru um margt óljós. Skoðanakönnun Fréttablaðsins bendir til þess að nýi meirihlutinn hafi ekki sopið kálið þó að í ausuna sé komið. Að vísu er það svo, samkvæmt reynslu, að miklar skyndisveiflur í skoðanakönnunum segja sjaldnast fyrir um þróun til lengri tíma.

En af þessari könnun má hvað sem öðru líður draga þá ályktun að nýr meirihluti taki ekki stóra innistæðu með sér. Hann þarf nánast frá grunni að vinna til traustsins með störfum sínum. Um árangur hans og örlög verður því ekkert sagt fyrirfram.

Minnihlutaflokkarnir þrír njóta augljóslega verulegrar samúðar, að minnsta kosti eins og sakir standa. Hindrun þeirra á lýðræðislegum framgangi borgarstjórnarfundarins í gær verður á hinn bóginn að skoða sem eins konar smækkunarendingu á valdaferilinn, svo notað sé hófstillt orðalag.

Aðdragandinn að gagnbyltingunni er nánast sá sami og að októberbyltingunni á síðasta ári. Í báðum tilvikum bruggar eins fulltrúa flokkur samstarfsaðilum launráð. Í báðum tilvikum eru þau skýrð með ótta um að samstarfsaðilarnir hafi það sama í hyggju og kunni að verða á undan. Í báðum tilvikum hafa þeir sem hryggbrotnir voru sakað andstæðingana um að stjórnast af valdagræðgi einni saman. Niðurstaðan er sú að í báðum tilvikum hefur í raun skort á nægjanlegt traust milli þeirra sem unnu saman.

Októberbyltingin spratt upp af stærri rót sem var REI-málið. Rótin að gagnbyltingunni liggur sennilega í því að fráfarandi meirihluti náði ekki á þremur mánuðum að binda samstarfið formlega saman með málefnaskrá. Fráfarandi forseti borgarstjórnar gat því staðhæft að hans málefni hefðu ekki fengið að njóta sín sem skyldi í samstarfinu. Samstarfsflokkarnir höfðu engin handföst rök til að andmæla því.

Áhrif gagnbyltingarinnar til lengri tíma eru að sumu leyti skýrari en skammtímaáhrifin. Samfylkingin er nú orðin miðjuflokkur sem þarf að verja pólitísk landamæri bæði til hægri og vinstri. Það er vandi hennar í pólitísku samstarfi með sama hætti og að öllu jöfnu má segja um miðjuflokka.

Þvert á það sem almennt var sagt um októberbyltinguna hafði hún í þessu ljósi jákvæð áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið. Meirihluti Samfylkingar með Vinstri grænu í borgarstjórn auðveldaði forystunni að verja ríkisstjórnarsamstarfið við Sjálfstæðisflokkinn gagnvart vinstri jaðri flokksins. Gagnbyltingin getur þar á móti gert vinstri jaðar Samfylkingarinnar óstöðugri og samviskuveikari þegar fram í sækir með tilliti til stjórnarsamstarfsins.

Við síðustu borgarstjórnarkosningar gerðist það í fyrsta skipti í sögunni að kjósendur höfðu ekki tvo skýra meirihlutakosti að velja á milli. Allir möguleikar voru opnir í þeim efnum. Þó að það sé ekki afsökun fyrir þremur meirihlutamyndunum má ef til vill að einhverju leyti rekja þær til þessarar stöðu sem aldrei áður hafði verið uppi.

Margt bendir til að gagnbyltingin muni hafa í för með sér að minnihlutaflokkarnir þrír gangi til næstu kosninga með fyrirfram samkomulag af einhverju tagi um meirihlutasamvinnu. Langtímaáhrif hennar geta því leitt til þess að sú staða komi upp á ný að kjósendur í Reykjavík eigi þess kost að kjósa milli tveggja skýrra kosta um meirihluta. Það yrði alltént lýðræðislegur afturbati.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera bæta íslenskt samfélag, einstaklingar og félagasamtök sem eru öðrum fyrirmynd með framlagi sínu.

Lesendur Fréttablaðisns eru hvattir til að senda in tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Tilnefningar má senda á visir.is/samfelagsverdlaun eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is.
Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jón Kristinn aftur?

Einn af samkvæmisleikjunum sem farið er í þegar nýr borgarstjóri, eða ráðherra, tekur við er að finna nýjan aðstoðarmann. Þegar Dagur B. Eggertsson varð borgarstjóri lá það nokkuð ljóst fyrir að Guðmundur Steingrímsson yrði hans hægri hönd.

Ekki virðist alveg eins ljóst hver muni fá það hlutverk að aðstoða Ólaf. Þó hafa tveir frjálslyndir reynt að skrifa sig í hlutverkið frá því á mánudag. Annar þeirra er fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins, Sigurjón Þórðarson. Hinn er formaður ungliðahreyfingar Frjálslynda flokksins, Viðar Helgi Guðjohnsen. Báðir hafa lofað Ólaf í hástert að undanförnu á heimasíðum sínum. Einn maður gæti þó komið á óvart, en Jón Kristinn Snæhólm birtist óvænt meðal borgarfulltrúa í gær. Hann hefur að minnsta kosti reynslu af því að vera aðstoðarmaður borgarstjóra, þótt skiptar meiningar séu um hversu vel hann stóð sig á þeim tíma.



### Kominn með vinnu?

Það kom mörgum í opna skjöldu í fyrrinótt þegar Björn Ingi Hrafnsson birti yfirlýsingu þess efnis að hann væri hættur sem borgarfulltrúi. Flestir tóku þó ekki eftir því fyrr en í gærmorgun, en fréttir gærdagsins snerust nær eingöngu um borgarmál, þar á meðal brotthvarf Björns Inga.

Áður en meirihlutinn féll í október var um það slúðrað að verið væri að mynda nýjan meirihluta – án Framsóknarflokks. Sögunum fylgdi að ef svo færi myndi Björn Ingi hætta í pólitík og væri kominn með vinnu hjá vini sínum Árna Magnússyni hjá Glitni. Eftir ummæli Guðjóns Ólafs um Björn Inga og að Árni Magnússon væri einnig með hnífaförin í bakinu eftir Björn er hins vegar varla vitað hvað eigi að halda. Ef Björn fer eftir allt saman til Glitnis og Árna er því hægt að túlka það sem svo að yfirlýsingar Guðjóns hafi eitthvað verið orðum auknar.



svanborg@frettabladid.is

## Um vandaða stjórnarhætti



SIGURÐUR LÍNDAL

Í DAG | Skipun héraðsdómara

Athyglisvert hefur verið að fylgjast með því hvernig brugðizt hefur verið við skipun dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands.

### Dómnefnd tekur sér vald

Árni Mathiesen hefur hvað eftir annað haldið því fram að dómnefndin sé að taka sér vald sem hún hafi ekki; mörg dæmi séu um að vikið hafi verið frá áliti nefndar og gildi þá einu máli hversu mikill munur sé á áliti hennar og niðurstöðu ráðherra. – Þetta er rangt. Einsdæmi er að álit dómnefndar hafi verið hundsað jafn gróflega og gert hafi verið í þessu tilfelli. Ráðherra ber skylda til að rökstyðja þessa fullyrðingu sína með því að rekja hvernig staðið hafi verið að embættisskipan undangengin 16 ár.

Birgir Ármannsson kemur ráðherra til fulltingis og fullyrðir, að því hafi hvað eftir annað verið haldið fram að ráðherra væri bundinn af niðurstöðum nefndarinnar. Dómnefndin hefur ekki haldið þessu fram og ekki hef ég sagt þetta. Hverjir eru þeir sem hafa hvað eftir annað haldið þessu fram? Hið rétta er að svigrúm ráðherra er hins vegar bundið við efnisreglur stjórnsýsluréttarins sem í þessu samhengi taka mið af viðteknum sjónarmiðum sem dómnefndinni er sérstaklega ætlað að standa vörð um og ráðherra hundsar hér algerlega að því er virðist.

### Andmælaréttur

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 693/1999 segir að dómnefnd skuli senda dómsmálaráðherra umsögn sína ásamt gögnum þegar hún hefur lokið störfum. Þessu næst skal dómsmálaráðherra kynna hverjum umsækjanda álit dómnefndar um hann sjálfan og gefa honum kost á að gera skriflegar athugasemdir. Ef ráðherra berast slíkar athugasemdir skulu þær bornar undir dómnefndina. – Ráðherra hefur fundið umsögn dómnefndar flest til foráttu, gallar verið á umsögn hennar, hún verið ógagnsæ og lítt rökstudd, innra ósamræmis hafi gætt við mat á reynslu sem hin ýmsu störf gefa.

Nú hlýtur að mega spyrja: Gerði sá sem skipaður var athugasemdir? Ef ekki, hefur hann ekki talið neina ágalla á umsögn nefndarinnar og samþykkt hana í reynd. Hvers vegna er ráðherra að taka fram fyrir hendur honum? Hér stendur upp á ráðherra að gefa skýringar.

### Rannsóknarskylda

Í 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir þetta:

Stjórnvald [hér settur dómsmálaráðherra] skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Ráðherra leggur áherzlu á sjálfstæði sitt til að taka ákvarðanir eftir eigin sannfæringu; honum beri skylda til að hafa skoðun á umsögn nefndarinnar og fara eftir eigin mati við skipun í embættið. – Hér er því ekki gaumur gefinn að valdi ráðherra eru þau takmörk sett að hann verður að gæta rannsóknarskyldu sinnar áður en ákvörðun er tekin. Þessi skylda er enn ríkari þegar haft er í huga að ráðherra gengur þvert gegn áliti lögskipaðrar nefndar. Ef marka má ummæli hans í Kastljóssþætti í sjónvarpinu að kvöldi 15. janúar sl. bendir ekkert til þess að hann hafi rækt þessa skyldu, þ.e. að hafa leitað skýringa hjá nefndinni, hvers vegna þeim sem embættið hlaut hafi verið skipað jafn neðarlega og gert var.

*Skoðun ráðherra er sú, að starf pólitísks aðstoðarmanns dómsmálaráðherra eigi að vega þyngst við skipun í dómarastarf. Er það til þess fallið að styrkja sjálfstæði dómstóla og auka traust almennings á að dómarar séu óháðir framkvæmdarvaldinu?*

### Málefnaleg sjónarmið

Ráðherra hefur haldið því fram að gætt hafi verið málefnalegra sjónarmiða og undir það tekur Birgir Ármannsson. Í rökstuðningi ráðherra fyrir skipun dómararans „að fjölbreytt reynsla Þorsteins og þekking, ekki sízt vegna starfa hans sem aðstoðarmaður Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra, um rúmlega 4 ára skeið geri hann hæfastan umsækjenda um embætti dómara“.

Nú var megintilgangurinn með því að setja í lög nr. 92/1989 ákvæði um dómnefnd sem síðan voru sett í dómstólalög nr. 15/1998 að styrkja sjálfstæði dómstóla og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdarvalds. Þetta var gert vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem niðurstaðan var, að ekki væri nægilega greint milli dómsvalds og framkvæmdarvald í héraði. Auk þess átti nefndin að vera hvatning til lögfræðinga sem hygðu á dómsstörf að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði.

Skoðun ráðherra er sú, að starf pólitísks aðstoðarmanns dómsmálaráðherra eigi að vega þyngst við skipun í dómarastarf. Er það til þess fallið að styrkja sjálfstæði dómstóla og auka traust almennings á að dómarar séu óháðir framkvæmdarvaldinu?

Hér er álitaefnið hvert sé svigrúm ráðherra til að velja sér sjónarmið eftir því hvað hentar hverju sinni. Áherzla ráðherrans er nú á aðstoðarmennsku við dómsmálaráðherra, en hún hefur ekki alltaf dugað, í annan stað hefur lögmannsreynsla verið talin ráða úrslitum, en ekki kom hún nú að haldi og loks hefur prófritgerð í Evrópurétti verið talin mikilvægast innlegg, en nú skipta tvær meistaragráður í alþjóðalögum engu máli.

### Ráðherraræði

Ítrekað heyrast raddir um að Alþingi hafi ekki þá stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu sem það eigi að hafa samkvæmt stjórnskipan landsins. Í stað þess að vera yfir framkvæmdarvaldinu sé það í reynd undir það gefið – jafnvel falla orð um að í reynd sé það lítið annað en afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn. Og nú seilist framkvæmdarvaldið sífellt meira inn á svið dómsvaldsins. Með síðustu skipan hefur verið gengið lengra en áður eru fordæmi fyrir og málsvörn aldrei verið aumlegri; hún hefur einkennzt af illyrðum, útúrsnúningum og hálfsannindum, jafnvel beinum rangfærslum. Með því hafa þeir sjálfstæðismenn sem harðast hafa gengið fram í að verja gerðir ráðherra fellt á sig sterkan grun um að áhuginn sé meiri á eigin frama en á skaplegum stjórnarháttum og greiðasti vegurinn sé þá að hlýða valdboðum og verja vafasama gerninga.

*Höfundur er lagaprófessor.*

Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið



















María segir ferskt kóríander gefa kjötbollunum sérstaklega gott bragð. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Kókos og kóríander

***Leikkonan María Pálsdóttir æfir stíft fyrir hlutverk sitt í leikritinu Höllu og Kára sem verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu á laugardaginn en þess á milli sér hún um börn og buru og kemur næringu í heimilisfólkið.***

„Ég hugsa að ég sjái að mestu leyti um matseldina á heimilinu en maðurinn minn gengur þó í verkin þegar þess þarf og á sín sérsvið eins og lasagna,“ segir María. „Ég get ekki sagt að ég hafi sérstakt yndi af matargerð en mig langar að fíla þetta í ræmur og geri það alveg þegar ég gef mér tíma. Yfirleitt er ég þó á svo miklum handahlaupum að þetta snýst bara um að fá næringu í kroppinn.“

María ákvað að deila fljótlegum en um leið ljúffengum kjötbollum með lesendum. „Þessi uppskrift er úr sænskri matreiðslubók sem ég keypti þegar ég var búsett þar í landi og heitir hún „Altid hungrig“, eða „Alltaf svöng“. Þetta eru því sænskar kjötbollur en ég kalla þær reyndar grískar,“ segir María.

Hún er svo hrifin af bollunum að hún segist yfirleitt gera þrefalda uppskrift og frysta afganginn. Sérstaklega ef hún kemst yfir lambahakk sem er ekki alltaf til. Í bollunum er kóríander, kókos og fetaostur og hefur María límónusósu og hýðishrísgrjón með. „Þetta er réttur sem klikkar aldrei, hvort sem er í veislum eða hversdags.“

En aftur að leikritinu. Það er að sögn Maríu rammpólitískur kolsvartur gamanleikur. „Við erum að endurspegla íslensku þjóðarsálina og bregðum eflaust upp dálítið dökkri mynd. Við fjöllum um neyslukapphlaupið, græðgina, afstöðuna til útlendinga og margt fleira. Ég held að leikritið eigi fullt erindi og veki fólk til umhugsunar.“ Uppskrift Maríu að kjötbollunum má finna á síðu 3.

*vera@frettabladid.is*




**Harðfiskur** er hollt og gott nasl og þykir flestum hann bragðgóður, sér í lagi með smjöri. Nú þegar þorrinn gengur í garð geta flestir nartað í harðfiskinn þó svo að þorramaturinn heilli ekki alla.














Hér eru nokkrir þeirra rétta sem Áslaug ber fram á þorranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Minn þorri er ekki súr

***Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og vert í Pikknikk á Grandagarði 8, ætlar að gleðja sína uppáhaldskarlmenn í húsinu á bóndadag með þjóðlegum mat og meðlæti í lit ásamt hressandi tónlist.***

„Minn þorri er ekki súr," segir Áslaug, sem hefur sínar aðferðir þegar hún býður til þorramatarveislu. Byrjar á að fylla öll ílát af túlípönum og rósum og bjóða upp á fordrykk undir valsi númer tvö eftir Sjostakovits, harðfisk með rauðrófusmjöri sem skolað er niður með ísköldu Reykavodka í staupi á fæti.

**Rauðrófusmjör**
Volgt smjör er maukað með jafnmiklu af soðnum rauðrófum. Grófu salti bætt út í. Sett í glas og kælt smá stund.

Meðal þess sem er á borðum er steiktur blóðmör með avókadóstöppu og ertumauki. Hann skal etinn með rauðum martíní með nýpressuðum greipávexti og fljótandi kokkteilberi. Raggi Bjarna á fóninn en líka mætti spila Brigitte Bardot.

**Avókadóstappa**
Avókadó er stappað saman við hvítlauk, salt og sítrónu og chili fyrir suma.

**Ertumauk**
Frosnar ertur, hvítlaukur, hvítvín og fersk mynta er maukað í blandara. (Þessi færir manni fallegar sumarminningar, svo fagurgræn er hún.)

Svið með rófustöppu, gulrótarstöppu, sellerírótarstöppu, sætkartöflustöppu og hvítlaukshræru eru meðal rétta. Kindinni er dýft í mismunandi mauk og hlýtt á Shanghai-dívurnar. Rándýrt Bordeaux-vín drukkið með.

Ræturnar eru skornar í bita og soðnar mjúkar í vatni. Sellerírótin er soðin í rjóma með hvítlauk og rósmaríni, (áhrif frá Sæma á Næstu grösum). Gulræturnar eru stappaðar og smjöri og múskati bætt út í, (áhrif frá Jóni Kaldal). Rifinn parmesan-ostur út í rófustöppuna en sætkartöflumúsina væri synd að reyna að bragðbæta. Hvítlauksstappan bragðast vel með hverju sem er.

**Hvítlauksstappa**
Fullt af hvítlauksgeirum er soðið í miklu af rjóma og nokkrum dropum af sítrónusafa. Stappað saman þegar laukarnir eru mjúkir.



Áslaug fyllir öll ílát af túlípönum og rósum.

Hákarl er í eftirrétt fyrir heilabúið og jafnvel marengsský með þeyttum rjóma, skrautsykri og fjólu fyrir andann. Nokkur spor eru tekin við Strauss og svifið inn í nóttina.

*gun@frettabladid.is*




Sérstakur þorrabjór er bruggaður á Íslandi.

# Hlýja í kroppinn

***Hákarl, hrútspungar og svið finnst mörgum ómissandi, ef ekki undirstaðan í þeim veisluhöldum sem skapast í kringum þorrann. Þá þykir ekki verra að skvetta í sig nokkrum sopum af ísköldu brennivíni, hvað þá að renna matnum niður með ljúffengum bjór til að skapa réttu stemninguna.***

Fæstir Íslendingar fúlsa við góðum bjór á þorranum, sem er kannski ekki skrítið í ljósi þess að hann ber upp á einum kaldasta og erfiðasta tíma ársins. Mörgum finnst því tilvalið að fá sér aðeins í tána, bæði til að létta lundina og hleypa smá hlýju í kroppinn á meðan kuldaboli knýr dyra.

Íslensk fyrirtæki hafa séð sér leik á borði og framleiða sérstakan bjór í tilefni af þorranum. Ölgerðin bruggar sérstakan þorrabjór, svokallaðan Egils þorrabjór. Hefur þessi bjór notið mikilla vinsælda um nokkurra ára skeið, alveg frá því að hann kom fyrst á markað árið 2003.

Þá hefur Bruggsmiðjan fyrir norðan blandað sér í slaginn með því að hefja framleiðslu á nýjum þorrabjór sem gengur undir heitinu Þorra-Kaldi og menn binda miklar vonir við. Þorra-Kaldi er dekkri og fyllri en ljósi bjórinn sem fyrirtækið framleiðir og sagður hafa mælst vel fyrir hjá þeim sem hafa smakkað hann. *- rve*

## Uppskrift Maríu

### Grískar kjötbollur;

500 g lambahakk
1 stór laukur
1/2 chilli
1 búnt kóríander
3 egg
1 matskeið sojasósa
1 dl kókosmjöl
200 g fetaostur
sjávarsalt
nýmalaður pipar
ólífuolía til steikingar

**Aðferð:**
Laukur, chilli og kóríander fínhakkað og blandað saman við hakk, egg, soja, kókos, salt og pipar. Fetaostinum síðast bætt út í.
Eins er hægt að setja allt saman í matvinnsluvél. Litlar bollur formaðar og steiktar í gegn upp úr ólífuolíu.

**Límónusósa**
2 límóna
3 dl jógúrt
sjávarsalt

**Aðferð:**
Börkur af límónu rifinn út í jógúrtina og safinn kreistur yfir. Saltað eftir smekk.


RÉTTA GJÖFIN FYRIR BÓNDANN
RÉTTA STEMMNINGIN
RÉTTU HANDTÖKIN
RÉTTU GRÆJURNAR




Bókin ELDAÐU MAÐUR! gleður karlmannshjartað.

- Ljúffengar sælkerauppskriftir
- Kjöt, fiskur, pasta, grænmeti
- Forréttir, aðalréttir, eftirréttir
- Listin að velja, skera og skreyta



Thomas Möller veit hvað hann eldar:
Uppskriftabók fyrir íslenska karlmenn sem vilja láta að sér kveða í eldhúsinu.

Salka/GBÓ
Salka www.Salka.is






Allt fyrir kælingu, frystingu og meira til fyrir matvæla og veitingamarkaðinn
Kælitækni



Vita-Mix

Alvöru blandari í matargerðina og heilsudrykkina.

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Býr til heita súpu og ís
Hraðastillir
**Lífstíðareign!**





**Verð kr. 53.974**
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir

S. 440-1800 www.kælitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...



PRÓTÍNBOMBUR!




Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

BÓNUS

Fæst í Bónus

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

# SiRKUS




25. JANÚAR 2008 ■ Nýi borgarstjórinn flytur ■ Ævintýra-spa á Álftanesi ■ Guðrún Gunnars og fataskápurinn ...

# fréttir

## Heyrst hefur

### Klingenberg klikkar ekki



Þegar Dagur B. Eggertsson tók við sem borgarstjóri spáði Sigríður Klingenberg fyrir honum í Sirkus. Það hefði líklega engan grunað hvað væri í vændum en frú Klingenberg sagði þetta um Dag: „Hann þarf hins vegar að vera á verði því stundum er ekki allt eins og það sýnist og hún er ekki einleikin vitleysan í kringum pólitíkina í borgarstjórn. Dagur þarf að muna að taka mikið af hákarlalýsi þegar hann vaknar á morgnana til að vera vel varinn fyrir veseninu í borgarstjórn því það er rétt að byrja. Hann verður að vera tilbúinn í slaginn og ávallt viðbúinn því reynt verður að saga lappirnar undan borgarstjórastólnum hjá honum."



SiRKUS
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
**Bergþóra Magnúsdóttir**
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Eyþór
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



**VEIKINDI SETJA STRIK Í REIKNINGINN**
Björk frestaði í gær tónleikum sínum á tónlistarhátíðinni Big Day Out í Ástralíu sökum veikinda.

# Þyrnum stráð ferðalag Bjarkar um Eyjaálfu

Í gær var tilkynnt að Björk hefði hætt við tónleika sína á tónlistarhátíðinni Big Day Out vegna veikinda. Í yfirlýsingu sem tónleikahaldarar sendu frá sér kemur fram að læknir hafi ráðlagt íslensku söngkonunni að hvíla raddböndin vegna of mikils álags að undanförnu, en Björk hefur verið á stanslausu tónleikaferðalagi í tæpt ár við að kynna nýju plötuna sína Volta. „Okkur þykir þetta leitt en ákvörðunin er tekin í samráði við lækna eftir tónleika hennar við Óperuhúsið í Sydney," segir í yfirlýsingu frá aðstandendum Big Day Out en samkvæmt bloggsíðu Jónasar Sen var baulað á Björk á meðan tónleikar hennar stóðu fyrir framan Óperuhúsið í Sydney og er talið að þar hafi verið að verki aðdáendur Rage Against the Machine.

Ferðalag Bjarkar til Ástralíu og Nýja-Sjálands hefur verið töluvert í fréttum hér á landi. Strax eftir áramót birtust uppblásnar vodkadrykkjusögur af söngkonunni þar sem hún var hafa sögð að afi hennar og amma drykkju lítra af vodka á hverjum föstudegi. Fréttirnar fóru töluvert fyrir brjóstið á Íslendingum og faðir Bjarkar, Guðmundur Gunnarsson, sagði fréttirnar vera með öllu tilhæfulausar og að þær hefðu móðgað háaldraða foreldra hans. En þar með var ekki allt búið enn.

Ljósmyndarinn Glenn Jeffrey fékk að finna til tevatnsins á Auckland-flugvellinum á Nýja-Sjálandi þegar hann reyndi að taka myndir af henni og framkvæmdastjóra tónleikaferðalagsins. Einar Örn Benediktsson, talsmaður Bjarkar hér á landi, sakaði ljósmyndarann um að hafa reynt að króa þau af. Jeffrey lýsti því yfir í samtali við fjölmiðla á Nýja-Sjálandi að hann hefði einungis verið að sinna sínu starfi.

En Björk er ekki af baki dottin þótt hún hafi þurft að fresta tónleikum sínum í Ástralíu því hún mun væntanlega halda til Peking í Kína þar sem tónleikaferðalaginu verður haldið áfram í mars. - fgg



**TIL KÍNA**
Björk mun halda tónleika í Kína í mars.

## borgin mín

**Lára Sveinsdóttir**
**leikkona**
**REYKJAVÍK**



**MORGUNMATURINN:** Hafragrautur og lýsi.

**SKYNDIBITINN:** Pylsa með öllu nema hráum.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Kolaportið.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Pilates hjá Ástrós og sund í Vesturbæjarlauginni.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Við Tjörnina.

**BEST VIÐ BORGINA:** Stutt í allt.





# Borgarstjórinn flytur



Það eru miklar breytingar á lífi Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. Ekki er nóg með að hann sé kominn með nýja vinnu heldur hyggst hann flytja. Einbýlishús hans við Vogaland 5 í Reykjavík hefur verið til sölu í töluverðan tíma en það er 339 fermetrar að stærð. Vogalandið er ekki verðlagt í auglýsingunni en miðað við fasteignaverð í hverfinu ætti húsið að kosta vel yfir 100 milljónir króna. Húsið er sérlega vandað og stendur mjög nálægt Víkingsheimilinu. Það er á tveimur hæðum. Í auglýsingu á fasteignavefnum segir að húsið sé hentugt fyrir stóra fjölskyldu. Ólafur hefur búið í Fossvoginum í mörg ár en hann var einn af þeim sem mótmæltu hvað hæst þegar sú tillaga kom upp að setja veg í gegnum Fossvogsdalinn enda vildi hann ekki láta eyðileggja hverfið sitt með bílaumferð. Sálfræðingar segja að mestu streituvaldar í lífi fólks séu að skilja, skipta um vinnu og flytja. Ólafur ætti því að fara hægt í sakirnar og gæta að sér eftir orrahríð síðustu daga.




# X og W -fyrir kröfuharða

X3500 og W3000 háskerpu LCD sjónvörpin bera af í myndgæðum.
Upplifðu Sony BRAVIA LCD sjónvörpin í Sony Center.



Sony X3500 BRAVIA LCD sjónvarp
Fást í 40, 46 og 52 tommum

Full HD 1080p upplausn • 100hz Motionflow
BRAVIA Engine Pro myndstýring • x.v.Colour
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

"besta sjónvarp sem við höfum prófað" - HDTVtest.co.uk



Sony W3000 BRAVIA LCD sjónvarp
Fást í 40 og 46 tommum

Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine Ex myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

"einungis X3500 toppar þetta" - HDTVtest.co.uk

www.sonycenter.is

Kringlan
103 Reykjavík

588-7669 (588-SONY)
info@sonycenter.is

Sony Center

REISTU TAÍLENSKT BAÐHÚS

# ALSÆLA Á ÁLFTANESINU

„Við hjónin höfum rekið veitingahúsið Gullna hliðið heima í sólstofunni hjá okkur í rúm fimm ár þar sem áherslan er lögð á taílenskan mat. Fyrir tæpum tveimur árum ákváðum við að færa út kvíarnar og hófum að byggja baðhúsið sem við opnuðum fyrir mánuði síðan,“ segir Bogi Jónsson en hann rekur veitingahúsið og baðhúsið Alsælu ásamt eiginkonu sinni, Narumon Sawangjaitham. Veitingahúsið Gullna hliðið hefur notið mikilla vinsælda og er núna uppbókað öll föstudags- og laugardagskvöld fram í ágúst en veitingahúsið er opið öll kvöld vikunnar, „Ég kynntist konunni minni, Narumon, í Taílandi fyrir 20 árum, við giftum okkur og í kjölfarið flutti hún til Íslands. Eftir að hafa kynnst Taílandi fannst mér það skylda mín að gefa Íslendingum nasaþef af menningu þeirra,“ segir Bogi en þau hjónin ráku um skeið taílenskan skyndibitastað, Thailand, sem staðsettur var á Laugavegi og seinna meir uppi á Höfða en meðfram veitinga-rekstrinum ráku þau verslun með taílenskri sérvöru. Framkvæmdagleðin reyndist þó hjónunum dýrkeypt og árið 1996 þurftu þau að selja allt sitt til að eiga fyrir skuldum. Þau sögðu skilið við veitingareksturinn í bili og tóku sér á leigu Hlið á Áltanesi sem var þá eyðibýli og gerðu það íbúðarhæft en árið 2005 keyptu þau húsið og lóðina, þar sem Bogi reisti baðhúsið. „Það var gamalt bátaskýli á landinu þar sem baðstofan er í dag. Ég reif skýlið niður en byggði það aftur í sömu ásýnd að utanverðu en innréttaði húsnæðið að innan með asísku þema, þar sem taílenskar baðstofur voru hafðar að leiðarljósi,“ segir þúsundþjalasmiðurinn Bogi sem hefur séð um byggingaframkvæmdir baðhússins frá A-Ö en núna er hann á fullu við að reisa fjögurra bursta torfbæ á lóðinni þangað sem fjölskyldan og veitingahúsið munu flytja. „Baðhúsið sjálft var tilbúið fyrir ári síðan en það tók okkur árið að fá réttindi og leyfi í gegn fyrir reksturinn. Taílensku baðhúsin eru stór hluti af menningunni þar ytra og því langaði okkur að opna eitt slíkt hér en við leggjum ríka áherslu á að bjóða upp á fyrsta flokks taílenskt nudd,“ bætir Bogi við en auk nuddsins bjóða þau upp á jurtagufubað og heitan sjópott en sjópotturinn er uppi á þaki baðstofunnar þar sem hægt er að njóta útsýnisins og kyrrðarinnar, en Hliði er út á tanga á Álftanesi. „Í öllum þeim hraða og erli sem við búum í er mikilvægt að fólk geti slakað á og hvílt sig. Það þarf hver og einn að fá tækifæri til þess að komast í tengsl við sjálfan sig og njóta innri friðar en það er einmitt hugmyndin með baðstofunni,“ segir Bogi að lokum. *Bergthora@frettabladid.is*



ÞÚSUNDÞJALA-SMIÐURINN BOGI OG EIGINKONA HANS, NARUMON.



EINS OG ÆVINTÝRI Bogi og Narumon hafa innréttað baðhúsið þar sem notalegt og hlýlegt andrúmsloft er haft í hávegum.



Í ALSÆLUNNI Bogi í heita sjópottinum sem er uppi á þaki á baðhúsinu.


# Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 2 | Villi Vill | ↑ | Myndin af þér |
| 3 | Hjálmar | ↓ | Ferðasót |
| 4 | Páll Óskar | – | Allt fyrir ástina |
| 5 | Radiohead | ↑ | In Rainbows |
| 6 | Hjaltalín | ↑ | Hjaltalín |
| 7 | Ýmsir | ↑ | Pottþétt 45 |
| 8 | Creedence Clearwater R | ↓ | Chronicle: 20 Greatest Hits |
| 9 | Ellen Kristjánsdóttir | ↑ | Einhversstaðar einhverntíma |
| 10 | Eagles | ↓ | Long Road Out Of Eden |
| 11 | Gus Gus | ↑ | Forever |
| 12 | Led Zeppelin | ↓ | Mothership |
| 13 | Johnny Cash | ↑ | Ring Of Fire |
| 14 | Sprengjuhöllin | ↓ | Tímarnir okkar |
| 15 | Cat Stevens | ↑ | The Very Best Of |
| 16 | Ný Dönsk | A | Best Of 1980-1990 |
| 17 | Einar Scheving | ↓ | Cycles |
| 18 | Bloodgroup | A | Sticky Situation |
| 19 | Ýmsir | A | 100 íslensk barnalög |
| 20 | Ýmsir | A | Number Ones |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Astrópía |
| 2 | Næturvaktin |
| 3 | I Now Pron. You Chuck & Larry |
| 4 | Disturbia |
| 5 | Bourne Ultimatum |
| 6 | Top Gear |
| 7 | High School Musical 1 |
| 8 | Secret |
| 9 | Mýrin |
| 10 | High School Musical 2 |
| 11 | Meet the Robinsons |
| 12 | Grettir í Raun |
| 13 | Doddi |
| 14 | Hákarlabeita |
| 15 | Harry Potter the Order of Pho |
| 16 | Mr. Brooks |
| 17 | Hairspray |
| 18 | Knocked Up |
| 19 | Bratz the Movie |
| 20 | Köld Slóð |


1


2


9


13


16


19

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn gildir 25. jan til 1. feb 2008

S·K·Í·F·A·N

húsgögn / ljós / gjafir

# nýjungar í exó




ARKETIPO

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is



BRÖNDUKÁPA Þessi kápa kemur úr klæðaskáp ömmu hennar. Kápan er í senn dramatísk og glæsileg.



Í ANDA PRETTY WOMAN Guðrún féll fyrir þessum stígvélum á dögunum en þau eru frá hinni ítölsku Prödu og fást hjá Sævari Karli.



Í SELSKINNSPELSI Húfan kemur úr klæðaskáp móður hennar en selskinnspelsinn er hún búin að eiga í mörg ár. Ef hún hefði ekki átt þetta dress hefði hún orðið úti þegar hún bjó í París, það verður svo kalt þar á veturna. Guðrún segir að pelsinn hafi líka skapað góða stemningu því það hafi allir viljað tala við hana þegar hún klæddist honum í París og helst viljað klappa honum.

GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR, VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR OG STARFSMAÐUR HJÁ SÆVARI KARLI, Á SÉRLEGA VANDAÐAN OG ELEGANT FATASKÁP. HÚN ER UNDIR MIKLUM PARÍSARÁHRIFUM EN HÚN HEFUR VERIÐ MEÐ ANNAN FÓTINN Í TÍSKUBORGINNI UNDANFARIN ÁR.

# Glæsileg og geislandi

**Hverju kaupir þú mest af?** „Einu sinni bjó ég í mjög litlu stúdíói í Latínuhverfi Parísar. Eldhúsið var inni í skáp og fötin falin í speglaskáp á baðinu. Þetta var bóhemlíf. Leigan var há, alveg í stíl við verð á tískufatnaði. Þá ákvað ég að eyða frekar í fátt gott en mikið ódýrt. Helst sökum plássleysis. Núna þegar eldhúsið er loks komið út úr skápnum, held ég mig enn við þetta. Eins hefur amma mín gefið mér mikið af fallegum flíkum af sér og þær held ég mjög upp á. Ég á því nóg en læt stundum undan freistingum hjá Sævari Karli, enda til þess gerðar."

**Hvaðan er fataáhuginn kominn, ertu alin upp við pjatt?** „Frá ömmu Þóru. Hún hefur kennt mér margt um fatnað, gæði og snið. Afi og amma ráku undirfataverslunina Ólympíu um árabil og amma saumaði brjóstahöld og sokkabönd á íslenskar konur. Svo ég tali nú ekki um slankbeltin, en með þeim gátu allar sem vildu fengið fallegt mitti. Nú stend ég sjálf hjá Sævari Karli og er nokkurs konar spesíalisti í að ráðleggja konum hvað klæðir þær best."

**Hvað finnst þér skipta mestu máli þegar þú kaupir þér föt?** „Sem stelpa fékk ég að ganga í fataskápinn hjá ömmu og vandist þar ákveðnum klassa. Gæði og góð snið skipta mig mestu máli."

**Hvað finnst þér klæða þig best?** „Klæðir ekki alla best að vera hamingjusamir og ástfangnir? Þá ljóma tuskurnar utan á manni!"

**Snobbar þú fyrir merkjum?** „Nei! Aftur á móti vil ég gæði og einfaldleika. Eins og til dæmis Branda, kápa með tígrismynstri sem amma átti lengi og gaf mér síðan. Branda mun fylgja mér þar til yfir lýkur, enda tímalaus og dramatísk flík."

**Í hvaða borg finnst þér skemmtilegast að versla?** „Síðustu tíu ár hef ég verið með annan fótinn í París í vinnu og námi. Það er borgin mín. Þar er tískan áberandi og sniðug kona lærir fljótt hvernig hægt er að tolla í tískunni án þess að fara alveg á kúpuna. Til dæmis á hún eina dýra og fallega tösku sem setur elegant stíl á heildina, verslar svo kannski annað ódýrara. Eins og allir vita eru Frakkar heldur frjálslegir í ástarmálum. Í París eiga þær liðugustu jafnvel einn til tvo elskhuga og það þykir í lagi. Þeir gefa ástkonunni oft föt og töskur en verðmætið fer auðvitað eftir því hversu heitt er elskað! Þegar svo slitnar upp úr sambandinu enda gjafirnar oft í Dépôt-Vente búðum. Þær sérhæfa sig í sölu á notuðum tískuvarningi. Heill heimur af tísku. Eins er flott að fá boðskort á lokaðar útsölur hjá stóru tískuhúsunum. Margar skæru af sér aðra stórutána til að komast í svoleiðis partí."



DÖMULEG Stígvélin eru sérlega falleg að aftan, reimuð og smart.

**Hvað þarf flík að hafa til að bera til þess að þú fallir fyrir henni?** „Hún þarf að vera beinsmart. Ég sé það strax!"

**Eyðir þú miklum tíma í að velja þér föt á hverjum degi? Áttu það til að skipta átta sinnum um dress áður en þú ferð út á morgnana?** „Ég ákveð dressið í baðkarinu á morgnana eða kvöldið áður, eldsnögg."

**Klæðir þú þig eftir veðri?** „Ég er alltof mikil lady til að láta veðrið stöðva mig. Ef það rignir, snjóar eða hvaðeina ríf ég frekar af mér skóna og hleyp berfætt. Frekar það en að eyðileggja skópar. Ef ég er í fylgd herramanns bjargar hann mér kannski og ber mig á herðum sér! Einu sinni missti ég hælaskó af fæti er ég þeysti um á mótorhjóli í undirgöngum – ég sá lengi á eftir þeim skó!"

**Hver eru algengustu tískumistök sem konur gera?** „Alltof þröng föt misklæða marga."

**Hvað vantar þig í fataskápinn?** „Líklegast myndarlegan mann sem stykki svo fram á hverju kvöldi og yljaði mér!"

**Hvað verður heitast fyrir sumarið?** „Vonandi skærir, sterkir litir og alls konar mynstur."



ÍTÖLSK HÖNNUN Guðrún segist varla tíma að nota þessa tösku, en hún fékk hana í París. YSL er í miklu uppáhaldi hjá henni.



EINFÖLD OG FALLEG Þessa tösku fékk Guðrún í versluninni Kisunni á Laugavegi.

UPPÁHALDSSKÓRNIR Lakkskór frá Prada sem Guðrún fékk í Sævari Karli. Hún getur gengið á þeim í átta tíma án þess að verða illt í fótunum en hún er lítið fyrir að vera í háhæluðum skóm allan daginn.



ELEGANT Í D&G frá toppi til táar. Dragtin er skvísuleg með flottu mitti og fallegu herðasniði. Hún fæst hjá Sævari Karli.




Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

FYRIR FJÓRUM ÁRUM LEIT HLJÓMSVEITIN NYLON DAGSINS LJÓS. EFTIR AÐ EMILÍA ÓSKARSDÓTTIR HÆTTI Í BAN
SÖGNUM OG ERU ÞÆR ALMA, KLARA OG STEINUNN AÐ UNDIRBÚA NÆSTU ORRUSTU. MARTA MARÍA JÓNASDÓT



STEINUNN, ALMA OG KLARA FENGU HJÁLP FRÁ HAFFA HAFF OG SKILDI EYFJÖRÐ Í MYNDATÖKUNNI. SKJÖLDUR SÁ UM ÚTLITIÐ EN HAFFI FÖRÐUNINA. MYNDATAKAN FÓR FRAM Á HÓTEL BORG.

# NÚ ER MEIRA PLÁSS Á SV

**viðtal**

Það er stjörnubragur yfir Ölmu, Klöru og Steinunni enda eru þær orðnar vel sigldar eftir að hafa verið í sviðsljósinu í fjögur ár. Þegar þær byrjuðu í Nylon voru þær litlar, óreyndar menntaskólastelpur og því má eiginlega segja að líf þeirra hafi stökkbreyst. Það breyttist allt í mars 2004. Síðasta sumar gengu þær í gegnum skrýtið tímabil þegar Emilía ákvað að yfirgefa þær í nafni ástarinnar, en hún gekk að eiga kærasta sinn til margra ára, Pálma Sigurðsson. Í kjölfarið fór af stað orðrómur um að Nylon-ævintýrið væri á enda en stelpurnar þvertaka fyrir það. „Það urðu kaflaskipti í sumar þegar Emilía hætti í hljómsveitinni og í kjölfarið þurftum við að kafa ofan í kjölinn og athuga hvernig staðan væri nákvæmlega. Þetta var aðeins meira mál en við héldum í upphafi. Það kom samt aldrei neitt annað til greina en að halda áfram í hljómsveitinni," segir Alma. „Það voru engin slagsmál og engar sóðalegar sögur," segir Steinunn og hinar grípa fram í fyrir henni: „Emilía kallaði okkur ekki á neyðarfund til að tilkynna okkur að hún væri að hætta. Þetta var alls ekki þannig. Við vorum búnar að finna það í þó nokkurn tíma að þetta lá í loftinu. Að vera í svona hljómsveit kallar á mikla vinnu og það þurfa allar að vera 100% í því," segir Klara. Þær segjast allar skilja vel að Emilía hafi ákveðið að hætta því það fari ekki saman að vera giftur og í hreiðurhugleiðingum og vera í svona hljómsveit. „Þetta var bara nóg fyrir hana og á þessum tímapunkti vildi hún skipta um vinnu. Hún fann að þetta var ekki lengur vinna sem hentaði henni," segir Klara. „Ef þú hugsar út í það, þá gengur ekki upp að vera giftur og vera í þessu. Í fyrra vorum við í sjö mánuði í burtu frá fjölskyldum og vinum," segir Steinunn og Klara segir að það sé mjög strembið. Þær vilja þó ekki meina að brotthvarf Emilíu hafi skapað vonda stemningu í bandinu. „Það góða við þetta var að eftir að Emilía kvaddi fundum við enn þá betur að við vildum vera í þessari hljómsveit. Þetta gerðist líka á mjög sérstökum tíma því akkúrat á þessum tímapunkti vorum við farnar að horfa í aðrar áttir. Okkur langaði til að breyta tónlistinni aðeins, prufa aðra tónlistarstefnu. Holiday er til dæmis miklu meira popplag en við höfum verið að vinna að. Og svo er það lag ekkert sérstaklega íslenskt heldur. Við erum líka örlagatrúar og trúum því að það sem eigi að gerast muni gerast. Það er einhver ástæða fyrir öllu og við vorum aldrei hræddar um að þetta myndi klúðrast," segir Klara.

## Hver með sitt hlutverk

Hverju breytir það nákvæmlega fyrir Nylon að Emilía sé hætt? „Í raun og veru vinnum við bara betur saman ef það er eitthvað. Það er skýrari skipting," segir Klara. „Við vitum hvað virkar og hvað virkar ekki," segir Steinunn. „Því fleira fólk sem er í hópnum því þrengra verður um það þannig að þetta er bara mjög fínt," segir Klara og Steinunn skýtur því inn í að núna sé meira pláss fyrir þær á sviðinu. Þær segja að verkaskiptingin sé mjög skýr án þess að vera algerlega niðurnjörvuð. Eftir frekari samræður kemur upp úr dúrnum að hver hefur sitt hlutverk í bandinu. Klara er stílistinn í hópnum, velur á þær föt og saumar sjálf ef þannig liggur á henni. Hún gætir þess að þær klæðist réttri litapallettu. Alma hefur sérlega gott tóneyra og þegar kemur að því að hlusta á upptökur og annað slíkt verður Alma að vera á svæðinu. Steinunn er reddarinn í hópnum og segja hinar að hún geti græjað ótrúlegustu hluti í gegnum síma. Þær vilja meina að þessi þrjú element fari afar vel saman og útkoman verði því góð. „Þegar Emilía hætti náðum við að forgangsraða upp á nýtt því við fundum hvað okkur langaði mikið að halda þessu samstarfi áfram. Þar sem Emilía er frábær söngkona með gott tóneyra þá vissum við að við þyrftum að leggja meira á okkur fyrir vikið," segir Alma. Þær segjast vera mun metnaðarfyllri en áður því nú viti þær að Nylon er það sem þeim finnst gefa lífinu gildi. Oft er talað um að vinskapur þriggja kvenna geti valdið miklum öldugangi og því sé oft betra fyrir konur að vera annaðhvort tvær saman eða fjórar. Nylon-flokkurinn þvertekur fyrir þetta. „Ég held að þrír sé betri tala en fjórir," segir Alma og nefnir stelpubönd sem eru í gangi núna eins og Spice Girls, Sugababes og Girls Aloud, hvorutveggja oddatölur." Alma segir jafnframt að það hafi staðið til að fá aðra manneskju í Emilíu stað. Eftir miklar vangaveltur var því slaufað. „Það var allt komið á fullt og viðræður um sjónvarpsþátt til að finna arftaka Emilíu voru komnar langt á veg. En svo stöldruðum við aðeins við og hugsuðum með okkur að við værum búnar að vera að vinna í þessu frá upphafi og værum þar af leiðandi afar nánar. Það væri hreinlega ógerningur að fá nýjan liðsmann inn í sveitina, læra allt og falla inn í hópinn. Við sáum að það yrði alveg rosalega erfitt. Við ímynduðum okkur að það yrði svo stórt verkefni að við myndum ekki hafa tíma til að sinna hljómsveitinni," segir Alma og brosir. Þær eru sannfærðar um að þetta samstarf sé einstakt og segjast oft hafa hugleitt það að fara út í einhver viðskipti saman ef þær myndu hætta í hljómsveitinni.

**Emilía kallaði okkur ekki á neyðarfund til að tilkynna okkur að hún væri að hætta. Þetta var alls ekki þannig. Við vorum búnar að finna það í þó nokkurn tíma að þetta lá í loftinu. Að vera í svona hljómsveit kallar á mikla vinnu og það þurfa allar að vera 100% í því," segir Klara.**

## Gjafmildar og góðar

Fyrir jólin gáfu þær út safndisk með lögum Nylon. Þær ákváðu að gefa ágóðann af plötunni til samtakanna Blátt áfram. Þegar þær eru spurðar að því hvort það sé ekki erfitt að fá ekki laun segja þær svo ekki vera. „Þetta var náttúrlega ekki hefðbundinn diskur þar sem flest lögin voru þegar til. Þetta voru allt lög sem voru búin að fá góða spilun í útvarpinu," segir Alma og Steinunn bætir við að eitt af lögunum, Britney, sem þær tóku með Sniglabandinu sé ennþá á topp 10 á tónlist.is. „Ef við hefðum verið búnar að vera í stúdíói að taka upp í marga mánuði þá hefði þetta aldrei gengið upp," segir Alma.

Síðustu tvö árin eru Nylon búnar að dvelja mikið í Bretlandi. Ævintýrið byrjaði þegar þær tróðu upp með Westlife og í framhaldinu fylgdu þær hljómsveitinni Girls Aloud og FcFly. Þær hafa líka komist í kynni við erlent þotulið, djammað með Kevin Spacy og troðið upp í fermingarveislum fyrir forríka Breta. Lagið „Losing A Friend" lenti í 29. sæti á vinsældalistanum í Bretlandi og í framhaldinu gáfu þær út lagið „Closer" sem náði ekki alveg sama flugi. Einar Bárðarson, umboðsmaður hljómsveitarinnar, kennir hvalveiðum Íslendinga um þennan ósigur en í bók sinni, Öll trixin í bókinni, segir hann að útgáfan á „Closer" hafi verið mikill bömmer. Nylon-stelpurnar eru þó alls ekki bitrar yfir þessu og þeirra markmið er að ná langt á Bretlandsmarkaði. „Einar er á fullu að vinna í okkar málum úti og við erum með ýmis markmið hvað það varðar og stóra drauma. Við ætlum okkur að láta það verða að veruleika en það tekur allt tíma. Það átta sig margir ekki á því og við höfum verið spurðar að því mikið síðustu mánuði hvort við séum hættar, jafnvel um jólin þegar við vorum að gefa út plötu. Ef maður er ekki stöðugt í sviðsljósinu þá er svolítið eins og fólk haldi að maður sé horfinn," segir Alma. „Stundum þarf maður aðeins að bakka út úr viðtölum og öðru til að geta einbeitt sér að vinnunni," segir Steinunn. Alma segir að Bretlandsmarkaður sé með þeim erfiðari og markaðurinn þar sé afar gagnrýninn. „Það er svo margt sem þarf að hjálpast að. Það að vera með góða tónlist er alls ekki nóg. Núna eru þær því að leggja mikinn metnað og tíma í að undirbúa sig fyrir næstu orrustu. „Það getur allt gerst í þessu og þetta er allt mjög óáreiðanlegt. Það er áhugi fyrir því sem við erum að gera í Japan og í Þýskalandi. Svo eru Bandaríkin heill heimur út af fyrir sig," segir Steinunn. Þegar þær eru spurðar að því hvað sé það hrikalegasta sem þær hafi lent í nefna þær skemmtun í Bretlandi. „Ætli það sé ekki fyrsta kvöldið með Journeys South en það band varð í 3. sæti í X-factor. Við klæddum okkur upp í megaglamúr fötin okkar, með pallíettustjörnur úti um allt og í svaka gír. Þegar við mættum upp á sviðið í leikhúsinu þar sem tónleikarnir voru haldnir fundum við hvað það var allt rólegt í salnum. Þegar við byrjuðum að syngja sýndi fólkið í salnum engin viðbrögð. Allt í einu er mér litið á einn manninn og í sömu andrá sé ég hvar hann stendur upp, fiktar í heyrnartækinu og nær í göngugrindina áður en hann labbar út. Þegar ég leit betur yfir salinn tók ég eftir því að allir áheyrendurnir eru aldraðir," segir Steinunn og stelpurnar springa úr hlátri. Þær nefna líka að Bretar séu miklu opnari en Íslendingar. „Um daginn komu tveir karlmenn til okkar og gáfu okkur blóm. Fyrst héldum við að þetta væri djók eða að mennirnir væru einhverjir perralingar. En svo voru þeir raunverulegir aðdáendur og voru búnir að spá og spekúlera í textunum og fannst íslenska tungan mjög merkileg," segir Steinunn. „Maður er alltaf svolítið

O&K
Þjónusta

Þjónustuaðili:
Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi
RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.
Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.
Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# eldvarnir

FÖSTUDAGUR 25. JANÚAR 2008



## Eldvarnir eru ekki einkamál

**Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri talar um eldsvoða, forvarnir og sorgir.**

BLS. 10



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GLÓFAXI HF
ÁRMÚLA 42, 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 553 4236 & 553 5336
FAX 588 8336

Eldvörn er nauðsyn
ELDVARNARHURÐIR



Benjamín Vilhelmsson, sölustjóri hjá Eldvarnarmiðstöðinni, segir reykskynjara öruggustu og ódýrustu líftrygginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samtengda skynjara á stigaganga

**Reykskynjarar eru öruggasta og ódýrasta líftryggingin. Þráðlausir, samtengdir reykskynjarar eru vinsælir á stigaganga í fjölbýlishúsum og stærri einbýlishús.**

Reykskynjarar bjarga mannslífum, þetta þykir ljóst. Nú eru vinsælir svokallaðir samtengdir reykskynjarar sem senda boð á milli sín þannig að þegar einn nemur reyk kviknar á þeim öllum. Slík lausn er mjög vinsæl í stigagöngum fjölbýlishúsa og í stærri húsum á mörgum hæðum að sögn Benjamíns Vilhelmssonar, sölustjóra hjá Ólafi Gíslasyni & Co hf., sem rekur Eldvarnarmiðstöðina.

„Við seljum slökkviliðunum allt frá vettlingum upp í slökkvibíla," segir Benjamín en fyrirtækið flytur einnig inn almennan eldvarnarbúnað, meðal annars fyrrnefnda reykskynjara, slökkvitæki, brunaslöngur og fellistiga. „Samtengdu reykskynjararnir eru auðveldir í uppsetningu enda þarf hvorki að bora göt né leggja víra þar sem reykskynjararnir sitja á sökkli sem senda boð þráðlaust á milli," segir Benjamín en mest er hægt að vera með tólf reykskynjara saman. Þá má blanda saman hitanæmum og reyknæmum skynjurum en hitanæmir reykskynjarar eru til dæmis frekar notaðir í bílskúra svo skynjarinn fari ekki



Reykskynjararnir sitja á sökkli sem sendir boð þráðlaust á milli.

í gang í hvert sinn sem reykur berst frá pústi.

Benjamín telur langflesta vera meðvitaða um að reykskynjarar séu nauðsynlegir, hins vegar sé misjafnt hvað fólk geri í því. „Eins og slökkviliðsstjórinn í Reykjavík segir þá eiga að vera reykskynjarar í öllum herbergjum sem fólk sefur í," segir Benjamín og telur að um tvö dæmi á ári séu um að reykskynjarar bjargi heilu fjölskyldunum. Þá áréttir hann einnig að líftími reykskynjara sé aðeins um átta ár og því þurfi að skipta um þá að þeim tíma liðnum.

„Reykskynjarar eru öruggasta og ódýrasta líftryggingin," segir Benjamín og tekur dæmi um verð á slíkum búnaði. Stakur venjulegur reykskynjari fæst á um 1.000 krónur. Þráðlaus skynjari er á 4.800 krónur stykkið með sendi. Þá kostar heimilisslökkvitæki um 3.500 krónur. Ekki mikið verð í samanburði við mannslíf. *-sg*



Iðnó er perla borgarinnar þar sem Björn vill sjá enn betri eldvarnir.

# Best að skralla húsin að innan við endurgerð

**Gömul hús geta verið gríðarlegar eldgildrur ef ekki er rétt staðið að forvörnum og endurgerð.**

Brunavarnir í gömlum húsum má ræða út frá ýmsum sjónarmiðum. Björn Karlsson brunamálastjóri segir hins vegar ágætt að skipta þessu í tvo hópa varðandi eignarhald. Annars vegar hús í eigu hins opinbera eða sveitarfélaga og hins vegar hús í einkaeign.

„Eina vitið í brunavörnum á gömlum húsum er að taka þau í gegn eins og gert var við Geysishúsið í Aðalstræti. Það hús var hreinlega skrallað að innan og byggt upp á nýtt með nútímabyggingaraðferðum þar sem efnisvalið tók mið af því upprunalega," útskýrir Björn sem segir gamlar einangrunaraðferðir vera versta óvininn. „Gömul hús eru meðal annars eingangruð með sagspón og öðrum mjög eldfimum efnivið. Auk þess er mikið holrými í innra rými gamalla húsa og þannig breiðist eldurinn út á örskömmum tíma," segir Björn og nefnir sem dæmi húsin á horni Lækjargötu og Austurstrætis. „Eigendur gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að brunaverja með gifsplötum að innan. Hins vegar er talið að kviknað hafi í út frá rafmagni á milli þilja og þá var eldurinn snöggur að gera sér mat úr gamalli einangrun og ferðaðist hratt í holrýminu," segir Björn og bætir við að slökkvistarf sé gríðarlega erfitt við slíkar aðstæður. „Það þarf mikla heppni og dugnað til að ráða niðurlögum á slíkum eldi. Þá þarf slökkviliðið að saga sig inn í veggi í reykköfunarbúningi sem vegur þrjátíu kíló og berjast við eld sem er mjög útbreiddur."

Besta lausnin að sögn Björns er að einangra til dæmis með steinull, fylla upp í holrými og losna við gamla og eldfima einangrun.

„Endurgerð á gömlum húsum er gríðarlega dýr og það er misjafnt hvað fólk gerir. Sumir taka húsin aðeins í gegn að utan, eða að innan en mestu máli skiptir að skipta um einangrun svo eldurinn




Björn Karlsson brunamálastjóri hvetur fólk eindregið til að leita sér ráðgjafar um brunavarnir þegar gömul hús eru endurgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

eigi ekki greiða leið," segir Björn og nefnir dæmi um gömul hús í borginni þar sem mikilvægt er að brunavarnir séu í lagi.

„Reykjavíkurborg hefur haft mikinn hug á að standa vel að brunavörnum í eldri byggingum. Samt myndi ég vilja að betur væri gert í vissum lykilbyggingum á borð við MR og Iðnó sem við borgarbúar viljum alls ekki missa," segir Björn. Byggingareglugerðir eru að sögn Björns ekki afturvirkar og því ekki hægt að skylda einstaklinga til róttækra brunavarna við endurgerð gamalla húsa. Hins vegar gilda önnur lög varðandi gömul hús í eigu hins opinbera og sveitarfélaganna. Björn segist þó hvetja einstaklinga sem eru að gera upp hús sín eindregið til að huga að eldvörnum og bendir á Brunamálastofnun og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélaganna sem veita ráðgjöf. Að lokum leggur Björn áherslu á að slökkvitæki og eldvarnarteppi séu á öllum heimilum ásamt reykskynjara á öllum hæðum.

Sjá nánari upplýsingar: www.brunamal.is

*rh@frettabladid.is*

# HEIMAVÖRN SECURITAS VERNDAR ÞIG FYRIR BRUNATJÓNUM

## Veldu öryggi í stað áhættu

**Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. HEIMAVÖRN Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring.**

**Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.**

**VAKT**
Stöðug vakt er í stjórnstöð og starfsfólk bregst samstundis við ef eitthvað bjátar á.

**INNBROTAVIÐVÖRUN**
Hreyfiskynjarar og skynjarar á hurðum og gluggum nema ef óæskilegur umgangur er um heimilið og sírena gerir viðvart. Heimilið er í öruggum höndum Securitas og þú getur verið áhyggjulaus hvort sem þú ert heima eða að heiman.

**BRUNAVÖRN**
Reykskynjarar eru stöðugt tengdir víðtæku öryggisneti Securitas og Neyðarlínu 112.

**Tryggðu þér Heimavörn Securitas fyrir 31. janúar og þú færð tvo mánuði fría og slökkvitæki í kaupbæti.**

FRÍR MÁNUÐUR + FRÍR MÁNUÐUR +

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**





● **HANDSLÖKKVITÆKI** Slökkva má minni háttar eld með handslökkvitæki en ávallt skal leggja áherslu á að rýma íbúðina og forðast meiðsl og reykeitrun.

**Léttvatnstæki** eru góð alhliða slökkvitæki og er óhætt að mæla með þeim á heimilum og í stigagöngum fjölbýlishúsa.

**Duftslökkvitæki** eru öflug og mjög áhrifarík á flesta elda en þar eð duftið dreifist mikið getur það valdið tjóni. Þau eru hentug í bifreiðar.

**Kolsýrutæki** eru góð á eld í eldfimum vökvum og rafmagnselda. Kolsýra og duft slökkva ekki í glóð. Léttvatnstæki gera það á hinn bóginn.

Til er **sjálfvirkur slökkvibúnaður** til að setja inn í rafmagnstæki, svo sem sjónvarpstæki.

**Staðsetning**

- Slökkvitækið á að festa á vegg með tilheyrandi búnaði um fimmtán sentímetra frá gólfi. Miðað er við að setja tækin á flóttaleið og sem næst útgöngum.
- Tækin eru öryggistæki og eiga að vera sýnileg og aðgengileg þegar gengið er um híbýli svo allir viti hvar þau eru ef nauðsynlegt reynist að nota þau.

Slökkvitæki hafa takmarkaðan líftíma. Lesið vel leiðbeiningar um notkun og uppsetningu og leitið upplýsinga og ráðgjafar hjá seljendum, til dæmis um viðhald tækjanna.

*Úr bæklingi Forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins www.shs.is*



● **ELDVARNARTEPPI** Talsverð eldhætta fylgir notkun olíu og feiti í eldhúsum og því er nauðsynlegt að hafa eldvarnarteppi í eldhúsinu. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar um notkun þess og staðsetningu.

Ef eldur kviknar í í olíu á pönnu eða í potti er nauðsynlegt að bregðast rétt við:

- Alls ekki má skvetta vatni á eldinn – það veldur sprengingu.
- Reynið ekki að koma logandi potti/pönnu út.
- Leggið eldvarnarteppi yfir logandi pott/pönnu og þéttið að uns eldurinn hefur slokknað.
- Slökkvið undir hellunni ef þið getið. Sé eldavélin með sléttu helluborði má færa pottinn/pönnuna varlega af hellunni.

**Staðsetning:** Á sýnilegum og aðgengilegum stað í eldhúsi.

*Úr bæklingi Forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins www.shs.is*



Dæmi um eldvarnarkerfi sem er sett upp í atvinnueldhúsum.



FirePro-eldvarnarkerfi í rafmagnsskáp.

# Sjálfvirk slökkvikerfi ryðja sér til rúms

**Kerfi sem uppgötva og slökkva eld í fæðingu geta bjargað fyrirtækjum frá stórtjóni.**

„Fyrirtæki eru í auknum mæli farin að hugsa um fyrirbyggjandi aðgerðir til að bregðast við eldsvoða," segir Ómar Örn Jónsson, markaðsstjóri Öryggismiðstöðvarinnar. „Eldsvoði í fyrirtækjum getur valdið miklum skaða og jafnvel gert þau óstarfhæf í lengri tíma með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni. Því hafa mörg fyrirtæki innleitt hjá sér lausnir sem hafa það að markmiði að uppgötva og slökkva eldinn nánast í fæðingu," bætir hann við.

Meðal kerfa sem nú eru sett upp eru sjálfvirk slökkvikerfi í háfa í atvinnueldhúsum. Ef eldur kemur upp í eða undir loftræstiháfi eru nemar þar sem skynja hitann og senda boð til stjórnskáps. Þessi boð eru einnig notuð til að loka fyrir gas eða rjúfa straum að eldunartækinu. Slökkviefni streymir niður um stúta sem eru í háfnum og það slekkur eldinn með því að umbreyta brennandi fitu í sápu ásamt því að kæla fituna og koma þannig í veg fyrir að eldur blossi aftur upp. „Eldvarnareftirlitið hefur krafið rekstraraðila stærri eldhúsa um að setja slík kerfi upp, einkum ef ekki er sérstakt brunahólf í eldhúsinu og eins ef flóttaleið gesta liggur um eldhúsið. Hins vegar ættu allir sem reka eldhús að hugleiða þennan kost vandlega," segir Ómar.

Ómar segir Argonite-slökkvikerfi einnig algeng en þeim er einkum komið fyrir í rýmum þar sem mikil verðmæti eru eins og til dæmis í tölvuherbergjum. „Þar er ofurnæmu brunaviðvörunarkerfi komið fyrir sem skynjar minnstu reykagnir, til dæmis ef spennir í tölvu brennur við. Skynji kerfið eldsvoða fer í gang ferli sem leiðir til þess að argonite-gasi er hleypt inn í rýmið. Argonite er náttúrulegt gas sem samanstendur af argoni og köfnunarefni. Gasið gerir það að verkum að súrefnisinnihald fer niður fyrir þau mörk að eldur geti mögulega logað. Að sögn Ómars er Argonite ekki hættulegt mönnum og segir hann engar skemmdir verða á búnaði í rýminu.



**Ómar Örn Jónsson segir Öryggismiðstöðina bjóða upp á margar gerðir af sjálfvirkum slökkvikerfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meðal annarra lausna sem Ómar nefnir eru FirePro-einingar. Flestir kannast við sjónvarpsslökkvitækin sem voru kynnt fyrir fáeinum árum. FirePro er í raun sama lausn en fæst nú í mörgum mismunandi útfærslum og getur hentað víða þar sem ráðast þarf gegn eldi um leið og hann blossar upp. Kostir FirePro eru meðal annars þeir að einingarnar geta staðið algjörlega sjálfstætt og eru óháðar rafmagni eða stýribúnaði. Þær henta til dæmis afar vel inn í rafmagnsskápa.

*- ve*






● **HÆTTAN Í ÞVOTTAHÚSINU** Hægt er að fá slökkvibúnað í þvottavélar og þurrkara. Þessi nauðsynlegu heimilistæki geta verið hættuleg, sérstaklega stafar nokkur hætta af gömlum þurrkurum þar sem ló hefur náð að safnast fyrir. Kviknað getur í lónni enda mikill hiti sem myndast þegar þurrkarinn er í gangi.




# LAGERÚTSALA







SWISSFLEX

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

Swissflex stillanlegt hjónarúm
með ViscoX dýnu á kr. 129.900,
var áður allt að kr. 299.900.
Dýnustærðir í boði: 80, 90, 100 og 120 cm.







Útlitsgallaðar dýnur
og rafmagnsbotnar
25% afsláttur af fylgihlutum
Höfuðgaflar, náttborð og
kommóður
Nýkomnir tungusófar og
borðstofstólar
Smávara og gjafavara







**20-70%**
**afsláttur**

Inngangur



**Klettháls 13**
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölunnar
er 660 0035

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

## ● FORVARNABÆKLINGUR Á MÖRGUM TUNGUMÁLUM

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gaf skömmu fyrir jól út bækling um mikilvægustu atriðin í eldvörnum heimilanna. Í bæklingnum er fjallað ítarlega um mikilvægi reykskynjara, viðhald og endurnýjun, mismunandi gerðir, æskilega staðsetningu og fleira. Einnig er fjallað um aðra skynjara, gasskynjara, hitaskynjara og kolsýringsskynjara.

Fjallað er í stuttu máli um gerð flóttaáætlunar fyrir heimili. Gerð er grein fyrir helstu tegundum handslökkvitækja og leiðbeint um staðsetningu þeirra. Loks er almenningur hvattur til að hafa eldvarnarteppi í eldhúsi og í bæklingnum er að finna leiðbeiningar um staðsetningu þeirra og notkun.

Bæklingurinn hefur einnig verið gefinn út á fjölmörgum tungumálum sem eru sérstaklega ætlaðir innflytjendum.

Unnt er að nálgast bæklinginn á heimasíðunni www.shs.is og hjá SHS í Skógarhlíð 14.



## ● SAGA ELDSPÝTUNNAR

Eldspýtan á sér lengri og skemmtilegri sögu en margan gæti grunað, en hún er rakin á vísindavef Háskóla Íslands, það er að segja á www.visindavefur.is.

Sagan hefst að einhverju marki árið 1805 þegar Frakki að nafni Jean Chancel sá að væri mjórri spýtu með blöndu af sykri, gúmmí og kalíumklórati stungið ofan í brennisteinssýru þá kviknaði á spýtunni.

Eldspýtnarannsóknum var síðan haldið áfram á 19. öld, í tengslum við uppgötvanir í efnafræði. Þróun hennar vakti mikla athygli en ein helsta forsenda fyrir henni var að búa til neytendavæna eldspýtu. Hins vegar bar það oft lítinn árangur. Þó má nefna eldspýtu sem Englendingurinn Samuel Jones fékk einkaleyfi á árið 1828 og nefndi „Eld Prómþeifs." Eldspýtan leit út eins og glerperla og innihélt sýru. Perlan var umvafin eldfimu efni og þegar hún var brotin brann efnið umhverfis hana.

John Walker, enskur efnafræðingur, fann hins vegar upp fyrstu eldspýtuna sem hægt var að kveikja á með núningi. Spýtan var þakin með blöndu af kalíumklórati, antímoni og súlfíði á öðrum endanum, en það kviknaði í blöndunni þegar henni var strokið við sandpappír. Walker seldi fyrstu spýturnar 1827.



Frakkinn Charles Sauria notaði hins vegar gulan eða hvítan fosfór sem kveikiefni í eldspýtur nokkrum árum seinna. Fosfórinn varðveittis vel og þótt því henta vel í eldspýtur Eldspýrutnar nutu mikill vinsælda fram yfir þar síðustu áramót, þar til í ljós kom að fosfórinn skaðaði heilsu fólksins sem bjó eldspýturnar til. Rauður fosfór varð þar með algengur hjá eldspýtnaframleiðendum.

Í dag eru kveikiefnin á svokölluðum öryggiseldspýtum bæði á eldspýtunni og strokfletinum. Þess vegna þarf að strúkja spýtunni við réttan flöt.

Svíinn J. E. Lundström og bróðir hans þróuðu fyrstu öryggiseldspýturnar og fékk Lundström einkaleyfi á framleiðslu þeirra árið 1855.








Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnarsviðs hjá slökkviliðinu, segir fyrirtæki þurfa að huga að eldvörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Eldvarnir í atvinnuhúsnæði

**Mikil verðmæti liggja í tölvu- og vélbúnaði fyrirtækja og þeim gögnum sem þar eru geymd. Því er nauðsynlegt að huga vel að eldvörnum.**

„Einhver eldhólfun verður að vera svo eldur og reykur vaði ekki óheftur um húsið, valdi ómældu tjóni og skapi hættu fyrir fólk," segir Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnarsviðs Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir veigamestu hólfanirnar á milli hæða og í stigahúsum og flóttaleiðum en fólk á að vera komið í öruggt rými frammi í stigahúsi. Neyðarljós við útganga verða að vera og eftir því sem rýmið er stærra og gangar lengri þarf að vera önnur neyðarlýsing að auki svo fólk detti ekki um borð og stóla sem það sér ekki á leiðinni að útganginum.

Bjarni segir að viðvörunarkerfi verði að setja upp sem gefur til kynna ef eldur kemur upp og gera verði viðbragðsáætlun sem farið verði eftir í neyðartilvikum.

„Það þarf að sýna almenna aðgát og hafa á hreinu hver á að slökkva á kaffikönnunni á föstudögum til dæmis. Svo verður fólk að virða það að dyr séu sjálflokandi, vera ekki að fleyga upp hurðir því þá er verið að vinna gegn því sem húsið er að gera til að vernda þig og auka líkurnar á eignatjóni. Fólk þarf að taka viðvörunarkerfi alvarlega og ef það er að fara í gang í tíma og ótíma þarf að lagfæra kerfið því það má ekki hrópa úlfur, úlfur. Þegar viðvörunarkerfi fer í gang á fólk að standa upp og fara út," segir Bjarni.

Hann leggur einnig áherslu á að velja þurfi slökkvibúnað við hæfi inni í skrifstofuhúsnæði. „Það er ekki skynsamlegt að vera með dufttæki inni á skrifstofum, eðlilegra er að vera með kolsýru ef eitthvað gerist í rafmagnsbúnaði því hún skemmir ekki neitt og við mælum líka með léttvatnstækjum þar sem vatnið kemur út sem froða, þau þola mikla spennu og minni hætta á að fá straum."

Bjarni segir mikilvægt að atvinnurekendur hugi að eldvarnarmálum í sínum fyrirtækjum því oft verði tjónið líka mikið af þeirri töf sem hlýst af því að koma rekstrinum aftur af stað eftir bruna.

„Þetta eru oft miklir hagsmunir sem fólk áttar sig kannski ekki á. Þegar gerð eru upp mál í tryggingunum þá eru þau að bæta toppinn af ísjakanum því þetta afleidda tjón er oft ansi stórt enda tapast viðskiptavild og markaðshlutdeild. En þegar fyrirtæki borgar milljónir í tryggingar á ári á ekki að horfa í kostnaðinn sem fer í að setja upp brunavarnarkerfi og ekki láta starfsmenn komast upp með að halda opnum dyrum sem eiga að vera lokaðar," segir Bjarni.

Hjá Securitas fengust þær upplýsingar að í tölvuherbergjum fyrirtækja væru gjarnan settir upp ofurnæmir skynjarar á reyk og hitabreytingar í herberginu en einnig er hægt að setja upp sérstakt slökkvikerfi í herbergið sem blæs gasefnablöndu hratt inn í rýmið. Við það lækkar súrefnisinnihaldið í rýminu og eldurinn kafnar og búnaðurinn helst óskemmdur. Þess lags kerfi hafa verið sett upp m.a. í vélarrúmum skipa, skjalageymslum og í tölvuverum fyrirtækja. sjá www.securitas.is

-rt


Vakir einhver yfir þér og þínum?
Eldvarnir eru dauðans alvara!
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
www.shs.is

# Eina konan í slökkviliðinu



**Áður fyrr var það ekki til siðs að konur störfuðu í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins en nú eru þær þrjár sem þar hafa starfað. Sem stendur er þó bara ein kona þar við störf.**

Birna Björnsdóttir er nú í óðaönn að ljúka undirbúningsnámskeiði hjá Slökkviliði Reykjavíkur áður en hún hefur störf að nýju. „Árið 2001 hóf ég störf og vann í sex mánuði. Það var frekar stuttur tími en þá var ég rétt að komast inn í starfið þegar ég þurfti að hætta af persónulegum ástæðum. Þá var ég aðallega á dælubíl og var oft skráð reykkafari tvö en unnið er í teymum. Það eru tveir reykkafarar sem fara saman inn, númer eitt er þá reyndari maður og tvö er þá yfirleitt óreyndur. Ég fór tvisvar sinnum inn í eld og það var ákveðin spenna, smá ótti en svo treystir maður þeim sem eru reyndari og þeirri þjálfun sem maður hefur hlotið. Þetta snýst mikið um að treysta félaganum,“ útskýrir Birna og er hún afar ánægð með þann undirbúning sem slökkviliðsmenn hljóta.

En hvers vegna ákvað Birna að ganga í slökkviliðið? „Mér finnst spennandi að takast á við krefjandi verkefni og þetta er áskorun. Ég komst í gegnum inntökuferlið og því þótti mér tilvalið að láta á þetta reyna,“ segir Birna sem hafði lengi dreymt um að starfa í slökkviliði. „Þetta hafði blundað lengi í mér en þegar ég fékk fyrst áhugann á þessu þá var ekki í boði fyrir konur að gegna starfinu. Um leið og ég vissi af því að konur væru komnar inn þá sótti ég strax um og komst inn í fyrstu tilraun.“ Birna var 28 ára þegar hún hóf störf en er nú á þrítugasta og fimmta aldursári. Hún er tveggja barna móðir og hefur því í nógu að snúast. „Eins og með alla sem eru í þessu starfi þá er það álag á fjölskylduna að vera í starfi þar sem gerðar eru miklar kröfur og unnið er á vöktum. Drengirnir mínir eru hins vegar hæstánægðir með það að mamma sé slökkviliðskona en þeir eru fjögurra og sjö ára þannig að þeim finnst þetta mjög flott,“ segir Birna kímin.

„Í inntökuferlinu fer maður í gegnum hlaupapróf og styrktarpróf. Síðan er próf í tungumálakunnáttu og almennri þekkingu og svo eru viðtöl. Þá er tekin ákvörðun um hvort maður er ráðinn og ef maður stenst þetta allt saman þá tekur æfingaferlið við,“ segir Birna. Inntökuferlið er um það bil mánuður og æfingaferlið er um tveir mánuðir. Það er þá bæði slökkviliðsþátturinn og sjúkraflutningar. Mikilvægt er fyrir fólk í slökkviliðsstörfum að vera í góðu líkamlegu formi og fylgst er með því. „Við fáum æfingatíma þegar við erum á vöktum og förum í ræktina í Hreyfingu í Glæsibæ. Það þarf þó líka að æfa eitthvað utan vinnunnar og halda sér við þannig. Læknisskoðun er einu sinni á ári og þá er farið í gegnum styrktar- og þolpróf,“ útskýrir Birna áhugasöm en viðurkennir að starfið sé talsvert krefjandi. „Ég bý hins vegar að góðum líkamlegum styrk þar sem ég hef verið mikið í íþróttum og keppnisíþróttum frá því ég var krakki þannig að ég hef mjög góðan grunn. Það gefur líka starfinu gildi að hjálpa og jafnvel bjarga fólki.“

Þrátt fyrir að vera eina stelpan í liðinu þá unir Birna sér vel. „Það hefur verið tekið mjög vel á móti mér og ég hef ekki orðið vör við neina karlrembu. Varðandi aðstöðu eins og búningsklefa og sturtur hefur verið reynt að reikna með því að hér séu líka konur og auðvitað er ég þá stundum svolítið ein en það er ekkert stórmál,“ segir Birna og þykja henni konur eiga jafnmikið erindi í starfið og karlar ef þær standast þær kröfur sem gerðar eru. „Ég er eina konan sem stendur en áður en að ég byrjaði var hér kona við störf í sex ár en hún hætti fyrir rúmu hálfu ári síðan. Þegar ég byrjaði 2001 var ég þriðja konan inn. Þær voru tvær sem byrjuðu í apríl 2001 og svo kom ég í október,“ segir Birna sem hlakkar til að takast á við slökkviliðsstarfið enn á ný.

*- hs*




Birna fullgölluð og til í slaginn. Myndirnar voru teknar á æfingu hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þegar Birna hóf störf í Slökkviliðinu í fyrra skiptið var hún oft á dælubíl og var skráð sem reykkafari tvö.



Í biðstöðu, tilbúin til atlögu við eldsvoða.



Á undirbúningsnámskeiði slökkviliðsmanna er farið vel í alla þætti starfsins og hljóta tilvonandi slökkviliðsmenn bæði bóklega og verklega þjálfun. Hér er Birna að slökkva eld.

## ● FLÓTTAÁÆTLUN FJÖLSKYLDUNNAR

Vitað er að allt of fáar íslenskar fjölskyldur hafa gert áætlun um hvernig þær hyggjast rýma húsnæði sitt ef eldur kemur upp. Slík áætlun getur þó ráðið úrslitum um hvort allir komast heilir út.

Æskilegt er að öll fjölskyldan taki þátt í að gera flóttaáætlun og æfi hana síðan reglulega. Foreldrar og forráðamenn bera að sjálfsögðu ábyrgð á rýmingu íbúðarinnar og ber að forðast að ræða þannig við börn um eldvarnir að það skapi ótta.

Í flóttaáætlun er nauðsynlegt að gera ráð fyrir:

- Tveimur greiðum leiðum út úr íbúðinni og húsinu. Stundum þarf að koma fyrir neyðarstiga úr glugga eða af svölum til að tryggja tvær flóttaleiðir.
- Að allir viti að þeir eigi að fara út um leið og elds verður vart. Hringt er á slökkvilið í 112 eins fljótt og auðið er en forgangsatriði er að koma öllum út.
- Fyrirfram ákveðnum stað þar sem allir hittast þegar út er komið.

Brýnið fyrir ungum börnum að þau megi ekki fela sig inni í skáp eða undir rúmi! Flóttaleiðir í fjölbýlishúsum eiga að beina fólki í stigaganga en ekki í lyftur. Lyftur má aldrei nota í eldsvoða því þær geta stöðvast á þeirri hæð sem eldurinn er og fyllst af reyk. Sérstök athygli er vakin á að SHS býður húsfélögum ókeypis skoðun eldvarna í sameign og eru þau hvött til að notfæra sér þá þjónustu.

Úr bæklingi Forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, www.shs.is



Allt of fáar fjölskyldur hafa gert áætlun um hvernig þær hyggjast rýma húsnæði sitt ef eldur kemur upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Reynt er að skapa sem raunverulegastar aðstæður við æfingar. Birna fór tvisvar sinnum inn í eld þegar hún var við störf í fyrra skiptið og vakti það óneitanlega upp spennu og ótta í senn.




EIN SEM GETUR ALLT

**Hydrema 900MPV**

Öflugt tækjatól, algert galdratól. 6.4 tonn í grunnþyngd. 131 hö Perkins mótor. Liðstýrð með sérstökum einkaleyfisvörðum jafnvægistjökkum með liðstýringunni. Veltibremsa á lið. ZF skifting. 100% stjórnun í báðar áttir, fram/aftur. 40km drif. 100% rafstýrð læsing að aftan. Vökvatregðulæsing framan. Aflúttak á skaft aftan/framan og fyrir 540/1000 sn./min. Þrítengibeisli og lyftikrókur. Tengibúnaður t.d. Framgálgi með skotbómu. Lyftih./5.5m á skotbómu.
**Veghefill með búnaði. Götusópur. Snjóblásari. Loftpressa. Bakkó grafsvið 280°. Krani o.fl. o.fl.**



**Sterkar og snöggar á þungatonnið**

*hágæðavélar frá Hydrema*

ROLSINN Í TRAKTORSGRÖFUM



**Hydrema 906D, 908D, 926D, 928D**

Létti, sterki og snöggi risinn í traktorsgröfunum. 9.6 tonn. 131 hö Perkins mótor. Liðstýrð með sérstökum einkaleyfisvörðum jafnvægistjökkum með liðstýringunni. Veltibremsa á lið. 6 þrepa ZF ERGO-power skifting. Aksturshraði 55km. 100% rafstýrð læsing að aftan, vökvatregðulæsing að framan. 600/60R30 Twin deck. Double Command vendistjórnun með bremsu og olíugjöf í afturgólfi. 1.7m3 opnanleg framskófla. 280°grafsvið á afturgálga o.fl o.fl.

BÚKOLLA - TÆKJATÓL Á GÖTUNA, SKRÁÐ SEM VINNUVÉL



**Hydrema 912D**

Risasmá búkolla, skráð sem vinnuvél. 7.4 tonn. Liðstýrð með sérstökum einkaleyfisvörðum jafnvægistjökkum með liðstýringunni. 131 hö Perkins motor. 6.0m3 Multi-Tip pallur, snýst 180° í sturtun. Veltibremsa á lið.40km drif. 600/55-26.5 dekk. Tækjatól fyrir snjó-tönn, sóp ofl að framan. Krani, saltari að aftan o.fl. o.fl.

BURDARGETA 12 -13 TONN

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

HYDREMA
Gæði í gegn
Komið, skoðið og prófið!

# Eldvarnir eru ekki einkamál

**Jón Viðar Matthíasson hefur brennandi áhuga á eldi og slökkvistarfi. Hann er menntaður brunaverkfræðingur og segist orðinn slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins sökum þess hve hann er góður eiginmaður. Hér talar hann um eldsvoða, forvarnir, sorgir og töfraljóma slökkvistarfsins.**

***Brunar hafa verið tíðir og mikið í umræðunni undanfarið. Hverjar eru helstu ástæður eldsvoða á höfuðborgarsvæðinu?***

„Okkar tilfinning er hreinlega sú að óvarlega sé farið með eld. Ég vona að íkveikjur séu tímabundið vandamál, en oftast eru brunar óviljaverk í starfi og heima, þar sem kviknar í út frá rafmagni eða óvarlega er farið með kerti og kertaskreytingar. Eldsvoðar af völdum kertis eru alltof algengir og algjörlega óþarfir. Kerti eru vissulega falleg en þau þarf að umgangast af virðingu.“

***Hve margir brunar verða á höfuðborgarsvæðinu ár hvert?***

„Sem betur fer erum við ekki kallaðir í brunaútköll á degi hverjum, en sinnum einnig umferðarslysum og sjúkraflutningum. Útköll vegna þeirra voru um 24 þúsund á nýliðnu ári, en aukning er 3 til 6 prósent á milli ára. Brunar eru mun sjaldgæfari, en hreyfingar vegna þeirra voru um 1.400 á síðasta ári.“

***Hvernig stendur slökkviliðið gagnvart skyldum sínum við borgarana í dag?***

„Við erum afskaplega vel mannaðir og þeir sem eiga okkur; sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hafa sýnt mikinn skilning og velvilja. Í stjórn sitja borgarstjóri og bæjarstjórar sem allir eru einhuga og með mjög skýra stefnu um öryggismál. Nýlega var tekin ákvörðun um fjölgun slökkvistöðva á höfuðbogarsvæðinu og á sama tíma verður fjölgað um tuttugu nýja starfsmenn.“

***Hve margir slökkvibílar eru í eigu borgarbúa og hvað eru þeir gamlir?***

„Í fyrstu línu höfum við einn bíl á hverri stöð og í varalínu annað eins. Bílarnir eru á bilinu sex til tíu ára, en í stofnsamningi kveður á um að bílar í fyrstu línu megi ekki vera eldri en tíu ára. Nú liggur fyrir samþykkt um kaup á fjórum nýjum slökkvibílum.“

***Hvernig er slökkviliðið í stakk búið að bjarga fólki úr brennandi háhýsum, sem nú rísa æ hærra á höfuðborgarsvæðinu?***

„Við höfum til umráða körfubíla sem geta flutt niður ákveðinn fjölda manns, en ná aðeins upp í 30 metra hæð, sem samsvarar átta hæða húsi. Því kemst enginn körfubíll ofar þegar brennur í hærri húsum. Hins vegar eru eldvarnir í nýrri háhýsum innbyggðar með eldvörðum flóttaleiðum í sérstökum öryggisstigahúsum.“

***Starf slökkvimanna hefur lengi verið sveipað töfraljóma. Er aðdáun ungra drengja enn sú sama á slökkvistarfinu?***

„Það vona ég innilega því við þurfum að fá þessa einstaklinga í lið með okkur í framtíðinni. Töfraljómi yfir slökkvistarfi er verðskuldaður, en hann þarf að smita stúlkurnar líka. Við heimsækjum fimm ára leikskólabörn með fígúrurnar Loga og Glóð í forvarnarstarfi og Landssamband slökkviliðsmanna er með fræðslu fyrir átta ára börn, en með því reynum við að stimpla inn öryggishugsun barna gagnvart eldi.“

***Eru forvarnir stór þáttur í starfi slökkviliðsins?***

„Já, því við viljum hafa það þannig að þurfa aldrei að sinna brunaútköllum og erum sífellt að ítreka að fólk hugi vel að sér og sínum. Hvert heimili þarf að búa yfir hinni heilögu þrenningu sem er reykskynjari, slökkvitæki og eldvarnarteppi. Það hafa allir skilning á þessum málum og með reykskynjara er heimilið útbúið vekjaraklukku sem vakir yfir heimilisfólkinu.“

***Stendur til að auka þjónustu slökkviliðsins við borgarbúa á nýju ári?***

„Já, nú verða stigin stór skref til framtíðar með fjölgun slökkvistöðva og auknum mannafla. Lokað verður á Tunguhálsi en auk slökkvistöðvanna í Skógarhlíð, Hafnarfirði og á Reykjavíkurflugvelli verða byggðar nýjar slökkvistöðvar við Stekkjarbakka og í Mosfellsbæ. Þá erum við orðnir vel í stakk búnir að sinna höfuðborgarsvæðinu á ágætis viðbragðstíma, utan Kjalarness, en þar höfum við samning við björgunarsveitina á Kjalarnesi sem brugðist hefur með frábærum árangri við útköllum elds og slysa.“



Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, mætir aldrei til vinnu sinnar „af því bara“, frekar en aðrir í hans liði. Hann segir einkenna starf slökkviliðsins hversu einhuga, sterkir og samstilltir íslenskir slökkviliðsmenn eru.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

***Hve margir farast í bruna á Íslandi ár hvert?***

„Að meðaltali hafa það verið einn til tveir, en á milli koma sem betur fer ár án dauðsfalla. Í dag stöndum við frammi fyrir þeirri hörmulegu staðreynd að einn maður hefur látist í bruna í fyrsta mánuði ársins, en það er nóg ástæða til að staldra við og hugsa hlutina upp á nýtt fyrir alla. Ég held að fólk sé meðvitað um að reykur sé baneitraður og í raun þarf óskaplega lítinn reyk til að hafa banvæn áhrif. Númer eitt, tvö og þrjú þarf reykskynjara í allt íbúðarhúsnæði, því flest banaslys verða þegar fólk vaknar ekki.“

***Er brunavörnum í fjölbýlishúsum ábótavant, því undanfarið hefur fólk lokast inni í íbúðum sínum vegna elds hjá öðrum?***

„Eldvarnir eru aldrei einkamál, hvort sem fólk býr í fjölbýlishúsum eða einbýli. Komi upp eldur og reykur hjá einum getur það haft skelfileg áhrif hjá öðrum. Hurðir eru víða í eldri fjölbýlishúsum orðnar gamlar, þurrar og góður eldsmatur, og það þarf að færa í betra horf. Við bjóðum upp á þjónustu fyrir fjölbýlishús þar sem við komum, skoðum og leggjum til hvað hægt er að bæta. Fólk verður að líta sér nær og hlíta þeirri kröfu í reglugerðum frá 1998 að hafa reykskynjara á heimili sínu, en komið hefur til tals í stjórn slökkviliðsins að útvega öllum reykskynjara sem ekki hafa hann. Það hefur verið gert í borgum erlendis og gefið góða raun.“

***Stórbrunar eru ekkert gamanmál, en er ekki stundum gaman að eiga við brjálað bál?***

„Jú, það getur verið gott að fá einn stóran af og til, því í þetta starf veljast einstaklingar sem hafa gaman að átökum og vilja virkilega berjast við verðug verkefni. Því er ekki að neita að það hefur jákvæð áhrif á hópinn þegar við höfum glímt við stórbruna og tekist ágætlega. Því fylgir vellíðan að finna að æfingar hafi skilað sér og mega sín einhvers við erfiðan starfa, en þá á ég við bruna án manntjóns. Öllum líður illa þegar manneskja ferst í bruna og þegar „við missum mann“, eins og við upplifum slíkt því maður dó á okkar svæði, hefur það gífurleg áhrif á mannskapinn sem lengi á eftir er niðurlútur og gagnrýninn á sjálfan sig.“

***Dreymdi þig slökkviliðsstjóradrauma?***

„Nei. Það verður að segjast alveg eins og er, og karlmenn verða að sætta sig við það, að þeir sem taka ákvarðanir í okkar lífi eru eiginkonurnar. Þá er ég ekki að segja að konuna hafi dreymt um að giftast slökkviliðsmanni, heldur þróuðust hlutirnir þannig þegar ég var að klára verkfræðinám í Svíþjóð og vildi fara heim. Þá sagði konan nei því okkur báðum og börnunum leið svo vel í Lundi. Og af því ég er svo góður eiginmaður sagði ég já og dreif mig í framhaldsnám í brunaverkfræði. Eftir það vildi ég aftur fara heim en konan ekki, og þá fór ég að vinna við brunahönnun. Atvik höguðu því svo þannig að laus staða var hjá slökkviliðinu þegar ég kom heim 1991 og hér er ég enn, sem slökkviliðsstjóri frá 2004.“

***Ferðu sjálfur í útköll?***

„Ég fer í öll þau útköll sem teljast stærri og flóknari, og alltaf á vettvang stórslysa og slysa af völdum umhverfismengunar, sem er vaxandi þáttur. Þetta er vissulega flókið og krefjandi starf en verður ekki eins erfitt þegar maður vinnur með hópi góðs fólks sem hefur brennandi áhuga á starfinu. Sumt fólk mætir til vinnu sinnar „af því bara“, en hjá slökkviliðinu vinnur enginn „af því bara“. Þetta er samstilltur hópur sterkra einstaklinga sem standa saman í blíðu og stríðu.“

Þráðlausir samtengjanlegir reykskynjarar
Nýjung á Íslandi!
KORTER.IS



Veldu öryggi
fyrir fjölskylduna
Þráðlausir reykskynjarar sem senda boð sín á milli, jónískir, optískir og hitanemar. Hægt að tengja allt að 20 skynjara saman sem eykur öryggið til muna! Fyrir heimili, stigaganga, fyrirtæki, o.fl.
Ath. að framleiðendur reykskynjara mæla með að þeim sé skipt út fyrir nýja séu þeir orðnir meira en 10 ára gamlir.
ÓLAFUR GÍSLASON & CO. HF. ELDVARNAMIÐSTÖÐIN
Sundaborg 7 - 104 Reykjavík - S. 568 4800 - www.olafurgislason.is

# MINNA TJÓN!

**Steinullin þolir 1000°C hita í 120 mín án þess að bráðna.**

Við val á einangrun í atvinnuhúsnæði er mikilvægt að hafa í huga áhættuna sem felst í því að nota brennanlega einangrun. Slík ákvörðun getur verið ávísun á óþarfa eignatjón en getur einnig haft í för með sér:

- Langvarandi framleiðslutap
- Tjón á birgðum og dýrmætum hráefnum með langan afhendingartíma
- Missi viðskiptavina og minni markaðshlutdeild
- Uppsögn starfsmanna í lengri eða skemmri tíma
- Hærri tryggingaiðgjöld

Steinullin gefur ekki frá sér eitraðar lofttegundir né dropar niður við bruna.
Þannig hindrar Steinullin útbreiðslu eldsins og kemur í veg fyrir stórtjón.
Steinullin veitir raunhæfa vörn og hindrar að hiti skerði burðarþol byggingarinnar.

**Láttu ekki eldinn ná tökum á fyrirtækinu.**
**Steinullarvarið hús er betri eign.**

STEINULL STÖÐVAR ELDINN!



Hér á myndinni sést hvernig klæðningin hefur brunnið í burtu en steinullin ekki haggast.

AUGLÝSINGASTOFA E.BACKMAN

STEINULL HF

Sauðárkróki • Sími 455 3000 • Fax 455 3019 • steinull@steinull.is • www.steinull.is
**Söluskrifstofa og ráðgjafaþjónusta** Nethyl 2 C • Sími 567 4716 og 862 6342 • Fax 567 4713



Tími í bekkpressu er hluti af þeirri alhliða þjálfun sem slökkviliðsmenn stunda en Björgvin segir að það að lyfta þungu sé ekki aðalatriði, heldur styrkur og gott úthald.



Allir saman nú. Slökkviliðsmenn úr Skógarhlíð og ofan af Tunguhálsi æfa saman, átta í senn í Hreyfingu.



Svo þýðir ekki að vera stífur. Teygjur að lokinni æfingu liðka líkamann.




Regluleg líkamsrækt er hluti starfsins en árlega fara slökkviliðsmenn í próf til að ganga úr skugga um hvort þeir standast kröfur um líkamlega hreysti.



Gott úthald er nauðsynlegt og hlaupabrettin hjálpa til að viðhalda því.

# Það þarf styrk og gott

**Liðsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þurfa að huga vel að heilsu og hraustleika til að geta sinnt störfum sínum, enda menn sem leggja oft líf sitt og limi að veði til að tryggja öryggi almennings.**

Það er enginn hægðarleikur að ráða niðurlögum elds íklæddur þungum slökkvigalla og með 30 kílóa reykköfunartæki á bakinu, svo ekki sé talað um ef bjarga þarf íbúum brennandi húss. Þá reynir sannarlega á þolrifin, líkamlegan styrk og úthald, sem eru allt saman skilyrði þess að geta sinnt starfi slökkviliðsmanns að sögn Árna Oddssonar, varðstjóra hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í Skógarhlíð.

„Maður verður að vera í góðu formi, þar sem maður verður svifaseinni með tækið á bakinu í hitanum og sér kannski ekki út úr augum fyrir reyknum sem stígur upp úr eldhafinu,“ segir Árni og bætir við að sjúkraflutningar séu ekki síður krefjandi hluti starfsins. „Þá er maður kannski að bera fólk á milli hæða og það tekur á, sérstaklega þegar verið er að setja fólk á börur og lyfta því í rétta hæð. Ég tala nú ekki um ef það gerist nokkrum sinnum á dag. Þá hjálpar mikið til að vera í formi.“

Til að halda sér í formi æfa slökkviliðsmenn líkamsrækt af kappi, en starfsmenn Slökkviliðsins í Skógarhlíð þar sem Árni er varðstjóri mæta reglulega í tíma í Hreyfingu. „Við mætum þarna fjórir úr Skógarhlíð og fjórir frá Tunguhálsi og erum að í svona tvo tíma á morgnana. Hitum upp, förum ýmist í spinning, body pump eða lyftum í tækjasalnum og tökum teygjur í lokin. Okkar þjálfun er alhliða, þar sem almennur styrkur og gott úthald er gríðarlegt atriði. Þetta snýst ekki um að vera með nein 200 kíló í bekkpressu.“

Árni bætir við að þess utan sé slökkviliðið með fína líkamsræktaraðstöðu á stöðinni í Skógarhlíð sem menn geti notað hvenær sem er þegar vinnuskyldu þeirra lýkur, en milli þess sem þeir eru á vettvangi fer töluverður tími í að yfirfara og þrífa tækjabúnað, fara yfir lyf sem fylgja sjúkrabílum og fleira.

Einu sinni á ári undirgangast slökkviliðsmenn síðan próf þar sem skorið er úr um hvort þeir uppfylla þær líkamlegu kröfur sem til starfsins eru gerðar. „Maður tekur þrekpróf, gengur



Þegar slökkviliðsmenn á stöðinni í Skógarhlíð eru ekki að æfa í Hreyfingu geta þeir sem vilja æft sig á stöðinni sjálfri þegar vinnuskyldu lýkur.



Hér sést hvar starfsmaður Hreyfingar leiðbeinir slökkviliðsmönnum, enda mikilvægt að bera sig rétt að.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# þol

á bretti með reykköfunartækið á bakinu í slökkvigalla, á vissum hraða og við tiltekinn halla í ákveðinn tíma," segir Björgvin. „Þannig getum við séð hvort við erum að standa okkur eða ekki. Síðan eru birtar heildarniðurstöður hjá öllum, þá ekki undir nafni heldur hvar maður stendur gagnvart heildarfjöldanum. En það er mikill metnaður hjá öllum að vera í góðu formi."

Starf slökkviliðsmanna er því augljóslega ekki fyrir hvern sem er, enda þurfa menn að undirgangast sérstakt inntökupróf til að komast í liðið, sem er að sögn Árna svipað árlegu prófi slökkviliðsmanna. Líkamlegi þátturinn er því augljóslega erfiður, eða eins og Árni orðar það er hann hluti af því að vera tilbúinn til að gera það sem þarf. *- rve*



● **ELDUR ÚT FRÁ SJÓNVÖRPUM** Slökkvikerfi eru mikilvæg í gömlum sjónvörpum. Hins vegar er ekki selt mikið af slíkum kerfum lengur enda hafa flatskjáir rutt sér til rúms hin síðari ár. Slík sjónvörp eru öruggari en gömlu lampasjónvörpin þar sem þau ganga köld og engin hætta er á að myndlampi springi, auk þess sem minna pláss er til að koma slíkum slökkvitækjum fyrir.



● **JÓNÍSKIR OG OPTÍSKIR REYKSKYNJARAR** Jónískir reykskynjarar bregðast skjótt við reyk og eru góðir alhliða reykskynjarar í flest rými á heimilum. Þeir eru einnig næmir fyrir raka, hita og brælu frá matargerð og henta því ekki í þvottahús og eldhús.

Optískir reykskynjarar bregðast einnig skjótt við reyk en eru ekki eins næmir fyrir öðrum breytingum og henta því vel til dæmis í eldhús. Í alrými er gott að hafa bæði jónískan og optískan skynjara.





# Reykskynjara í öll herbergi

**Að ýmsu þarf að huga þegar eldvörnum er komið upp á heimilum til að þær hafi tilætluð áhrif.**

Það er vitað mál að góðar eldvarnir á heimilum hafa bjargað mörgum mannslífum. Björgvin Tómasson, framkvæmdastjóri Nortek, segir nauðsynlegt að velja tæki sem henta aðstæðum og staðsetja þau rétt eigi þau að þjóna tilgangi.

„Hérna áður börðumst við fyrir því að menn fengju sér reykskynjara á ganginn heima hjá sér. Nú viljum við að þeir fái sér slökkvitæki, eldvarnarteppi og reykskynjara,“ segir Björgvin og bætir við að best sé að koma eldvarnarteppi fyrir í eldhúsi sem næst eldavél og slökkvitæki til dæmis í anddyri, þar sem maður vill komast út úr húsi, og í bílskúr, þar sem hætta er á eldi vegna leysiefna. Reykskynjarar eigi hins vegar heima í öllum svefnherbergjum, vegna þess hversu mikil eldhætta stafi af rafmagnstækjum.

„Það sest auðvitað ryk á þessa hitagjafa og það getur hæglega kviknað í út frá þeim. Ef einhver er í vafa má benda á hversu algengur bruni er í eldhúsum og þvottaherbergjum. Herbergi unglinga sækja síðan fast á. Ástæðan er sú að unglingar eru með alls konar tæki inni hjá sér, tölvur, sjónvörp og hljómflutningsgræjur, og eru með þau í gangi allan sólarhringinn. Þess vegna eiga reykskynjarar heima í svefnherbergjum. Það er kannski ljótt að segja það en barn er dáið ef það kviknar í tækjunum í herberginu áður en reykskynjari í holinu fer í gang.“

En hvað með þá kenningu að það fari illa með tölvur að vera sífellt að kveikja og slökkva á þeim? „Ég hlusta ekki á það,“ svarar Björgvin án þess að hugsa sig um. „Þetta er nú meira draslið ef tölvan þolir ekki að slökkt sé á henni á kvöldin og kveikt aftur á morgnana. Í mínu fyrirtæki eiga allir að slökkva á sínum tölvum þegar þeir yfirgefa vinnustaðinn og heima hjá mér er aldrei farið að sofa nema búið sé að slökkva á tækjunum.“

Björgvin segir ekki síður mikilvægt að velja réttu græjurnar, en í því samhengi sé best að snúa sér til viðurkenndra aðila. „Þá erum við að tala um Öryggismiðstöðina, Securitas, Nortek, Eldverk og Slökkvitækjaþjónustuna, sem geta veitt ráðgjöf og góða þjónustu. Þetta eru kannski dýrari tæki, en það er betra að borga meira fyrir tæki frá viðurkenndum aðilum því þá er maður öruggur á því að hægt sé að þjónusta þau. Það eru hins vegar tæki til sem ég myndi aldrei kaupa og skrúfa upp heima hjá mér.“

Hann bendir einnig á nauðsyn þess að huga að flóttaleiðum úr húsnæðinu í tengslum við bruna. „Þetta á sérstaklega við um húsnæði á fleiri en einni hæð. Við viljum hvetja fólk til að hugleiða hverjar flóttaleiðirnar út úr húsinu eru, svo þær séu tryggar og ljóst hver ferillinn er. Slíkar upplýsingar má nálgast hjá slökkviliðinu.“ *- rve*



Björgvin mælir með að menn fái sér slökkvitæki, til dæmis léttvatnstæki, fram í anddyri og duft- eða kolsýrutæki í bílskúra og reykskynjara, sérstaklega optíska skynjara, í öll svefnherbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Þegar bjöllur fara í gang

**Stórbrunar geta átt sér stað í útihúsum sveitabæja eins og dæmin sanna. Ágúst Sturla Jónsson, öryggisráðgjafi hjá Securitas, var spurður út í þær brunavarnir sem bændum standa til boða.**

„Þar sem mikil óhreinindi eru í heyi sem skepnum er gefið er vandamál hve venjulegir reykskynjarar óhreinkast fljótt í gripahúsum. Þá fara þeir að senda falsboð því rykugur skynjari fer í gang við minnsta tilefni. Í staðinn erum við með skynjara með merkinu Harsh sem er að mörgu leyti líkur þeim hefðbundna nema hann er með viftu og filter þannig að hann heldur ryki og raka í burtu,“ byrjar Ágúst útskýringar sínar.

Auk þess nefnir hann kerfi sem senda boð í stjórnstöðvar, bæði heima við bæ og í höfuðstöðvum öryggisfyrirtækja eins og Securitas eða Öryggismiðstöðvarinnar. Algengastar í dag eru svonefndar vistfangsstöðvar. „Hver skynjari fær þá vistfangsnúmer,“ segir hann og lýsir nánar. „Skynjari í fjósinu gæti verið númer eitt, í kálfastíunni númer tvö og svo framvegis. Stjórnstöðin á að vera við þann inngang sem er aðkoma slökkviliðs. Þar sést hvaða skynjari fór í gang ef kviknar í og þar kemur líka fram ef skynjari númer 12 er óhreinn, til dæmis. Þá þarf að skipta um síu.“ En hvar skyldu boðin koma fram á neyðarkerfum slökkviliðs?

„Það er undir þeim komið sem kaupir kerfið. Samkvæmt reglugerðum Brunamálastofnunar eiga boðin að vera send til vaktstöðvar, hvaðan af landinu sem er, annaðhvort til okkar hjá Securitas eða Öryggismiðstöðvarinnar sem hinn aðilinn sem býður upp á svona fjartengiþjónustu. Við erum síðan með útkallslista en hringjum fyrst á sveitabæinn til að athuga hvort einhver sé heima og hvort eðlileg skýring sé bak við útkallið. Svo er hringt í slökkviliðið og það ræst út. Í eðlilegum aðstæðum ætti fólk að láta okkur vita að fyrra bragði ef ekkert er á bak við boðin. Við notum líka GSM búnað til að senda viðkomandi SMS beint.“

Í lokin er Ágúst spurður hvort mikið sé um að fólk setji brunavaktbúnað í útihúsin sín. „Það er ekki mjög algengt en nokkur dæmi eru um það og þá einna helst í fjós. Auðvitað er kostnaður þessu samfara. Svona búnaður er á 300 þúsund og upp úr og menn borga mánaðarlega fyrir fjarvöktunina. En óneitanlega hafa komið fleiri fyrirspurnir til okkar eftir eldsvoðann á Árskógsandi.“ *-gun*



**Ekki er algengt að fólk setji brunavaktbúnað í útihús en þó eru nokkur dæmi þess og þá helst í fjósum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**„Óneitanlega hafa komið fleiri fyrirspurnir til okkar eftir eldsvoðann á Árskógssandi,“ segir Ágúst Sturla, öryggisráðgjafi hjá Securitas, spurður um brunakerfi í útihús.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


# Líf, heilsa, umhverfi, eignir
# ábyrgð okkar allra

## Er allt klárt á þínu heimili?

- Myndi fjölskyldan vakna tímanlega ef eldur kæmi upp?
- Vita allir hvernig þeir eiga að komast út úr brennandi húsi?
- Eru eldvarnateppi og handslökkvitæki til taks?
- Er innbú fjölskyldunnar tryggt?

**Alltof algengt er að fólk harmi það eftir á að hafa ekki tryggt lágmarks eldvarnir á heimilinu. Láttu það ekki henda þig!**

Brunamálastofnun og slökkviliðin í landinu stuðla að öryggi almennings með öflugum eldvörnum og viðbrögðum við eldsvoðum. Þar skipta líf og heilsa fólks mestu.

Starf okkar dregur þó ekki úr ábyrgð einstaklinga. Hver og einn getur gert meira en opinberir aðilar til samans til þess að tryggja öryggi sitt og sinna. Reykskynjarar og eldvarnateppi eru einfaldur og ódýr búnaður. Hann getur þó skipt sköpum um afdrif fólks og eigna þegar eldur kemur upp.



**Brunamálastofnun**

Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
brunamal@brunamal.is
www.brunamal.is

# AUKIÐ EFTIRLIT – AUKIN GÆÐI




**Nýja FLIR ThermaCam hitamyndavélin sér galla í einangrun húsa, getur séð fyrir rafmagnsbilanir og er tilvalin til að sjá skemmdir í pípulögnum.**

- Fylgist með á framkvæmdastigi og finnið falda galla áður en í óefni er komið.
- Finnið skemmdir í eldri kerfum án þess að þurfa að brjóta niður veggi með margföldum kostnaði.
- Sjáið hitamyndun í háspennumannvirkjum og öðrum raflögnum sem geta sagt fyrir um bilanir, áður en þær verða.

ÍSMAR

Nýjasta tækni – **Aukin hagkvæmni**

**Ísmar :: Síðumúla 28 :: 108 Reykjavík**
**Sími 510 5100 :: ismar@ismar.is**

DINU HAFA VERIÐ ÞRÁLÁTAR SÖGUR Í GANGI UM AÐ NYLON SÉ HÆTT. ÞAÐ ER EKKERT TIL Í ÞEIM SÖGU-
TTIR FÉKK AÐ HEYRA SANNLEIKANN OG SÖGURNAR ÚR BRANSANUM.



# ÐINU

tortrygginn því maður heldur að fólk sé bara að grínast," segir Klara. En annars fara þær fögrum orðum um breska aðdáendur og segja þá mjög þakkláta.

## Elska að gigga

Hvað finnst þeim um íslenska tónlistarmarkaðinn?

„Það er ekkert samasemmerki á milli þess að vera með vinsælasta lagið í útvarpinu og vera uppi á sviði alla daga. Það er takmarkaður hópur sem getur lifað af því að „gigga" út í eitt á Íslandi. Það er ekki verið að bóka popphljómsveit marga daga í viku eins og við myndum vilja hafa það," segir Alma og það heyrist á röddinni í henni að hún myndi helst vilja vera uppi á sviði alla daga. Þær verða dreymnar á svip þegar þær rifja upp stemninguna sem ríkti í Bretlandi þegar þær túruðu um landið. „Performans sem slíkt úti er líka allt öðruvísi en hérna heima. Það er ekki að syngja ballöður með undirspili á diski. Úti vilja menn bara töff lúkk og poppatriði," segir Klara. Þær eru sammála um að það vanti svolítið upp á glamúrinn á Íslandi miðað við „giggin" í Bretlandi. „Íslendingar eru líka mjög feimnir og þora ekki að sleppa fram af sér beislinu," segir Steinunn. Þær eru sammála um að Kaupþingstónleikarnir hafi verið með þeim bestu og þær vildu óska að það væru haldnir fleiri slíkir tónleikar á Íslandi.

Nú eruð þið búnar að gera alla þessa hluti, eruð þið búnar að græða mikið af peningum? „Já, á köflum höfum við gert það og lifað á þessu. En á köflum höfum við ekki lifað á þessu," segir Alma og stelpurnar taka undir það. Þegar þær eru spurðar út í mesta lúxusinn sem fylgir poppstjörnulífinu þá nefna þær humar og sumarbústaðaferðir í sömu andrá. „Við elskum að fara upp í sumarbústað saman og þá höldum við humarveislu," segja þær nánast í kór og sleikja út um þegar þær minnast á allan humarinn og hvítlaukssmjörið sem þær eru búnar að innbyrða undanfarin ár. Humarveislurnar eru þó alls ekki haldnar vikulega, bara spari.

## Allt á útopnu

Þótt það hafi verið í nógu að snúast hjá hljómsveitinni hafa stelpurnar nýtt tímann vel. Steinunn rak leikhús um tíma en nú er hún að byrja í alþjóðaviðskiptafræði. Hún ætlar þó ekki í fullt nám. „Svo hef ég verið að vinna svolítið með Rauða krossinum ásamt því að sinna markaðsmálum fyrir fjölskyldufyrirtækið, Gull og silfur. Það er mjög gaman," segir Steinunn. Klara er líka í námi. Hún byrjaði í stjórnmálafræði í haust og kann vel við sig. Auk þess hefur hún gert það gott sem fatahönnuður en hettupeysur hennar hafa hlotið mikið lof en þær hefur hún selt í versluninni Figúru á Skólavörðustíg. Alma segir að Klara hafi varla haft undan að sauma en sjálf vill hún ekki gera mikið úr því. „Svo er ég að vinna í félagsmiðstöð í Hafnarfirði. Það finnst mér algert æði því mér finnst svo gaman að vera í kringum fólk," segir hún. Alma geystist fram á ritvöllinn á síðasta ári og skrifaði bókina Postulín ásamt Freyju Haraldsdóttur. „Það var brjáluð vinna að skrifa bókina og ná að gefa hana út fyrir jólin. Það var mjög mikið stress í kringum hana og mikið að gera í því fyrir jólin. Þetta var mitt aðalstarf síðustu mánuðina meðfram Nylon. Svo var ég að byrja í fjarnámi frá Bifröst, þetta er grunnnám í rekstrarfræði og heitir Máttur kvenna. Þetta er mjög spennandi en í þessu er farið yfir aðalatriðin sem maður þarf að kunna til að geta plummað sig í eigin rekstri. Þetta eru aðallega markaðsmál og fjármál," segir Alma og Steinunn skýtur því inn í að þetta sé bara gert til að undirbúa framtíð Nylon. Ásamt þessu hefur Alma haldið sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga.

Hvernig er að vera búnar að vera eins og samlokur síðustu fjögur ár, verðið þið aldrei þreyttar á hver annarri? „Jú, það gerist reglulega enda erum við mannleg-ar," segir Alma. Þær stöllur segjast hvíla sig á hver annarri þegar þær finna fyrir þreytu. „Stundum er maður líka bara þreyttur á áreiti og stundum þráir maður bara eitthvað rólegt. Þá þarf maður bara að fara heim og fá góðan svefn," segir Alma og hinar taka undir að það séu aldrei nein leiðindi í gangi og þær fái fráhvarfseinkenni þegar þær séu ekki búnar að hittast í tvo daga.

Þegar þær eru spurðar að því hvað þær hafi lært á þessum fjórum árum nefna þær mannleg samskipti. „Ég er komin með mastersgráðu í þeim og búin að öðlast mikla víðsýni. Ég veit hvað mér finnst gaman og geri það sem mig langar hvort sem einhverjum finnst það asnalegt eða ekki. Mér finnst ég hafa lært að vera ánægð með það sem ég geri og vera stolt af því," segir Steinunn og hinar taka undir þetta. Hún segir jafnframt að hún hafi lært það að feimni borgi sig ekki. „Hún kemur í veg fyrir að maður geti upplifað draumana sína." Næsta skref er að taka upp tvö ný lög fyrir Bretlandsmarkað. Í kjölfarið þurfa þær að gera myndband við lagið og svo verða lukkudísirnar að sjá um restina. En jákvæðnin geislar af þeim og þær vita líka að hljómsveitin hefur bara ákveðinn líftíma og því er eins gott að nýta tímann vel.





Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.



**GRAND VITARA frá 2.940 þús.**
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.



**Swift 4X4 1.799 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.



**JIMNY 1.859 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SUZUKIBILAR.IS · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100

# MARIMEKKO HRESSIR UPP Á H&M



Í TÍSKU Í HÁLFA ÖLD Marimekko er finnskt textílfyrirtæki sem hefur verið starfrækt síðan 1951.

Hönnuðir H&M hafa hannað fatalínu fyrir sumarið 2008 með mynstrum Marimekko. Mynstrin eru frá árunum 1950-1970 og munu birtast á 50 fatategundum, meðal annars í víðum „seventís" kjólum, toppum, pilsum og stuttbuxum. Yfirhönnuður H&M, Margareta van den Bosch, segir að hönnuðir H&M hafi lengi dáð hönnun og litaval Marimekko. Þessi nýja fatalína H&M er afar lífleg og eins og vítamínsprauta fyrir hillur og slár fyrirtækisins, en flíkurnar verða fáanlegar í verslunum keðjunnar frá og með apríl.

H&M leggur einnig mikla áherslu á bómull þetta vorið og mun framleiða sérstaka línu úr 1.500 tonnum af lífrænni bómull. Á þennan hátt mun fyrirtækið reyna að sameina áhuga viðskiptavina sinna á tísku og umhverfismálum. Vörurnar úr lífrænu bómullinni verða sérstaklega merktar þannig að viðskiptavinir átti sig betur á því hvað þeir eru að kaupa en áætlað er að framleiða vörur fyrir alla viðskiptavini verslunarinnar úr efninu; þ.e.a.s. karlmenn, konur, unglinga og börn. Einnig verða seldir fylgihlutir úr bómullinni.

Í febrúar er svo væntanleg fatalína í verslanir keðjunnar sem kallast „Fashion against Aids". Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða fatnað sem vekur athygli á alvöru eyðni meðal ungs fólks víðs vegar um heiminn.

H&M hefur fengið ýmsa listamenn til liðs við sig vegna þessa eins og Rihanna, Chicks on Speed, Good Charlotte, Henrik Vibskov, Jade Jagger, Justice, Katharine Hamnett, My Chemical Romance, Rufus Wainwright, Scissor Sisters, The Cardigans, Tiga og Ziggy Marley. Allt þetta fólk hefur búið til sitt eigið slagorð gegn eyðni sem þrykkt hefur verið á fatnaðinn. Stjörnurnar pósa líka frítt á auglýsingaveggspjöldum fyrir línuna og mun hluti af söluágóða fatnaðarins renna til baráttu gegn eyðni.

*- snæ*


G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Lokadagur útsölu

á morgun laugardag

50% afsláttur

Flottust

opið föstudag 11-18.30 og

laugardag 10-17.00



G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.


Útsalan í
fullum gangi
50-70%
afsláttur
munthe plus simonsen
COPENHAGEN
Vatnsstíg 3 I 101 Reykjavík I 552 0990
www.muntheplussimonsen.com

**sirkus STJÓRINN**

## Hverjir voru hvar?



Aldrei þessu vant var Sirkusstjórinn í rólegri kantinum um síðustu helgi og setti krafta sína í að neyta dýrindismatar og naut huggulegheita í heimahúsi. Á laugardagskvöld var þó skriðið undan feldinum og haldið út á lífið. Að þessu sinni sem og endranær varð Boston fyrir valinu sem var stútfullt af skemmtilegheitum. Tónlistarmennirnir Magnús Þór Sigmundsson og Gummi Jóns í Sálinni fögnuðu þar tilverunni kampakátir en fyrr þetta sama kvöld öttu þeir kappi í Laugardagslögunum þar sem lag Magnúsar þurfti að láta í lægri pokann fyrir lagi Gumma. Tónlistar- og bankastarfsmaðurinn Sölvi Blöndal var þar sömuleiðis með huggulega konu sér við hlið og virtist rómantíkin svífa þar yfir vötnum.



Leikararnir voru ekki langt undan þetta kvöld en Boston virðist vera núna félagsmiðstöð leikara. Halldór Gylfason fór þar fremstur í flokki og bar allóvenjulega húfu þetta kvöld sem spillti ekki fyrir sjarma leikarans góðkunna. Pressuleikararnir Magnús Jónsson og Orri Huginn voru sömuleiðis kátir og skemmtu sér vel með Sigríði Eyrúnu leikkonu sem lék á als oddi. Eftir góða stund á barnum sem var aðeins lengri en lagt var upp með hélt Sirkusstjórinn heim sæll og glaður.





vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# 10 SÍMANÚMER sem gætu bjargað lífi þínu á ögurstundu





**1** Það er einungis korter í eldheitt stefnumót, þú stendur enn á nærfötunum einum fata og hefur ekki hugmynd um hverju á að klæðast fyrir kvöld sem gæti orðið örlagaríkt ef haldið er rétt á spöðunum. Á slíkum stundum gæti símtal til Dorritar Moussaieff bjargað málunum og sjálfstraustinu, því hver gefur betri stílráð en smekklega forsetafrúin?



**2** Þú ert staddur í uppáhaldsbúðinni þinni sem er ekki alveg í þínum verðflokki. Þú ákveður að splæsa í nokkra hluti en þegar komið er að skuldadögum og þú lætur renna kortinu í gegn er því miður engin heimild. Með númer Björns Inga Hrafnssonar í símanum væri þó málið leyst, þú gætir pottþétt fengið hann til að kría út góðan afslátt og jafnvel fengið að skrifa það á flokkinn um leið.



**3** Árshátíðin er eftir örfáar vikur, svínahryggurinn situr fastur á mjöðmunum og síðuspikið er í algjöru hámarki eftir jólahátíðarnar. Þú sérð fram á að þurfa að klæðast sirkustjaldi í stað pallíettukjólsins sem er engan veginn ákjósanlegur kostur. Ljóst er að hvorki aðhaldsnærbuxur né lífstykki munu halda svíninu inni en númerið hjá Jónínu Ben gæti svo sannarlega hjálpað þér að gera það með persónulegri stólpípumeðferð.





**4** Þig langar að verða frægur fyrir annað en að halda úti rasistabloggi. Þú hefur bókstaflega reynt allt og veist ekki hvað þú átt til bragðs að taka því ofan á allt annað ert þú gjörsamlega sneyddur öllum hæfileikum. Í þessu tilfelli væri símanúmer söngvarans Geirs Ólafssonar kraftaverkamanns gullnáma og ætti hann heldur betur að geta deilt með þér heillaráðum um það hvernig best sé að öðlast frægð og frama.



**5** Þú átt við svefnvandamál að stríða og hefur ekki fest svefn svo dögum skiptir. Símhringing til Gunnars Þorsteinssonar í Krossinum gæti fært þig í faðm Óla Lokbrár á mettíma og hugsanlega á meðan Gunnar þylur trúarjátninguna.





**6** Deitið þitt dömpaði þér í gegnum sms-skilaboð. Þú ert miður þín því þú þráir ekkert heitar en að fá ást þína endurgoldna. Þú hringir í Hallgrím Helgason og biður hann um að semja handrit að símtali sem myndi vinna ástina til baka.



**7** Skammdegisþunglyndið er að fara með sálartetrið, brjóstbirtan er meira að segja hætt að hressa þig við. Með símanúmer mannsins sem er alltaf í stuði, Hemma Gunn, værir þú í góðum málum og eitt símtal við stuðboltann gæti heldur betur lyft þér upp í hæstu hæðir. Eina sem ber að taka með í reikninginn er að það er alltaf á tali hjá Hemma því hann er vinsæll símavinur.



**8** Þú hefur fengið þig fullsadda/n af kassalöguðu lífi þínu sem einkennist af gráum hversdagsleika. Þig langar að missa tökin svona einu sinni. Alla tíð hefur þig dreymt um að mæta í vinnuna og láta alla taka eftir þér. Þú slærð á þráðinn til Skjaldar stílista og mælir þér mót við hann og á mettíma mun hann breyta þér svo um munar. Þegar þú mætir í vinnuna með hrafnsfjarðir í hárinu, íklædd/ur svörtum latexgalla og í buffalóskóm snúa sér allir úr hálslið og þér líður öðruvísi. Tilfinning sem er ómetanleg.



**9** Þú ert í tómum vandræðum með sjálfa/n þig og veist ekkert hvernig þú átt að vera. Þú labbar um hokin/n, umgengst ekki rétta fólkið og kannt enga mannasiði. Í slíkri tilvistarkreppu væri símanúmer Sigríðar Snævarr himnasending en hún er með áratugareynslu af því hvernig á að hegða sér og bera sig. Í leiðinni gæti hún frætt þig um barnauppeldi á sextugsaldri.



**10** Þú ert búin/n að lifa allt of hátt og ert við það að brotlenda. Þú átt enga peninga og þar af leiðandi enga vini, allt virðist vera búið. Á slíkri örlagastundu væri langsmartast að hringja í Hannes Smárason. Þið gætuð deilt sögum af köflóttri tilveru.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Smíðaverkstæðið
spennandi samtímaleikritun í vetur
√ frábær sviðsverk eftir heimsþekkt leikskáld
√ umræður, kynninga og fræðsla í tengslum við sýningar
√ leikhúsbar með léttri stemmningu
Þrennutilboð
Þrjár sýningar á Smíðaverkstæðinu á 7.500 kr
(fullt verð 9.300, ath. að einnig er hægt að kaupa miða á staka sýningu)
Konan áður e. Roland Schimmelpfennig
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
Sjáðu og heyrðu meira á www.leikhusid.is

# vikan

## Þú kemst ekki í gegnum vikuna nema ...




... renna brúnkuklút yfir andlitið, ekki til að verða appelsínugulur í framan, heldur til að líta ekki út fyrir að vera framliðin(n).

... að fjárfesta í pels til að verða ekki úti í öllum kuldanum og frostinu.





... endurskipuleggja bókahillurnar. Litaraðaðu bókunum þínum, skreyttu með lömpum og öðru fíneríi. Þegar þú gerir þetta er aldrei að vita nema þú hnjótir um skemmtilegar bækur sem þú varst búin/n að gleyma að þú ættir.

... japla á þörungum og sölvum og ímynda þér að líf þitt verði betra fyrir vikið. Hættu að gúffa í þig sælgæti í tíma og veldu hollara narl á milli mála. Áður en þú veist af verður þú orðin/n eins og Pamela Anderson áður en hún byrjaði í ruglinu.





**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Mun koma aftur í sjónvarpið

Sigríður Arnardóttir fjölmiðlakona er fædd 26.07 1965. Klingenberg segir að nafna sín sé mikil tilfinningakona og hún geri ekkert nema af ástríðu. „Sirrý þarf að stjórna sér sjálf af því að hlutirnir þurfa að gerast einn tveir og þrír. Þá er nú ekki gott að hafa einhvern yfirboðara. Sirrý hefur líka mikla ástríðu gagnvart lífinu, ástinni, fjölskyldunni og öllu sem hún kemur nálægt. Hún er sko alls ekki að syngja sinn síðasta lagstúf í sjónvarpi og það mun ekki líða langt þar til hún kemur spræk með nýjan sjónvarpsþátt sem sprengir markaðinn. Sirrý er nía sem gerir hana mjög næma á fólk. Það þýðir líka að hún þarf að tengjast fólki úti um allan heim og núna er hún á tölunni sjö sem háandleg tala. Hún á eftir að dvelja töluvert erlendis, bæði til að hvíla sig en líka til að sanka að sér efni fyrir nýju innkomuna sína. Fjölskyldulífið er í miklum blóma hjá henni og þegar hún verður 76 ára verður hún jafn ástfangin af kærastanum og þegar hún var þrítug. Sigríður er sterk og sjálfstæð kona en undir niðri er hún með lítið þrastarhjarta. Hún tekur baknag og öfund inn á sig og gleymir ekki því fólki sem hefur lagt stein í götu hennar," segir Klingenberg og bætir því við að 2008 verði hressandi ár hjá Sirrý sem muni gefa henni nýjan kraft. „Núna er hún í viðræðum við fólk og það eru samningar í gangi. Áður en langt um líður munum við fá fréttir af Sirrý. Það verður mikill hraði hjá henni 2009 og þá þarf hún að spýta í lófana til að fúnkera," segir Sigríður Klingenberg og endar á þessari vísu:

Flyttu ekki för of mikið
Farðu ekki yfir strikið
Þér mun öðlast þor og kraftur
Þegar þú ferð í sjónvarp aftur



**SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Sigríður Klingenberg segir að Sirrý sé mikil tilfinningakona.

# HANNAR UMSLAG FYRIR GOLDIE

Grafíski hönnuðurinn Siggeir Magnús Hafsteinsson hefur lokið við að hanna umslag fyrir væntanlega plötu tónlistarmannsins Goldie. „Aggi vinur minn (Agnar Agnarsson, eða Dj Agzilla) og Goldie eru búnir að vera vinir í mörg ár. Ég gerði veggspjald þegar Goldie kom hingað að spila og honum leist vel á „lúkkið" sem var á því og spurði hvort ég væri til í að gera „coverið".

Að sögn Siggeirs verður um nokkrar tegundir af umslögum að ræða því Goldie ætlar að gefa plötuna bæði út á geisladiski og vínyl, auk þess sem lögin verða gefin út á netinu, hvert með mismunandi hönnun. Að auki hefur Goldie fengið Siggeir til að hanna umslagið á annarri plötu sem hann er með í smíðum undir merkjum hljómsveitar hans Rufige Kru.

„Þetta er rosalega skemmtilegt. Hann var alla vega mjög ánægður," segir Siggeir um samstarfið með Goldie. „Hann lætur mig alveg heyra ef hann er ósáttur. Hann er harður og sparar ekki orðin. Maður verður bara að svara honum."

Siggeir, sem hefur fengið viðurkenningar fyrir hönnun sína erlendis, hefur áður hannað umslög fyrir hljómsveitir, þar á meðal XXX Rottweiler. Hann er nýkominn heim frá New York þar sem hann vann á virtri auglýsingastofu og gerði þar m.a. upphafsstefið fyrir þáttinn Made á MTV-sjónvarpsstöðinni.

Núna vinnur Siggeir á auglýsingastofunni Fíton og hefur nóg að gera. Hyggur hann jafnframt á að halda sýningu á verkum sínum á næstunni.



**SIGGEIR MAGNÚS HAFSTEINSSON** Siggeir hefur notið þess mjög að starfa með Goldie.




**UMSLAG** Hönnun Siggeirs prýðir umslagið á nýjustu plötu tónlistarmannsins Goldie.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

## HÉR MÆTAST TORFI FRANS ÓLAFSSON, FRAMLEIÐSLUSTJÓRI Á TÆKNISVIÐI CCP HF., OG TÓNLISTARMAÐURINN OG MILLJÓNAMÆRINGURINN SIGTRYGGUR BALDURSSON.

**1. Hvaða íslenski tónlistarmaður samdi tónlist fyrir tískusýningu Dries Van Noten sem haldin var í París nýverið?**
**2. Davíð Oddsson seðlabankastjóri fékk allt óvenjulega afmælisgjöf frá spákonunni Sirrý Sigfúsar nú á dögunum, hver var gjöfin?**
**3. Hvað eyddu framsóknarbræður, þeir Björn Ingi Hrafnsson og Óskar Bergsson, samanlagt í föt á kostnað flokksins?**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK





**> Í SPILARANUM**

Lay Low - Ökutímar
Sons and Daughters - The Gift
Hot Chip - Made in the Dark
British Sea Power - Do You Like Rock Music?
The Mars Volta - The Bedlam In Goliath

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Mugi-fegðar á Midi-ráðstefnu

„Við feðgarnir erum að fara saman á Midem-festivalið og ég er búinn að setja mig í samband við fullt af fólki,“ segir tónlistarmaðurinn Mugison, sem leitar nú að dreifingaraðilum erlendis fyrir nýjustu plötu sína, Mugiboogie.

Mugison segir að pabbi sinn, Papamugi, sé alræmdur þegar kemur að samningaviðræðum og því sé mjög gott að hafa hann með í för. „Hann er rosalega erfiður og menn hafa grátið undan honum. Hann lærði í ferðum sínum í útlöndum að prútta og þegar maður fer með honum að kaupa skó hafa menn misst vinnuna eftir að hafa selt honum skó undir kostnaðarverði. Ég treysti algjörlega á hann.“

Mugison stefnir á að handvinna tíu til tuttugu þúsund eintök af Mugiboogie fyrir erlendan markað og kvíðir alls ekki fyrir því. „Þetta er fínt á meðan maður getur hlustað á tónlist. Þetta er eins og að vera í frystihúsinu í gamla daga. Ef maður er með góða vini með sér breytist maður líka í kjaftakerlingu og gleymir sér alveg.“ Hann gæti einnig átt von á hjálp úr óvæntri átt: „Ég hitti sveitarstjórann í Súðavík á förnum vegi og hann var að tala um hvort við ættum ekki að setja á stofn einhverjar vinnubúðir. Það verður gaman að sjá hvort við fáum allan bæinn í Súðavík til að föndra nokkur þúsund eintök.“



**MEIRA FÖNDUR** Tónlistarmaðurinn Mugison verður upptekinn við föndur á næstunni.

Hinn 2. febrúar spilar Mugison á tónleikastaðnum Vega í Kaupmannahöfn og hlakkar hann mikið til. „Það er alltaf gaman í Köben og góð summa af Íslendingum sem mætir þar.“

Mugison er einnig að leita eftir styrkjum fyrir ferðalög sín og plötuútgáfu og hvetur fólk sem veit um einhverja styrki að hafa samband við sig á mugison@gmail.com. **- fb**



**TÓNNINN GEFINN**
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Endurútgáfa Álanna*



Eels er ein þessara hljómsveita sem flestir hafa heyrt getið en fæstir kunna almennileg skil á. Fyrir þau ykkar sem hafið hins vegar aldrei heyrt um Eels er nær fullvíst að þið hafið samt sem áður heyrt lög sveitarinnar en lög Eels hafa fengið spilun í útvarpi um allan heim og verið notuð í ótalmörgum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Kærkomið verður því að teljast að út sé komin safnplatan Meet The Eels: Essential Eels Vol. 1, 1996-2006. Ekki eingöngu er útgáfa plötunnar fagnaðarefni fyrir aðdáendur sveitarinnar heldur einnig fyrir forvitna.

Eels hefur frá upphafi verið verkefni Marks Olivers Everett, sem einnig er þekktur sem A Man Called E, Mr. E, eða einfaldlega E. Everett hefur allt frá upphafi níunda áratugarins unnið að tónlist og áður en Eels var formlega stofnuð hafði Everett gefið út eitthvað af efni undir nafninu E. Árið 1995 setti Everett síðan saman hljómsveit og úr varð Eels.

Fyrsta plata Eels, Beautiful Freak, kom út árið 1996 og síðan hafa fimm aðrar hljóðversbreiðskífur litið dagsins ljós: Electro-Shock Blues (1998), Daisies of the Galaxy (2000), Souljacker (2001), Shootenanny! (2003) og Blinking Lights and Other Revelations (2005).

Nýja safnplatan inniheldur lög af öllum þessum fyrrnefndu skífum auk lagsins I Need Some Sleep úr myndinni Shrek 2 og tónleikaupptöku af laginu Dirty Girl. Tvö áður óútgefin lög prýða einnig safnplötuna. Annars vegar endurhljóðblöndun Jon Brion af Climbing to the Moon og hins vegar ábreiða Eels af lagi Missy Elliot, Get Ur Freak On. Þar fyrir utan fylgir safnplötunni DVD-mynddiskur með öllum myndböndum Eels.

Ef þessi „best-of“ plata er ekki nóg fyrir aðal Eels-grúskarana er einnig kominn út annar, enn stærri safndiskur, Useless Trinkets. Safnið inniheldur B-hliðar, áður óútgefið efni og ýmislegt fleira. Platan er hvorki meira né minna en þreföld og inniheldur tvo geisladiska með fimmtíu lögum auk DVD-mynddisks með upptöku frá tónleikum Eels á Lollapalooza-hátíðinni.

# Glaði Bítillinn snýr aftur

**Ringo Starr er sá Bítlanna sem hefur notið minnstrar virðingar sem tónlistarmaður. Þeir eru jafnvel til sem halda því fram að hann hafi alltaf verið lélegur trommuleikari og enn verri söngvari. Bull, segir Trausti Júlíusson sem hlustaði á nýju Ringo-plötuna Liverpool 8 og safnið Photograph sem kom út í fyrra.**



**GLAÐI BÍTILLINN** Á tímum skammdegis og verðbréfahruns er tilvalið að hlusta á Ringo.

Bítlarnir eru enn frægasta hljómsveit sögunnar. Fjórir snillingar sem voru aldrei betri en allir saman. Sumir vilja reyndar halda því fram að það hafi bara verið þrír snillingar og svo Ringo. Eflaust er hægt að rökstyðja það. En þegar maður hlustar á safnplötuna Photograph, The Very Best of Ringo sem kom út í haust og hefur að geyma efni frá öllum hans sólóferli þá verður manni ljóst að Ringo, eða Hringur eins og Stuðmenn kölluðu hann, á nú alveg sína spretti líka. Það er húmor og léttleiki sem svífur yfir vötnum hjá Ringo og er hans helsti styrkur. John Lennon var einstakur, en er hann nú samt ekki svolítið ofmetinn? George Harrison var mikill merkismaður, en maður á nú samt í erfiðleikum með að halda vöku yfir mörgum af sólóplötunum hans og þó að Paul McCartney sé yfirburða lagasmiður þá á hann nú fullt af vondum plötum líka. Á tímum skammdegis og verðbréfahruns er hins vegar tilvalið að hlusta á Ringo.

### Með hjálp frá vinunum

Einn er sá munur sem er á Ringo og hinum Bítlunum þremur. Ringo getur ekkert einn og óstuddur. Þegar hann fær með sér góða samstarfsmenn gerast hins vegar fínir hlutir. Ringo samdi Back off Boogaloo undir áhrifum frá Marc Bolan, Elton John og Bernie Taupin sömdu Snookeroo. Ringo samdi Photograph með Gerorge Harrison og George samdi fyrir hann Wrack My Brain. John Lennon gerði líka sitt fyrir gamla Bítlatrommarann, samdi fyrir hann bæði I'm the Greatest og (It's All Down to) Goodnight Vienna. Á Liverpool 8 kemur Eurythmics-forsprakkinn Dave Stewart sterkur inn, en hann sá um yfirstjórn á verkinu og samdi titillagið með Ringo.

### Vildi bara spila á trommur

Þegar Ringo var unglingur langaði hann bara að vera trommuleikari. Hann komst hins vegar á bragðið sem söngvari með Bítlunum og þegar þeir voru að leysast upp hóf hann sólóferil af töluverðum krafti. Fyrsta platan hans, Sentimental Journey sem kom út árið 1970, hafði að geyma útgáfur hans af nokkrum smellum frá fjórða og fimmta áratugnum. Hann gerði þá plötu „fyrir mömmu“ að eigin sögn. Næst kom kántríplatan Beaucoups of Blues sem hann tók upp á tveimur dögum í Nashville með Pete Drake og svo komu sennilega hans frægustu plötur, Ringo (1973) og Goodnight Vienna (1974), báðar unnar með stjörnufans. Hann hélt áfram að senda frá sér plötur sem urðu vinsælar út áttunda áratuginn, en róaðist heldur á þeim níunda. Tíundi áratugurinn fór að mestu í miklar tónleikaferðir með All-Starr Bandinu, en með því hefur fjöldi frægra hljóðfæraleikara spilað. Alls hafa verið starfandi átta útgáfur af All-Starr Bandinu og flestar ef ekki allar hafa gefið út tónleikaefni.

### Kominn aftur heim

Það eru tólf lög á Liverpool 8, sem er fyrsta plata Ringo fyrir Capitol-fyrirtækið síðan Goodnight Vienna kom út árið 1974. Titillagið fjallar um hverfi í Liverpool þar sem Ringo bjó í æsku. Textinn er sjálfsævisögulegur, en hugmyndin að laginu kom frá Dave Stewart. Það má því segja að Ringo sé kominn aftur heim í tvennum skilningi; heim til Liverpool og heim til Capitol. Platan hefur fengið ágæta dóma, en efni hennar var fyrst kynnt á stórum heimkomutónleikum í Bítlaborginni.


**POKADAGAR**

***Þú kemur og troðfyllir poka af vörum, tvö verð í boði!***

Minni Poki = 4000 kr

Stærri Poki = 6000 kr

**Allt í búðinni á að seljast!!**

***Ath takamarkað magn af pokum***




**Gyllti Kötturinn - Austurstræti 8 - Sími 534-0005**


# Hljóðver markaðssett erlendis

„Það hefur lengi staðið til að gera eitthvað svona til að koma þessum hljóðverum á Íslandi á framfæri,“ segir Páll Ólafsson, nýkjörinn formaður Samtaka hljóðvera og upptökustjóra, sem héldu stofnfund sinn fyrir skömmu.

Eitt af þeim verkefnum sem samtökin standa frammi fyrir er að skapa hér á landi skilyrði fyrir að þjónusta erlenda aðila í tónlist og kvikmyndaiðnaði við hljóðvinnslu.

„Hljóðverin hittust í Borgarnesi og héldu ráðstefnu þar fyrir tilstuðlan Önnu Hildar hjá Útflutningsráði, ÚTÓN. „Við fórum yfir öll okkar mál og hvernig við vildum markaðssetja okkur erlendis. Upp úr því kviknaði sú tillaga að við skyldum stofna með okkur samtök,“ segir Páll, sem er rekstrarstjóri Stúdíós Sýrlands. „Áður fyrr voru allir hver í sínu horninu en núna virðast allir vera orðnir vinir og sætta sig við að vinna saman, enda kemur það öllum til góða.“

Páll vonast til að með öflugu markaðsátaki muni erlendar hljómsveitir og tónlistarmenn koma í auknum mæli hingað til lands. „Erlendir flytjendur hafa verið að koma hingað að taka upp en við viljum að þeir geri enn þá meira af því. Við viljum kynna Ísland sem góðan stað fyrir hljóðver, ekki síst vegna þeirrar umfjöllunar sem er búin að vera um Ísland sem einstakan stað.“



**STJÓRNIN** Stjórn Samtaka hljóðvera og upptökustjóra. Frá vinstri: Valgeir Sigurðsson, Páll Ólafsson, Ásgeir Guðmundsson, Barði Jóhannsson og Birgir Jón Birgisson.

Á stofnfundinum var stjórn Samtaka hljóðvera og upptökustjóra kjörin. Auk Páls skipa hana þeir Valgeir Sigurðsson, Ásgeir Guðmundsson, Barði Jóhannsson og Birgir Jón Birgisson. **- fb**



**I ADAPT** Hljómsveitin I Adapt heldur lokatónleika sína í Hellinum 2. febrúar.

# I Adapt kveður

Harðkjarnasveitin I Adapt ætlar að halda lokatónleika sína í Hellinum, í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, 2. febrúar næstkomandi. „Við ætlum að hafa það mikla lengd á settinu að við höfum aldrei gert annað eins. Venjulega tökum við ekki nema svona níu lög en þau eru komin nær tuttugu heldur en tíu núna. Okkur finnst við hafa efni á því enda verður þetta jafnvel það síðasta sem við gerum saman nokkurn tímann,“ segir söngvarinn Birkir Viðarsson. Að sögn Birkis töldu þeir félagar í I Adapt rangt að halda áfram bara til þess að halda áfram og ákváðu því að segja þetta gott. „Við gerðum okkur grein fyrir því að við fjórir færum ekkert lengra með þessar pælingar sem við vorum komnir í. Þetta var hvorki persónulegur ágreiningur né tónlistarlegur.“ - fb



**DJ PLATURN** Stór grein um Illuga er í bandaríska plötusnúðablaðinu DJ Times.

# Stórt viðtal í DJ Times

**Stóra grein um plötusnúðinn Illuga Magnússon, eða DJ Platurn, er að finna í einu elsta og virtasta plötusnúðablaði Bandaríkjanna, DJ Times. Þar er Illugi, sem fluttist til Bandaríkjanna sjö ára, spurður út í feril sinn sem plötusnúður. „Góður plötusnúður þarf einfaldlega að vera fjölhæfur. Ef þú ert bara góður í einhverju verða hlutirnir fljótt einhæfir,“ segir hann í viðtalinu.**

**Þess má geta að heimildarmyndin From Oakland to Iceland: A Hip-Hop, sem fjallar um för Illuga hingað til lands árið 2006, verður tilbúin innan tveggja mánaða og er hún öll á ensku.**



**YEAH YEAH YEAHS** Á fullu við upptökur.

# Karen og félagar í stúdíói

Meðlimir hljómsveitarinnar Yeah Yeah Yeahs hafa upplýst að þeir vinni nú hörðum höndum að næstu breiðskífu sinni. Síðasta plata sveitarinnar var Show Your Bones sem kom út árið 2006. Á heimasíðu sveitarinnar kemur fram að Karen O söngkona og félagar hennar hafi eytt mestöllum desembermánuði við upptökur í Massachusetts. Ekki hefur verið ákveðið hvenær von á nýju plötunni í búðir. Ekki er einu sinni víst að það verði á þessu ári.

# Skötuhjúapönk

Frumburður sveitarinnar Hellvar frá Keflavík var fyrsta útgáfan á vegum hins akureyrska plötufyrirtækis Kimi Records. Á síðasta ári kom einnig út plata Hjaltalín á vegum plötufyrirtækisins og væntanlegar eru plötur frá bæði Borko og Morðingjunum. Greinilega plötufyrirtæki með metnað.

Víkjum okkur hins vegar að plötu Hellvars en nafn sveitarinnar er fengið með því að skeyta saman nöfnum höfuðspíranna, þeim skötuhjúum Ragnheiði Eiríksdóttur (Heiða, oft kennd við sveitina Unun) og Elvari Geir Sævarssyni. Einnig skipa sveitina Alexandra Sigurðardóttir og Sverrir Ásmundsson. Platan hefst á forvitnilegum nótum eða í anda tilraunastarfsemi Sonic Youth án þess þó að vera í einhverjum eftirhermuleik. Lag tvö, 11 Types, er með betri lögum plötunnar og rís hátt í kringum fyllingarmiklar melódíur. Kostur sem er því miður of fáheyrður á plötunni.

Í lagi þrjú fer strax að halla undan fæti en þá fer að bera á helstu ókostum plötunnar. Einkenni plötunnar eru ófrumlegir trommuheilataktar sem gætu virkað vel á tónleikum en í þurri hljóðútsetningu plötunnar fletjast þeir út og virka hugmyndasnauðir og allt að því viðvaningslegir. Þó verður að segjast að oft leiftrandi bassa- og gítarleikur (til dæmis í Ice Cream Drum Machine og Like I Ache) í bland við ýmsa hljóðskruðninga lyfta hljómi plötunnar upp á hærra plan.

Það sem kom mér hins vegar mest á óvart á plötunni er hversu söngurinn nær sér illa á flug. Heiða hefur mér lengi þótt með fremstu poppsöngkonum þjóðarinnar en því miður virkar hún oft máttlaus (til dæmis í Kjaftæði) eða í versta falli eins og léleg Björk-eftirherma. Heiða gefur reyndar oft vel í og gerir oft feikivel, eins og lögin Give Me Gold og lokalagið Nowhere bera með sér.

Plata Hellvars hefur margt til brunns að bera og er oft og tíðum kraftmikil í sínum hráu útsetningum. Lagasmíðarnar ná samt torveldlega að fanga mann og laglínurnar eiga illa upp á pallborðið.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**




**TÓNLIST**

**Bat Out of Hellvar**

Hellvar

★★

Úr sér gengnir trommuheilataktar fá of mikið vægi og lagasmíðarnar ná sér sjaldan á strik hjá annars ágætri sveit.





1. ÓTAL MINNINGAR
2. LÍTIÐ LAG
3. SAMAN
4. GLEÐILEG JÓL
5. FORBOÐIN ÁST

LÖG EFTIR LAY LOW
TEXTAR EFTIR LAY LOW OG LEIKHÓP ÖKUTÍMA

6. HERE I AM
7. 9 TO 5
8. FUEL TO THE FLAME
9. JOLENE
10. PING PONG
11. WHY, WHY, WHY
12. I WILL ALWAYS LOVE YOU
13. LOVE IS LIKE A BUTTERFLY

LÖG OG TEXTAR EFTIR DOLLY PARTON



Ágóðahlutur Lay Low af sölu þessa geisladisks rennur til Aflsins á Akureyri. www.aflid.muna.is/

KOMIN Í SKÍFUNA - TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

COD MUSIC

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

> ÓVÆNT UPPÁKOMA

Nokkrir nemar úr Listaháskólanum hita upp fyrir sýningu skólans í Tjarnarbíói í kvöld með stuttri sýningu í gamla Nemendaleikhúsinu við Sölvhólsgötu. Sýningin ber heitið Kertastuð og er sögð „drungaleg og þjóðleg í senn“. Annar leiðbeinandi hópsins er Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarkona. Kertastuð er hálftíma sýning, hefst klukkan 18 og er opin öllum.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Íslendingar sagðir vera hálfvitar

„Ekki eru öll kurl komin til grafar,“ sagði Herdís Sigurgrímsdóttir þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hennar við umfjöllun The Daily Show um brotthvarf íslenska hersins. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær var fyrri hluti fréttaskýringaþáttarins sýndur á mánudaginn og vakti hann mikla athygli hjá vefverjum á íslenskum bloggsíðum.

Grínfréttamaðurinn Jason Jones kom hingað til lands á síðasta ári og sagðist vera að leita að íslenska hernum en sér til mikillar skelfingar uppgötvaði hann að sá her væri aðeins skipaður einni konu. Hann hóf því umfangsmikla og víðtæka leit að þessum hermanni með hjálp Magnúsar Ver Magnússonar.

Og óhætt er að segja að þeir íslensku fjölmiðlar sem komu á blaðamannafund Jones á Nordica hótel fái á baukinn og komi vægast sagt illa út. Enda kallar Jones þjóðina hálfvita, af sinni alkunnu stríðni, en uppsker ekki mikinn hlátur frá viðstöddum. Jafnframt leyfir hann sér að efast um læsi íslensku þjóðarinnar og spyr blaðamennina hvar þjóðin væri ef ekki væri fyrir Bandaríkjamenn.

Þátturinn endar síðan á því að Jason ber Herdísi á höndum sér út í sólarlagið þar sem þau ætla að borða hákarl. Reyndar gefst Jason upp á miðri leið og fær Magnús Ver til að bera Herdísi fyrir sig.

- fgg



**BORIN Á GULLSTÓL** Jason bar Herdísi á höndum sér út í sólarlagið.

## Söngleikur byrjar í haust

Söngleikur um tröllið vinalega Shrek hefur göngu sína á Broadway í New York í haust. „Söguþráðurinn er fenginn úr fyrstu Shrek-myndinni,“ sagði leikstjórinn Jason Moore. „En það verður kafað dýpra inn í tilfinningalíf og bakgrunn persónanna. Við segjum frá ýmsu um þær sem ekki kom fram í kvikmyndunum.“



**SHREK** Kvikmyndirnar um Shrek hafa notið mikilla vinsælda.

Fyrsta Shrek-myndin kom út árið 2001 við miklar vinsældir. Þremur árum síðar kom út Shrek 2 og á síðasta ári kom síðan út Shrek the Third.

Moore er ekki ókunnur söngleikjum því hann leikstýrði Avenue Q sem naut mikilla vinsælda.

# Þekktur leikari selur vespur

**Bræðurnir Gunnar og Árni Páll Hanssynir frumsýndu í Saltfélaginu ítalskar vespur sem þeir flytja inn.**

Eins og Fréttablaðið greindi frá á síðasta ári tryggðu bræðurnir Gunnar og Árni Páll Hanssynir sér réttinn að innflutningi á ítölskum vespum fyrir algjöra tilviljun þegar þeir voru í fríi þar í landi. Og í fyrradag var komið að stóru stundinni þegar farartækið var kynnt fyrir forvitnum Íslendingum. „Fólk er þegar byrjað að skrá sig fyrir fyrstu pöntun og ég finn fyrir miklum áhuga,“ segir Gunnar, kampakátur með opnunina. Jafnframt var heimasíðunni vespur.is hleypt af stokkunum en þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um hjólin.

Leikarinn Halldór Gylfason, góðkunningi Gunnars úr sjónvarpsþáttunum Sigtið, var meðal gesta í Saltfélaginu og honum leist ákaflega vel á fararskjótann. Sagðist vera að bræða það með sér hvort hann myndi fjárfesta í svona farartæki. „Það er aldrei að vita, maður verður kannski kominn á rúntinn á svona tæki þegar nær dregur sumri,“ segir Halldór.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÁHUGASAMIR** Þeir Hans Kristján Árnason og Halldór Gylfason voru áhugasamir um ítölsku fararskjótana.



**SPENNT** Hanna Björg Jónsdóttir og Viðar Hákon Gíslason fylgdust spennt með kynningum á vespunni.



**BRÆÐURNIR Á BAK VIÐ VESPURNAR** Þeir Gunnar og Árni Páll eru bjartsýnir á gott gengi vespunnar hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Komdu á óvart á bóndadaginn!

Með öllum tilbúnum blómvöndum frá Garðheimum fylgir

silfur ...við austurvöll

2 fyrir 1 út að borða á Silfur við Austurvöll



2 fyrir 1 á myndina Death at a Funeral í SAMbíóunum




Full búð af glæsilegum pottaplöntum

20-60% afsláttur

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

SMÁVARA
70% afsláttur

70% AFSLÁTTUR

FADO leðursófi – dökkbrúnn

| | |
|---|---|
| 4ra sæta | Útsöluverð 99.000 kr. |
| 3ja sæta | Útsöluverð 83.400 kr. |
| 2,5 sæta | Útsöluverð 77.400 kr. |
| Stóll | Útsöluverð 49.800 kr. |




FABRIKAN

SPEGLAR
60% afsláttur

60% AFSLÁTTUR

# VERÐHRUN!!!

## Útsölunni lýkur á sunnudag

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 | THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | | BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 16 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | | LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 12 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 | I'M NOT THERE | kl. 5.20 ótextuð | 16 |
| THE MIST | kl. 5.30 - 10.30 | 16 | THE MIST | kl. 8 - 10.30 | |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 | | | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | 7 | | | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | | | | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 | CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | | BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 | ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| PERSEPOLIS | kl. 8 - 10 | 14 | | | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 | *KRAFTSÝNING | | |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 3:40D -5:50D -8D -10:20D | 12 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | VIP |
| THE GAME PLAN | kl. 3:20 - 5:40 - 8 -10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 | L |
| AMERICAN GANGSTER | Síðustu sýningar kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8D - 10:20D | 12 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 5:45 | L |
| SYDNEY WHITE | kl. 8 | L |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10 | L |
| ALVIN OG ÍK... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10 | 12 |
| EATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 6 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NANNY DIARIES | kl. 8 | L |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4, 6, 8 og 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |


# Bond-mynd fær nafn

Næsta kvikmynd um leyniþjónustumanninn James Bond mun heita Quantum of Solace. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi með framleiðendum myndarinnar í gær. Titillinn er fenginn frá smásagnasafni Ian Fleming, skapara Bond. Þótt James Bond flakki alltaf um heiminn í kvikmyndum sínum verður stærsti hluti myndarinnar tekinn upp í Pinewood-myndverinu í Buckingham-skíri.

Breski leikarinn Daniel Craig mun endurtaka leikinn sem hinn kvensami leyniþjónustumaður en talið er að myndin verði framhald af Casino Royale sem skaut Craig upp á stjörnuhimininn. En leikarinn hefur aldrei haft jafn mikið að gera á hvíta tjaldinu eftir að hann skellti sér í smókinginn víðfræga. Craig verður að sjálfsögðu umkringdur fögrum fljóðum en þær Gemma Arterton og Olga Kurylenko munu berjast um hylli Bond auk þess sem telja verður líklegt að þær setji strik í reikninginn hjá Bond. Illmennið verður hins vegar í höndum hins franska Mathieu Amalric.



**NÝTT TEYMI** Næsta Bond-mynd hefur hlotið nafnið Quantum of Solace og að sjálfsögðu verður Daniel Craig í hlutverki flagarans Bond. Með honum eru leikkonurnar Olga Kurylenko og Gemma Arterton. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjaltalín fagnar plötu

Poppsveitin Hjaltalín heldur útgáfutónleika í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Aðrir útgáfutónleikar verða á Nasa 14. febrúar ásamt Ólöfu Arnalds og Borko.

Hjaltalín mun spila lög af plötu sinni Sleepdrunk Seasons sem kom út fyrir jól og fékk úrvals viðtökur gagnrýnenda. Framundan eru tónleikar í Belgíu 26. febrúar og tvennir tónleikar í Danmörku; þeir fyrri með múm og Borko 27. febrúar og hinir síðari með Sprengjuhöllinni 1. mars.



**HÖGNI EGILSSON** Högni og félagar í Hjaltalín halda útgáfutónleika á Akureyri í kvöld.

# Syrgja ekki Luxor-hópinn

**Sönghópurinn Luxor er hættur eftir stutta viðveru í bransanum. Ekki er beint hægt að segja að skiptar skoðanir séu á skyndilegu fráhvarfi sveitarinnar.**

„Ég á ekki eftir að sakna þeirra persónulega en ég óska þessum piltum alls hins besta í framtíðinni," segir Óli Palli á Rás 2. „Ég tel alls ekki að þetta sé dauðadómur yfir þessari tegund tónlistar. Það hefur fullt af fólki smekk fyrir svona tónlist þótt ég hafi það ekki persónulega. Ætli Einar Bárðarson sé ekki bara að fókusera á England og Garðar Cortes og því líklega lítið bensín eftir fyrir Luxor-vélina."

Brynjar Már Valdimarsson hjá FM957 er á svipaðri skoðun og Óli. „Nei, ég get nú ekki sagt að ég sakni Luxor, enda var ég ekki fan, en mér fannst þetta konsept engu að síður ekkert galið," segir hann. „Maður hefur nú trú á því sem Einar Bárðarson hefur verið að setja saman og því kom þessi stutti líftími Luxor mikið á óvart. Manni finnst skrýtið að þessu hafi ekki verið haldið lengur úti fyrst það var á annað borð verið að fara í gang með þetta. Líklega er Einar bara of upptekinn í öðru."

Brynjar segir Luxor-hópinn smávegis hafa verið spilaðan á stöðinni. „Aðallega á kvöldin þegar við erum með rólegri og þægilegri tónlist. Þeir voru miklu meira spilaðir á Bylgjunni."

„Var þessu ekki sjálfhætt?" spyr Ívar Gumundsson hjá Bylgjunni. „Þetta byrjaði með svaka flugeldasýningu og reykbombum og fuðraði svo bara upp. Mér sýndist þeir ekki ná neinu flugi. Við spiluðum einhver 3-4 lög með þeim en það stóð alls ekki upp úr af því sem var í gangi á síðasta ári. Ég missi ekki nætursvefn og á ekki eftir að sakna þeirra."

Ívar segir þó ekki útilokað að „drengja"-band á borð við Luxor geti gengið hérlendis. „Það þarf þá að kveikja betur á perunni. Eða öllu heldur að skipta bara alveg um peru."

Mest eru fagnaðarlætin hjá útvarpsstöðinni X-inu. Þar hefur andstaðan við meint hryðjuverk Einars Bárðarsonar verið svo mikil að farið var í gang með undirskriftalistann „Stöðvum Einar Bárðarson".

„Andlát Luxor eru klárlega bestu fréttir vikunnar," segir Þorkell Máni á X-inu. „Í kringum siðleysi borgarstjórnarinnar, hrun verðbréfamarkaðarins og slælegt gengi handkastlandsliðsins var kominn tími á góðar fréttir."

Þótt Luxor hafi gefið upp öndina segir Þorkell Máni að baráttunni fyrir betri og skemmtilegri tónlist sé hvergi nærri lokið. „Það er nóg eftir og það þarf að bæta margt í þessum tónlistarheimi. Fólk er ennþá að mæta á böll með hljómsveitum eins og Á móti sól og Dalton-bræðrum. Það munu líka alltaf koma upp fleiri svona framleiðsluhugmyndir og einhver ófrumleg poppbönd. Síðasti hálfvitinn er ekki fæddur. Baráttan heldur áfram."

gunnarh@frettabladid.is



**MISSIR EKKI NÆTURSVEFN** Ívar Guðmundsson á Bylgjunni.



**FULLT AF FÓLKI SEM HAFÐI GAMAN AF LUXOR** Óli Palli á Rás 2.



**EINAR LÍKLEGA OF UPPTEKINN Í ÖÐRU** Brynjar Már hjá FM957.



**BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM** Þorkell Máni á X-inu.

# Blautar krullur duga skammt

Átök brjótast út á milli andstæðra skrímslafylkinga í geimskipi á sporbaug um jörð, með þeim afleiðingum að það hrapar og brotlendir í bandarískum smábæ. Blóðþyrst kvikindi sleppa úr haldi og leita inn í bæinn, þar sem grandvaralausir íbúarnir reynast framan af alls vanmáttugir gagnvart óvættunum, þar til þeim berst óvæntur „liðsauki" utan úr geimnum.

Alien vs. Predator 2 er sjálfstætt framhald Alien vs. Predator, þar sem tveimur af frægustu skrímslum kvikmyndasögunnar er att saman. Hugmyndin var fengin úr teiknimyndablöðum þar sem fjendurnir voru leiddir saman, eftir að hafa lifað góðu lífi hvor í sínum myndabálkinum. Kvikmyndalegi samslátturinn frá 2004 olli nokkrum vonbrigðum, ekki síst vegna lélegs handrits.

Framleiðendurnir sáu sér ekki annað fært en að byrja frá grunni í nýju myndinni, þar sem áhorfendum er lofað tvöfalt betri mynd. Sjálfsagt er það ástæða þess að ekki dugði minna til en tveir leikstjórar, bræðurnir og brellumeistararnir Colin og Greg Strause, sem hétu því að ganga skrefi lengra í viðbjóði.

Sá hluti loforðsins hefur sannarlega verið efndur. Skrímslin ganga berserksgang í bænum og sporðrenna þar hverju manngreyinu á fætur öðru milli þess sem þau reyna að murka lífið hvert úr öðru. Blóðbaðið nær hámarki á fæðingardeild bæjarins en þá er líka ekki laust við að manni finnist fulllangt gengið.

Sagan virðist því miður hafa gleymst í öllum hamaganginum, þar sem ekki er meira kjöt á beinunum en á einu fórnarlamba skrímslanna. Persónusköpun er engin, auk þess sem menn virðast seint ætla að skilja að meira þarf til en hlýrabol, byssu og blautar krullur til að skapa áþekka hetju og Ripley. Fögur fyrirheit um tvöfalt betri mynd virðast því fara fyrir lítið, sé miðað við þær fyrri.

Alien vs. Predator 2 hefur engu að bæta við hinar myndirnar.

Roald Viðar Eyvindsson



**KVIKMYNDIR**

**Alien vs. Predator 2**

Leikstjórar: Colin og Greg Strause.

Aðalhlutverk: Reiko Aylesworth, Steven Pasquale og John Ortiz.

★★

Alien vs. Predator 2 hefur engu við fyrri myndir að bæta.

# Barist fyrir fallegum miðbæ

**Tónleikadagskráin Látíð í bæ hefst í dag á Sirkusi og stendur alla helgina þrátt fyrir væringar í borgarstjórnarmálunum. Tónleikunum er beint gegn boðuðu niðurrifi á gömlum húsum og menningarverðmætum í miðbænum og skipuleggjendurnir halda þeim til streitu þrátt fyrir að yfirlýstur verndari gamalla húsa, Ólafur F. Magnússon, sé orðinn borgarstjóri.**



**HOPPANDI HEITT Í HAMSI** Svavar í bleikum bol með félögum sínum í hljómsveitinni Skakkamanage.



**SIRKUS ER Á LEIÐ Á HAUGANA** En fyrst verður Látíð alla helgina.

„Það eru engin sérstök tíðindi þótt Ólafur sé kominn í embættið, hann gæti þess vegna verið hættur eftir helgi,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, einn skipuleggjenda Látíðarinnar. „Það sem við viljum er að einhver heildræn stefna varðandi uppbyggingu í miðbænum verði sett fram. Við viljum fallegan miðbæ, þar sem sjónarmið lifandi mannlífs eru höfð að leiðarljósi, ekki sjónarmið verktaka og fjármagnsins sem miðar allt við skjótfenginn gróða.“

Nái áætlanir fram að ganga verður Sirkusi lokað 1. febrúar. Rífa á húsið sem Sirkus er í og Hljómalindarhúsið hverfur líka. Það er því ekkert skrýtið að mönnum sé heitt í hamsi. Hvert fer krúttkynslóðin eiginlega?

„Hvaða krúttkynslóð?“ spyr Svavar. „Ef þú átt við hvert mikilfenglegir listamenn framtíðarinnar fari spái ég því að þeir flýi til Ísafjarðar, Parísar eða annarra borga þar sem fólk stendur ekki í því að rífa miðbæina sína.“

Dagskráin á Sirkusi stendur yfir frá klukkan fimm í dag og á morgun, en frá sjö á sunnudaginn. Henni lýkur um miðnætti alla dagana, en þá taka plötusnúðar við. Hver sem húfu og vettlingi getur valdið tekur þátt í Látíðinni. Listinn er nánast endalaus en það má nefna að Sigur Rós, Páll Óskar, Hjálmar, Megas, múm, Mugison, Lay Low og Jeff Who? ætla að troða upp.

„Það er frítt inn og við viljum sjá alla sem ekki er sama um miðbæinn mæta og vera í góðu stuði,“










## > Ólafur jafnaði met Guðmundar

Ólafur Stefánsson lék í gær sinn 77. leik fyrir Ísland á stórmóti og jafnaði með því met Guðmundar Hrafnkelssonar sem lék sinn síðasta stórmótsleik á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004. Ólafur skoraði tvö mörk í þessum leik gegn Spánverjum en með því hefur hann skorað nákvæmlega 400 mörk í umræddum 77 leikjum á HM, EM eða á Ólympíuleikum. Evrópumótið í Noregi var tólfta stórmót Ólafs, sem var fyrst með á HM á Íslandi árið 1995.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÁSTA BIRNA, FRAM OG BERGLIND ÍRIS, VAL: HVETJA FÓLK TIL AÐ FJÖLMENNA Í VODAFONE-HÖLLINA Í KVÖLD

# *Stuðningur áhorfenda getur haft mikil áhrif*

Valur og Fram mætast í sannkölluðum toppslag N1-deildar kvenna í handbolta í kvöld kl. 20.15 í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda. Fram hafði betur þegar liðin mættust í N1-deildinni í Framhúsinu í lok október, en Valur náði að slá Fram út úr átta-liða úrslitum Eimskipsbikarsins auk þess að vinna úrslitaleik deildarbikarsins gegn Safamýrarliðinu á milli jóla og nýárs. Fyrri leikir liðanna munu þó vitanlega skipta litlu í kvöld.



„Við erum búnar að æfa vel og fara yfir þeirra leik, þannig að við komum vel undirbúnar í leikinn," sagði Ásta Birna Gunnarsdóttir, fyrirliði Framstúlkna, sem á von á jöfnum og spennandi leik í kvöld.

„Valsstúlkur hafa spilað virkilega vel í vetur og njóta góðs af því, líkt og við hjá Fram, að vera með ákveðinn kjarna af leikmönnum sem hefur spilað lengi saman og spilar vel sem ein heild. Ég held að við séum betur stemmdar núna heldur en við vorum þegar við töpuðum fyrir Val í Eimskipsbikarnum og við erum náttúrulega enn taplausar í N1-deildinni þannig að það er engin spurning að við komum fullar sjálfstrausts í leikinn," sagði Ásta Birna sem kvað stuðning áhorfenda geta haft mikið að segja og vonast því til að Framarar fjölmenni á leikinn.



Berglind Íris Hansdóttir, markvörður Vals, á jafnframt von á spennandi leik og efast ekki um að stuðningsmenn Vals muni fjölmenna á leikinn.

„Leikurinn leggst mjög vel í okkur. Fram hefur náttúrlega spilað vel í vetur þannig að við eigum von á erfiðum leik en stefnum að sjálfsögðu á sigur. Stuðningur áhorfenda getur haft mikil áhrif og okkur hefur gengið frábærlega á heimavelli til þessa," sagði Berglind Íris.

Logi Geirsson eftir leik í gær:

## Vorum ekki nógu góðir

**HANDBOLTI** „Þetta mót er mikil vonbrigði enda ætluðum við okkur meira en við vissum að þetta gat gerst. Við verðum að sætta okkur við þá staðreynd að við vorum bara alls ekki nógu sannfærandi í þessu móti," sagði Logi Geirsson, sem komst aldrei á flug í þessari keppni.

„Við höfum brotnað á ögurstundu og allt hefur hrunið í kjölfarið. Við erum samt ekki hættir og ég nenni ekki að vera neikvæður heldur horfi ég bjartur fram á veginn enda á þetta lið eftir að standa sig vel á næstu árum," sagði Logi, sem glímdi við meiðsli í mótinu en skoraði alla 15 mörk úr 37 skotum í leikjunum sex. - hbg


N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 25. janúar.
Digranes kl. 20.00
HK - Akureyri
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - Fylkir
Vodafone höllin kl. 20:15
Valur - Fram


# Sama gamla sorgarsagan á ný

**Ísland tapaði enn og aftur í lokaleik sínum á EM, nú gegn Spánverjum með sjö mörkum, 26-33. Ellefta sætið varð hlutskipti Íslands á Evrópumótinu í Noregi og niðurstaðan á mótinu er mikil vonbrigði.**

**HANDBOLTI** Ísland hefði með sigri á Spáni í gær tryggt sér fjórða sæti milliriðils síns og komist í leik um sjöunda sætið. Af því verður ekki þar sem Spánverjar unnu öruggan sjö marka sigur, 26-33, á þokkalegu íslensku liði sem var án varnar og markvörslu eins og oft áður.

Íslenska liðið hóf leikinn í gær á svipaðan hátt og gegn Ungverjum, með leiftrandi sóknarleik. Snorri Steinn hélt uppteknum hætti með öðrum góðum leik og sömu sögu má segja um Guðjón Val en Ólafur var engan veginn að finna sig.

Því miður náði Hreiðar ekki að fylgja eftir góðum leik frá því gegn Ungverjum og Birkir varði heldur ekki skot eftir að hann kom inn af bekknum.

Ísland komst yfir 5-4 í fyrsta og eina skiptið í hálfleiknum. Spánverjar leiddu með 2-3 mörkum allan hálfleikinn sem og þegar blásið var til leikhlés, 15-18. Ömurleg niðurstaða fyrir íslenska liðið sem lék frábæran sóknarleik og þokkalegan varnarleik. Með smá markvörslu hefði liðið leitt í leikhléi.

Því miður mættu strákarnir nær meðvitundarlausir til síðari hálfleiks var munurinn orðinn sjö mörk, 16-23, og Alfreð neyddist til



**Á HEIMLEIÐ** Tap Íslands gegn Spáni í gær var fjórða tap íslenska liðsins á EM í Noregi með fimm mörkum eða meira. Hér ganga íslensku strákarnir niðurlútir af velli.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þess að taka leikhlé. Vörnin var hrunin, markvarslan komst aldrei í gang og sóknarleikurinn var ekki samur. Hann var hægur og menn gerðu hin ótrúlegustu klaufamistök þar sem þeir köstuðu frá sér boltanum hvað eftir annað.

Ekki bætti úr skák að Ólafur komst aldrei í gang og átti mjög slakan leik. Þeir sem áttu að leysa hann af voru litlu betri. Ásgeir, Logi og Einar sem áttu að skila mikilvægum hluverkum í þessu móti náðu sér því miður aldrei almennilega á strik. Eftir þessa skelfilegu byrjun lönduðu Spánverjar frekar þægilegum sigri.

Því er ekki að leyna að niðurstaða mótsins er mikil vonbrigði. Þrátt fyrir erfiða andstæðinga getur íslenska liðið gert miklu betur en það sýndi á þessu móti. Það er eitt að tapa fyrir þessum sterku liðum en strákarnir voru kjöldregnir af þeim flestum og léku bara hreinlega illa. Það er nefnilega ekki það sama að tapa og skíttapa.

Það er erfitt að henda reiður á hvað nákvæmlega fór úrskeiðis að þessu sinni en það lítur þannig út fyrir mér að andlega hliðin hafi brugðist. Menn fóru hreinlega á taugum og höndluðu ekki spennustigið í mikilvægustu leikjunum. Menn náðu svo ekki að klóra sig upp úr þeirri gröf er þeir mokuðu sjálfir. Hver og einn verður að líta ærlega í eigin barm og axla ábyrgð á þessu móti því það voru ekki einstaklingarnir sem klikkuðu heldur liðið.

Fram undan er vonandi erfið undankeppni fyrir Ólympíuleikana sem og leit að arftaka Alfreðs en það er stórt skarð að fylla. HSÍ tekur sér vonandi góðan tíma og kemst að skynsamlegri lausn í þjálfaramálunum.




EM Í NOREGI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is




**SÉRFRÆÐINGURINN** GEIR SVEINSSON FJALLAR UM EM Í HANDBOLTA

# *Enn eitt stórtapið staðreynd*

Leikur Íslands og Spánar í gær bar þess klárlega merki að ekki var mikið í húfi annað en heiðurinn… og jú það, að verma ekki neðsta sæti riðilsins. Ekki var um það að ræða, eins og komið var í ljós, að þessi leikur hefði eitthvað um það að segja hvort við næðum að komast í forkeppni um laust OL sæti eða ekki. Við höfðum orðið ekkert um það að segja, það myndi alfarið ráðast út frá úrslitum annara leikja.

Leikurinn sem slíkur var týpískur leikur þar sem lítið var í húfi, lítið um varnir og mikið skorað. Þannig gekk fyrri hálfleikurinn fyrir sig og þegar gengið var til leikhlés voru Spánverjar komnir með þriggja marka forystu. Seinni hálfleikurinn hófst ekki gæfulega hjá okkur og má segja að Spánverjar hafi klárað leikinn á fyrstu tíu til fimmtán míntútum hálfleiksins og leikurinn því lítt spennandi að horfa á.

Okkar menn virtust gjörsamlega út á túni á upphafskafla seinni hálfleiks og ekki var hægt að sjá að menn langaði eitthvað sérstaklega mikið að vinna þennan leik til þess að ljúka mótinu með eilítilli reisn. Enn eitt stórtapið var því staðreynd.

Frammistaða leikmanna var í samræmi við stemninguna í liðinu og því almennt lítið um hana að segja. Auðvitað áttu einhverjir leikmenn ágætis spretti inni á milli og sumir höfðu meiri vilja og metnað en aðrir til þess að landa sigri. En ef hópurinn í heild, jafnt leikmenn sem þjálfarar, eru ekki betur stemmdir en þetta kann það ekki góðri lukku að stýra og í raun vonlaust mál að tala um að leikinn hefði verið hægt að klára.

Úrslit leiksins voru því vonbrigði en kannski eiliítið skiljanleg í ljósi þeirra vonbrigða sem leikmenn og þjálfarar liðsins höfðu orðið fyrir með árangur liðsins á mótinu í heild sinni.






NOTAÐIR BÍLAR
Notaðir bílar. Fislétt kaup - Engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.
Fislétt kaup
Engin útborgun. Lægra verð.*
Aðeins 66 bílar - í dag.
Komdu strax.
Opið kl. 9-18
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Citroën C4 sx 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 31.000 km.
Verð 1.750.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MJ223.
Nýttu þér tilboðin
Tökum notaðan uppí notaðan
Engin útborgun - afborgun undir 22.000 kr. á mán.
16.211 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Citroën C3 bsk. skrd. 10/2005 ek: 48.000 km.
Verð 1.160.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
16.211 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SB297.
19.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 04/2003 ek: 76.000 km.
Verð 1.160.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TT923.
19.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 04/2003 ek: 77.000 km.
Verð 1.120.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
19.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. UJ371.
21.511 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 12/2003 ek: 84.000 km.
Verð 1.190.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
21.511 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. ZG506.
Engin útborgun - afborgun 22.000 - 30.000 kr. á mán.
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Citroën C4 sx 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 32.000 km.
Verð 1.740.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. ML141.
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Citroën C4 sx 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 31.000 km.
Verð 1.750.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
23.475 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VN852.
21.957 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Ranger XL 2,5 bsk. skrd. 04/2005 ek: 86.000 km.
Verð 1.620.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
21.957 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YV499.
29.217 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
MMC Pajero Sport 3,0 ssk. skrd. 09/2002 ek: 99.000 km.
Verð 1.660.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Engin útborgun.
29.217 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. UO536.
Engin útborgun - afborgun 30.000 - 38.000 kr. á mán.
33.139 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Hyundai Santa Fe 2,7 ssk. skrd. 01/2003 ek: 70.000 km.
Verð 1.840.000 kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr. Engin útborgun.
33.139 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. MP060.
35.163 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Hyundai Tucson 2,7 ssk. skrd. 12/2005 ek: 23.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
35.163 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RX556.
35.221 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 07/2006 ek: 57.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
35.221 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MJ050.
Engin útborgun - afborgun yfir 38.000 kr. á mán.
39.612 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 06/2006 ek: 61.000 km.
Verð 2.850.000 kr. Tilboðsverð 2.690.000 kr. Engin útborgun.
39.612 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TK896.
38.735 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
VW Passat VR6 2,8 ssk. skrd. 06/2003 ek: 84.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
38.735 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TJ723.
42.360 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 07/2006 ek: 31.000 km.
Verð 3.090.000 kr. Tilboðsverð 2.890.000 kr. Engin útborgun.
42.360 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. US237.
Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.
Aflaðu þér frekari upplýsinga www.notadir.brimborg.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is
*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.
NATURALIS

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Evrópumótið í handbolta:*

**Milliriðill I**

| | |
|---|---|
| Pólland-Svartfjallaland | 39-23 |
| Slóvenía-Danmörk | 23-28 |
| Króatía-Noregur | 23-23 |

**LOKASTAÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Danmörk** | **5** | **4** | **0** | **1** | **+32** | **8** |
| Króatía | 5 | 3 | 1 | 1 | +8 | 7 |
| **Noregur** | **5** | **2** | **2** | **1** | **+2** | **6** |
| Pólland | 5 | 2 | 1 | 2 | +7 | 5 |
| **Slóvenía** | **5** | **2** | **0** | **3** | **-10** | **4** |
| Svartfjallaland | 5 | 0 | 0 | 5 | -39 | 0 |

**Milliriðill II.**

| | |
|---|---|
| Ísland-Spánn | 26-33 |

**Mörk Íslands (skot):** Snorri Steinn Guðjónsson 7/1 (11/1), Guðjón Valur Sigurðsson 7/2 (11/3), Logi Geirsson 3 (7), Vignir Svavarsson 2 (3), Ólafur Stefánsson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (3) Einar Hólmgeirsson 2 (5), Alexander Petersson 1 (1).
**Varin skot:** Hreiðar Guðmundsson 7/1 (28/4), 25%, 37 mínútur. Birkir Ívar Guðmundsson 3 (15/2), 20%, 23 mínútur.
**Skotnýting:** 58%, skorað úr 26 af 45 skotum.
**Vítanýting:** 75%, skorað úr 3 af fjórum skotum.
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 2, Ólafur, Guðjón Valur).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Snorri, Vignir Guðjón Valur).
**Utan vallar:** 8 mínútur (Sverre 3, Róbert).
**Rautt spjald:** Sverre Andreas Jakobsson.
**Mörk Spánverja (skot):** Juan Garcia 9/5 (14/7), Julen Aguinagalde 4 (4), Carlos Ruesga 4 (6), Raúl Entrerrios 3 (4), Ion Belaustegui 3 (5), Roberto Garcia 3 (5), Alberto Entrerrios 2 (4), Albert Rocas 1 (2).
**Varin skot:** Jose Hombrados 13/1 (39/4), 33%.
**Skotnýting:** 69%, skorað úr 33 af 48 skotum.
**Vítanýting:** 71%, skorað úr 5 af 7 skotum.
**Hraðaupphlaupsmörk:** 7
**Utan vallar:** 8 mínútur.

| | |
|---|---|
| Ungverjaland-Frakkland | 31-28 |
| Þýskaland-Svíþjóð | 31-29 |

**LOKASTAÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Frakkland** | **5** | **4** | **0** | **1** | **+14** | **8** |
| Þýskaland | 5 | 3 | 0 | 2 | +3 | 6 |
| **Svíþjóð** | **5** | **2** | **1** | **2** | **0** | **5** |
| Ungverjaland | 5 | 2 | 1 | 2 | -2 | 5 |
| **Spánn** | **5** | **2** | **0** | **3** | **+6** | **4** |
| Ísland | 5 | 1 | 0 | 4 | -21 | 2 |

### *N1-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Grótta-Haukar | 36-24 |

### *Iceland Express-deild karla:*

Fjölnir-Hamar 77-74
**Stig Fjölnis:** Karlton Mims 19, Anthony Drejaj 19, Kristinn Jónasson 19, Hjalti Þ. Vilhjálmsson 6, Níels P. Dungal 5, Helgi H. Þorláksson 4, Tryggvi Pálsson 3, Þorsteinn Sverrisson 2.
**Stig Hamars:** Roman Moniak 21, Roni Leimu 16, Nicolas King 15, Bojan Bojovic 9, Viðar Örn Hafsteinsson 7, Svavar P. Pálsson 6.

Snæfell-KR 83-92
**Stig Snæfells:** Sigurður Á. Þorvaldsson 21, Hlynur Bæringsson 20, Justin Shouse 15, Jón Ó. Jónsson 9, Anders Katholm 7, Ingvaldur M. Hafsteinsson 7, Slobodan Subasic 4.
**Stig KR:** Joshua Helm 24, Pálmi F. Helgason 21, Helgi M. Magnússon 16, Avi Fogel 14, Jermiah Sola 9, Darri Hilmarsson 5, Brynjar Þ. Björnsson 3.

Þór Ak.-Keflavík 72-88
**Stig Þórs Ak.:** Luka Marolt 28, Cedric Isom 17, Magnús Helgason 15, Jón O. Kristjánsson 7, Hrafn Jóhannesson 2, Birkir Heimisson 2, Óðinn Ásgeirsson 1.
**Stig Keflavíkur:** Tommy Johnson 24, Bobby Walker 19, Magnús Þ. Gunnarsson 16, Þröstur L. Jóhannsson 9, Anthony Susnjara 9, Jón N. Hafsteinsson 5, Sigurður G. Þorsteinsson 4, Vilhjálmur S. Steinarsson 2.

Skallagrímur-Tindastóll 90-81
ÍR-Njarðvík 90-86
**Stig ÍR:** Nate Brown 24, Hreggviður Magnússon 24, Eiríkur S. Önundarson 16, Sveinbjörn Claesen 10, Tahirou Sani 6, Þorsteinn Ó. Húnfjörð 6, Steinar Arason 2, Ómar Ö. Sævarsson 2.
**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 30, Brenton J. Birmingham 15, Friðrik E. Stefánsson 14, Jóhann Á. Ólafsson 10, Hörður A. Vilhjálmsson 8, Egill Jónasson 5, Guðmundur Jónsson 4.

Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði lét í ljós óánægju sína með frammistöðu landsliðsins á EM í Noregi:

# Eigum hver og einn að skammast okkar

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson fyrirliði var að vonum ekki sáttur við frammistöðu landsliðsins á EM og sparaði síst stóru orðin.

„Maður skammast sín bara eftir þetta mót. Ég hef gott af því og fleiri ættu líka að skammast sín og þeir taka það til sín sem eiga það. Menn eiga að skammast sín fyrir þetta mót. Ef menn eru lélegir þá eiga menn bara að viðurkenna það. Við erum miklu betri en þetta og bilið sem var á milli okkar og annarra liða í mótinu er ekki í lagi. Það verður hver og einn að vinna í sínum málum og þá er ég að tala um alla og þjálfarinn er þar meðtalinn,“ sagði Ólafur ákveðinn.

„Ég tek á mig mína ábyrgð enda fyrirliði sem á að draga vagninn. Við misstum dampinn eftir fyrsta leikinn. Menn verða líka að kunna að spila með kúkinn í buxunum en það þarf ákveðinn þroska til þess sem tekur oft mörg ár að ná. Menn geta ekki bara spilað vel þegar allt er í bullandi gangi. Það vantar hjá ákveðnum leikmönnum í dag,“ sagði Ólafur, sem er ekki hættur og stefnir á Ólympíuleikana komist landsliðið þangað.

„Þá mun ég láta í mér heyra og öskra menn áfram. Ég var kannski allt of rólegur í þessu móti en næst mun ég flengja menn áfram og segja þeim til syndanna.“ **- hbg**



**ERFITT** Ólafur Stefánsson fær hér óblíðar móttökur frá Spánverjanum Asier Marcos Antonio í leiknum í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ég er afar stoltur af mínu starfi

**Alfreð Gíslason hefur stýrt íslenska landsliðinu í síðasta skipti. Hann segir líkamlegt ástand íslenskra handboltamanna ekki nógu gott og við séum að dragast aftur úr öðrum þjóðum.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason tilkynnti á blaðamannafundi eftir leikinn í gær að hann væri hættur að þjálfa íslenska landsliðið. Hann tók við starfinu árið 2006 þegar Viggó Sigurðsson hætti með hvelli, leiddi það til glæsts sigurs gegn Svíum, fór með það á HM þar sem Ísland var hársbreidd frá undanúrslitasæti og svo á EM í Noregi.

„Vegna fjölskylduástæðna ákvað ég að vera ekki áfram í þessu tvöfalda hlutverki því þetta er einfaldlega allt of mikil vinna. Ég vil þakka HSÍ fyrir frábært samstarf og það var virkilega gaman að taka þátt í þessu. HSÍ vinnur frábært starf undir erfiðum kringumstæðum. Ég tel mig hafa reynt að gera mitt besta þó svo að það sjáist kannski ekki í þessari keppni. Ég er stoltur af því að hafa tekið þátt í þessu og vonandi gerði ég eitthvað gott fyrir íslenskan handbolta,“ sagði Alfreð en hann hafði ákveðið fyrir keppnina að hætta. Hefði engu breytt um þótt Ísland hefði unnið. Alfreð hefur skoðanir á því hver eigi að taka við af sér en vill ekki gefa þær upp.

„Ég vil ekki stimpla það inn hjá þjóðinni hver eigi að taka við af mínu mati. Ég tel okkur eiga marga unga og hæfa þjálfara. Get nefnt þar menn eins og Dag Sigurðsson, Aron Kristjánsson, Geir Sveinsson og Júlíus Jónasson. Ein ástæðan fyrir því að ég tók að mér þetta verkefni var að þegar ég sá riðilinn sem við lentum í sagði ég orðrétt: Shit, nú verð ég að taka þetta einu sinni enn. Ég get ekki gert strákunum að byrja með liðið í svona keppni,“ sagði Alfreð léttur en hann bar sig vel á fundinum þrátt fyrir vonbrigði með mótið.

„Við vorum í miklum vandamálum með margt. Við sjáum vel í þessari keppni að við erum að lenda undir í líkamlegum styrk. Meðalhæðin er tíu sentimetrum lægri en hjá flestum hinum þjóðunum. Það munar mikið um þetta. Svo erum við líka með of marga menn sem eru í lykilhlutverki í sókn en geta ekki spilað vörn,“ sagði Alfreð en hann vill ekki tala um hrun í þessu móti.



**HÆTTUR** Alfreð Gíslason tilkynnti í gær að hann væri hættur sem landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EM Í NOREGI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Þrándheimi
**henry@frettabladid.is**

### Án tveggja útispilara

„Við sögðum að það þyrfti allt að ganga upp til þess að ná þeim markmiðum sem við gáfum út. Svo erum við án tveggja útispilara í Garcia og Arnóri. Einar er að koma úr niðurbroti hjá Flensburg og hann nær sér ekki á strik andlega og mér finnst að Flensburg sé að fara mjög illa með hann. Það hafa verið mörg vandamál og við vinnum ekki þessar bestu þjóðir nema allt sé í toppstandi hjá okkur,“ sagði Alfreð en var þá ofmat að stefna svona hátt fyrir mótið?

„Ef ég hefði sagt við ykkur blaðamenn fyrir keppnina að við ættum ekki möguleika og værum sáttir við að komast upp úr riðlinum þá hefðuð þið allir skrifað hvaða metnaðarleysi væri í gangi hjá HSÍ. Ég gerði það viljandi að setja markið hátt en vonaðist til annarrar útkomu og að undirbúningurinn hefði orðið betri,“ sagði Alfreð Gíslason, fráfarandi landsliðsþjálfari.

HSÍ er ekki búið að ákveða hver taki við af Alfreð:

# Erlendur þjálfari kemur til greina

Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, segir ekkert ákveðið um hver taki við af Alfreð Gíslasyni og að HSÍ muni taka sér góðan tíma til að finna arftaka hans.

„Nú þarf bara að finna nýjan mann. Sú vinna hefst fljótlega og við munum taka okkur þann tíma sem við þurfum í það. Við ætlum að vanda okkur,“ segir Guðmundur en hann segir allt koma til greina. „Það verður erfitt að fylla þetta skarð enda Alfreð hæfur og góður drengur. Erlendur þjálfari kemur til greina eins og hver annar. Við erum galopnir fyrir öllu á þessari stundu,“ segir Guðmundur. **- hbg**

Forkeppni Ólympíuleikanna:

# Ísland verður með í vor

**HANDBOLTI** Þjóðverjar, Danir og Króatar tryggðu sér í gær sæti í undanúrslitum Evrópumótsins í handbolta en þangað voru Frakkar einnig komnir.

Með því varð ljóst að árangur Íslands frá HM í Þýskalandi þar sem liðið varð í 8. sæti tryggði liðinu þátttökurétt í forkeppni fyrir Ólympíuleikanna í Peking. Forkeppnin fer fram um mánaðamótin maí-júní en ekki er ljóst með hvaða liði Ísland verður í riðli.

Þýskaland hefur þegar tryggt sér sæti á ÓL. Sú þjóð sem verður hæst af hinum þremur kemst þangað og sleppur við forkeppnina en hún verður spiluð í þremur fjögurra þjóða riðlum þar sem efstu tvær þjóðirnar komast til Peking. **- óój**

Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur hjá íslenska liðinu á EM í Noregi:

# Fórum á taugum á mótinu

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði alls 34 mörk í leikjunum sex á EM í Noregi. Hann var markahæstur Íslendinga og sló enn fremur met með því að spila flesta leiki í röð með landsliðinu á stórmóti. Guðjón Valur gat þó ekki leynt vonbrigðum sínum með gengi landsliðsins í mótinu, allt frá upphafi Evrópumótsins til enda þess.

„Þetta var bara hrun í heild sinni. Við vinnum sem lið og töpum sem lið. Það sem gekk á í byrjun mótsins var óafsakanlegt af okkar hálfu en ég saka samt engan um að hafa ekki lagt sig fram. Ég held við höfum bara kafnað á möguleikum okkar sem eru svo sannarlega til staðar fyrir þetta lið en það var allur vindur úr mönnum eftir Svíatapið,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, sem kom nokkuð óvænt snemma úr mjög erfiðum axlarmeiðslum og lagði svo sannarlega sitt af mörkum fyrir liðið í mótinu.



**ÓSÁTTUR** Guðjón Valur var markahæstur Íslendinga en gat ekki leynt vonbrigðum sínum með mótið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég sé enga aðra skýringu en að menn hafi farið á taugum enda eru allir í fínu líkamlegu formi og kunna að spila handbolta. Það hafa öll lið gengið í gegnum svona keppni og vonandi verður þessi keppni okkur dýrmæt lexía fyrir komandi keppnir,“ sagði Guðjón Valur, sem lék í gær sinn 63. stórmótsleik í röð með íslenska liðinu og hefur ekki misst úr leik síðan á EM í Króatíu árið 2000. Guðjón bætti met Ólafs Stefánssonar, sem lék 60 stórmótsleiki í röð með íslenska liðinu á árunum 1995-2006. **- hbg**

Iceland Express-deild karla:

# KR vann Snæfell í Hólminum

**KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar KR gerðu góða ferð í Stykkishólm og sigruðu Snæfell 83-92 í kaflaskiptum leik í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi.**

**Jafnræði var með liðunum framan af leik og staðan var 14-14 eftir fyrsta leikhluta og 41-39 í hálfleik.**

**Í seinni hálfleik skiptust liðin á að eiga góða kafla en eftir þriðja leikhluta var staðan jöfn 63-63. KR náði ágætri forystu í fjórða leikhluta en heimamenn komu þá til baka og minnkuðu muninn í 81-85 þegar nokkrar mínútur voru eftir af leiknum. KR náði hins vegar að halda haus og seig fram úr að nýju og nægði að halda boltanum í lokin til þess að innbyrða góðan útisigur.** **- óþ/sbh**

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## AMD DUAL CORE TURN 3

- AMD X2 Dual Core 6000+
- 2GB XMS 800MHz Dual DDR2
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

84.950

## 500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

14.750

## TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD X2 DualCore 4000+
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB Ati Radeon X1250

29.950

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

1.950

## TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600G

64.950

## G15 LYKLABORÐ

Logitech G15 leikjalyklaborð, frábært fyrir leikina með LCD skjá og 6 forritanlegum tökkum

8.950

## X-240 HÁTALARAR

Logitech X-240 Svart 2.1 hátalarakerfi. 25W RMS 2 nettir hátalarar og stórt bassabox á ótrúlegu verði

6.450

## ACER ASPIRE 5520-40

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.9Ghz AMD X2 Mobile TL-58
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400 GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

94.950

## SANDISK 2GB MP3

2GB Flottur MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

8.450

## 22" ACER SKJÁR

Acer 22" P222WD TFT LCD, CrystalBrite, WideScreen, 1680x1050, 2500:1 ACM, 5ms, DVI tengi, svartur

34.750

## ACER ASPIRE 7720-60

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

144.950

## 15" HLIÐARTASKA

Rúmgóð hliðartaska með axlaról frá Dicota. Mini geisla mús með skrunhjóli fylgir

4.950

## 15" FARTÖLVUBAKPOKI

15" Manhattan City Bag flottur svartur og rauður fartölvubakpoki

3.950

## VÍRUSVÖRN

BitDefender Internet security inniheldur m.a. veiruvörn, eldvegg og ruslpóstsíu

bitdefender secure your every bit

2.950

## OFFICE PAKKI

Office Home and Student 2007. Word, Exel, PowerPoint og OneNote leifi fyrir 3 tölvur

14.750

## NX60 FARTÖLVUMÚS

Logitech NX60 Notebook Optical mús Plus, frábær þráðlaus fartölvumús, svört, taska fylgir, USB

2.950

## SENNHEISER HD202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## > Jennifer Garner

Jennifer Garner kynntist manninum sínum, Ben Affleck, við upptökur á myndinni Pearl Harbor árið 2001. En þau tvö urðu ekki par fyrr en Ben Affleck og fyrrverandi kona hans, Jennifer Lopez, slitu sambandi sínu opinberlega nokkru seinna. Jennifer Garner leikur í ævintýramyndinni Elektra sem er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON NÆR ÁTTUM

## Dr. Phil er fúskari

Ekki kom það manni mikið á óvart þegar Dr. Phil var sagður vera svikahrappur hinn mesti. Fyrrverandi félagar hans úr sálfræðingafélagi Kaliforníu hafa lýst því yfir að hann hafi ekki tilskilin réttindi til að kallast sálfræðingur. Maður sem prangar sér inn á geðsjúka stórstjörnu og vekur um leið athygli á sjálfum sér er náttúrlega ekkert annað en fúskari. En dag eftir dag birtist þessi sköllótti náungi á skjánum, með eiginkonu sína upp á arminn, og telur sig geta leyst vandamál hinna dæmigerðu Bandaríkjamanna sem virðast hafa endalausa þörf fyrir að bera vandamál sín á torg sjónvarpsins.

Dr. Phil er skilgetið afkvæmi Opruh Winfrey, sem kallaði hann eitt sinn gáfaðasta mann í heimi. Hún fékk hann til að ráða úr geðrænum kvillum áhorfenda sinna og sitja fyrir svörum þegar húsmæðurnar þurftu að vita hvernig þær áttu að stöðva pilluát sitt og drykkju. En nú hefur sjálf sjónvarpsdrottningin snúist á sveif með gagnrýnendum Dr. Phil og sakað hann um athyglissýki. Manni sem missir stuðning Winfrey er varla stætt á að sitja lengur á stólnum sínum.

Því miður hafa litlar þjóðir á borð við Ísland verið látnar gjalda fyrir allt sem amerískt er, þær hafa þurft að horfa upp á Kanann viðurkenna afbrýðisemi, spilafíkn eða jafnvel framhjáhald í beinni útsendingu. Tími bandarísks vandamálaefnis er liðinn í íslensku sjónvarpi og vonandi fer Dr. Phil sömu leið og Jerry Springer fór forðum daga.



**FÚSKARI** Dr. Phil nýtir hvert tækifæri til að vekja á sér athygli.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00 Just My Luck** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Bullrun** SKJÁREINN



▶ **20.00 Logi í beinni** STÖÐ 2




▶ **21.15 Hollywood Uncensored** SIRKUS



▶ **22.50 Matrix 2** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 EM í handbolta** Upptaka frá leik Þjóðverja og Svía sem fram fór á fimmtudagskvöld.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (63:65)
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég** (4:26)
**18.20 Þessir grallaraspóar** (12:26)
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Hér keppa lið Mosfellsbæjar og Hornafjarðar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**21.10 Barnaby ræður gátuna - Skáldalaun** (Midsomer Murders: Sins of Commission) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Daniel Casey.
▶**22.50 Matrix 2** (The Matrix Reloaded) Bandarísk spennumynd frá 2003. Hetjurnar Neó, Morfeus og Trinity halda áfram baráttu sinni gegn maskínunum sem hafa hneppt mannkynið í þrældóm. Leikstjórar eru Andy og Larry Wachowski og meðal leikenda eru Keanu Reeves, Carrie-Anne Moss, Laurence Fishburne, Monica Bellucci og Hugo Weaving. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Elektra**
**08.00 Looney Tunes: Back in Action**
**10.00 Bride & Prejudice**
**12.00 Just My Luck**
**14.00 Looney Tunes: Back in Action**
**16.00 Bride & Prejudice**
▶**18.00 Just My Luck** Rómantísk gamanmynd með Lindsay Lohan í aðalhlutverki.
**20.00 Elektra** Ævintýramynd
**22.00 Eulogy**
**00.00 Mississippi Burning**
**02.05 Crimson Rivers 2: Angels of the Apocalypse**
**04.00 Eulogy**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**07.55 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love** (110:120)
**10.10 Sisters** (1:22) (e)
**10.55 Freddie** (19:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (9:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love** (31:120)
**13.55 Wings of Love** (32:120)
**14.45 Man´s Work** (4:15)
**15.25 Bestu Strákarnir** (12:50) (e)
**15.55 W.I.T.C.H.**
**16.18 Batman**
**16.43 Smá skrítnir foreldrar**
**17.08 The Bold and the Beautiful**
**17.33 Sylvester og Tweety**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (4:22) (Treehouse Of Horror XVI)
▶**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.45 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr.
**21.10 Blackball** (Svartbolti) Léttgeggjuð gamanmynd í anda Dodgeball með breska grínistanum Paul Kaye og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.
**22.45 Air Force One** (Forsetaflugvélin)
**00.50 Dragonheart** (e)
**02.30 Hellboy**
**04.30 Freddie** (19:22)
**04.55 Stelpurnar**
**05.20 The Simpsons** (4:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.00 Inside the PGA**
**18.30 Gillette World Sport**
**19.00 FA Cup - Preview Show 2008** Elsta og virtasta keppni heims skoðuð bak og fyrir.
**19.30 NFL** (NFL Gameday) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**20.00 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.40 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.10 World Supercross GP**
**22.05 Heimsmótaröðin í póker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.00 Heimsmótaröðin í póker 2006** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heims að borðum og keppa um háar fjárhæðir.
**23.55 NBA körfuboltinn** (Cleveland - Phoenix) Bein útsending frá leik Cleveland og Phoenix í NBA-körfuboltanum.

## SÝN2

**18.00 Birmingham - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Birmingham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.
**19.40 Reading - Man. Utd.** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Reading og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.
**21.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.45 Liverpool - Aston Villa** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram mánudaginn 21. janúar

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 Friday Night Lights** (e)
▶**20.00 Bullrun** (2:10) Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin.
**21.00 The Bachelor** (4:9) Andy og stúlkurnar níu sem eftir eru fara í einaþotu til Lake Tahoe þar sem þau skella sér á skíði og heimsækja spilavíti. Ein stúlkan brotnar saman áður en að stefnumótunum kemur. Í skíðabrekkunni kemst Andy að því hvað stúlkurnar eru að hugsa. Í lok þáttarins þrengir Andy hópinn niður í sex stelpur.
**22.15 Law & Order** (12:24) Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Þegar fyrrum veðmangari er myrtur kanna Briscoe og Green skuggalega fortíð hans í leit að sökudólgi. Þegar í ljós kemur að veðmangarinn var uppljóstrari sem sendi mafíuforingja í fangelsi beinist rannsóknin að leigumorðingja sem vinnur fyrir mafíuna.
**23.05 The Boondocks** (4:15) Bráðfyndin teiknimyndasería með kolsvörtum húmor fyrir fullorðna. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Huey og Riley og afi þeirra, Robert. Bræðurnir alast upp í einu hættulegasta og gröfasta hverfi Chicago en flytja í úthverfi með afa sínum og finna ólíkar aðferðir til að aðlagast breytingunni
**23.35 Professional Poker Tour** (4:24)
**01.05 C.S.I: Miami** (e)
**01.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**02.40 5 Tindar** (e)
**03.25 The Dead Zone** (e)
**04.10 C.S.I: Miami** (e)
**04.55 C.S.I: Miami** (e)
**05.40 Vörutorg**
**06.40 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2008.**

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera bæta íslenskt samfélag, einstaklingar og félagasamtök sem eru öðrum fyrirmynd með framlagi sínu.

Lesendur Fréttablaðsins eru hvattir til að senda in tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Tilnefningar má senda á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða með því að senda tölvupóst á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Blackball



Léttgeggjuð gamanmynd í anda Dodgeball með breska grínistanum Paul Kaye og Vince Vaughn í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um nýjasta æðið í íþróttaheiminum, svartbolta, sem svipar til boccia. Cliff Starkey er svarti sauðurinn í svartboltaheiminum, fæddur svartboltaspilari sem hefur allt á hornum sér og er ekkert heilagt. Það gengur því hreint ekki eins og í sögu þegar hann er valinn ásamt töluvert eldri meðspilara til að keppa við þá bestu, áströlsku meistarana.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Útsvar

### Sjónvarpið kl. 20.10

Útsvar er þáttur þar sem 24 sveitarfélög keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Í kvöld eru það Mosfellsbær og Hornafjörður sem spreyta sig í beinni útsendingu. Umsjónarmenn þáttarins eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Einhver var að hóa
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (109:260)

**16.30 Hollyoaks** (110:260)

**17.00 Skífulistinn** Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

**17.50 Totally Frank**

**18.15 Hollywood Uncensored** Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.

**19.00 Hollyoaks** (109:260)

Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

**19.30 Hollyoaks** (110:260)

**20.00 Skífulistinn**

**20.50 Totally Frank** Spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.

▶ **21.15 Hollywood Uncensored**

**22.00 Flight of the Concords** (1:12) (Framadraumar)

**22.30 Numbers** (15:24) (Tölur) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. 2006.

**23.15 Ren & Stimpy** Ren og Stimpy eru engum líkir og það gengur á ýmsu í lífi þeirra.

**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mér finnst**

**21.00 Randver**

**21.30 Hvers vegna reyna menn að lenda í vitlausu veðri?** Þáttur Jóns Kristins og Tómasar Dags e.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Rabatten **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** Hart's War **22.30** Shelter Island **23.50** Boogie Listen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Columbo **13.10** Ville dyr i byen **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **15.05** Hannah Montana **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ida fra Kongleby **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Rorri Racerbil **17.25** Store maskiner **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Melodi Grand Prix 2008: Folkefest i Bodø **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Dalziel og Pascoe **23.10** Sju historier om rock **00.00** 30 Rock

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **12.05** Sofia Karlsson **13.00** Guldbaggegalan 2008 **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Falkenbergsrevyn Uppkorkat **16.30** Plus **17.00** BoliBompa **17.10** Stora maskiner **17.15** Riddaren från Pelargonien **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.50** Meka med Knäck **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Konståkning: EM **21.30** Jerry Maguire **23.45** Rapport **23.55** Kulturnyheterna **0.05** Dubbat **0.35** Sändningar från SVT24





VISA Boð
– BOÐGREIÐSLUR

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að setja fasteignagjöldin í Boðgreiðslur, þ.e.a.s. að greiða þau með reglulegum færslum af VISA-kortinu.

Þeir sem nýta sér þennan þægilega kost fá ekki lengur sendan reikning fyrir fasteignagjöldunum en þess í stað gildir færslan á VISA-yfirlitinu sem staðfesting á greiðslu.

**Allir korthafar sem eru með fasteignagjöldin á Boðgreiðslusamningi og greiða með Vildarkorti VISA og Icelandair eiga möguleika á að vinna 100.000 Vildarpunkta***

* 5 heppnir korthafar sem greiða fasteignagjöldin með Vildarkorti VISA og Icelandair verða dregnir út þann 29. febrúar 2008 og haft verður samband við þá heppnu. Þeir sem þegar greiða fasteignagjöldin með VISA Boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur og eru í pottinum.

Þeir korthafar sem hafa áhuga á að greiða fasteignagjöld sín hjá Reykjavíkurborg með VISA Boðgreiðslum geta skráð sig í Rafrænni Reykjavík á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, hringt í síma 4 11 11 11 og einnig er hægt að skrá fasteignagjöldin á www.valitor.is/visabod

Reykjavíkurborg VISA Vildarklúbbur

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er klárlega Salatbarinn, númer eitt, tvö og þrjú. Þar er fjölbreytt fæði, hollt og gott og hugguleg stemning. Það er ótrúlega gott að fara þangað.“*

Rakel Dögg Bragadóttir, handboltakona í Stjörnunni.

# Bó eldheitur aðdáandi Geirs Ólafs

Björgvin Halldórsson – Bó – er maður hinna meitluðu yfirlýsinga. Hann blæs nú til hefðbundins þorrablóts í Krikanum ásamt FH-ingum og verður það 9. febrúar. Hver stórstjarnan af annarri stígur á svið: Stebbi Hilmars, Eyfi, Sigga Beinteins, Raggi Bjarna, Þorgeir Ástvalds að ógleymdum Geira Ólafs. South River Band kemur fram ásamt hljómsveitinni Von frá Sauðárkróki.

Fjölmiðlar hafa haft fleiri hnöppum að hneppa í moldviðri undanfarinna daga en oftast áður. Virðist þetta þó engum bátum rugga hjá Bó sem sendi í gær blaðamanni, ásamt mögnuðu veggspjaldi sem hannað hefur verið um atburðinn, þessa sakleysislegu fyrirspurn: Er ekki vert að gera þessu verkefni skil í allri gúrkunni?

„Þetta er líklega flottasta dagskrá blótsins frá upphafi, landsþekktir skemmtikraftar og öllu til tjaldað,“ segir Bó þegar Fréttablaðið setti sig í samband við hann. Þetta er í sjöunda skipti sem FH-ingar halda þorrablót og hefur alltaf verið troðfullt íþróttahúsið. Bó segir Von hörkuband en það mun leika undir hjá Bó, Eyfa, Siggu og Stebba sem ætla að taka lagið saman ef svo ber undir. „Þeir væru náttúrlega ekkert að spila þarna nema þeir væru góðir. Geiri Ólafs? Jújújú, ég er eldheitur aðdáandi hans. Eða … ég hef alltaf haft gaman af mönnum sem gefa lífinu lit.“

Veislustjóri blótsins ásamt Bó er svo Katrín Júlíusdóttir og segir Bó aðspurður ekki annað hafa komið til greina en að fá kynþokkafyllsta þingmanninn í það verkefni – þó úr Kópavogi sé. - jbg



**GEIRI ÓLAFS** Gefur lífinu lit að mati Bó en Geir er einn þeirra sem skemmta á þorrablóti FH-inga.

**BÓ** Segir komandi þorrablót í Krikanum eitthvert það glæsilegasta sem um getur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glufa **6.** tveir eins **8.** líða vel **9.** forsögn **11.** tveir eins **12.** mánuður **14.** ólæti **16.** skammstöfun **17.** angra **18.** bókstafur **20.** verslun **21.** sjá eftir.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eldhúsáhald **3.** tvíhljóði **4.** nýfætt lamb **5.** starfsgrein **7.** frami **10.** púka **13.** kæla **15.** þekkja leið **16.** þögn **19.** frú.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rauf, **6.** uu, **8.** una, **9.** spá, **11.** gg, **12.** apríl, **14.** hasar, **16.** þe, **17.** ama, **18.** eff, **20.** bt, **21.** iðra.

**LÓÐRÉTT: 1.** ausa, **3.** au, **4.** unglamb, **5.** fag, **7.** upphefð, **10.** ára, **13.** ísa, **15.** rata, **16.** þei, **19.** fr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 5,5 prósent.
2. Heath Ledger.
3. Við Grindavík.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**SLEPPIÐ STELPUNUM LAUSUM** Tommy Lee, til hægri, og DJ Aero halda tónleika á Nasa í kvöld. Í einkaviðtali við Fréttablaðið segir Tommy að hann vonist til þess að sem flestar stelpur láti sjá sig í kvöld. Hann hrósar Magna Ásgeirssyni og vonast til að hitta hann í kvöld.

TOMMY LEE: SPENNTUR FYRIR TÓNLEIKUNUM Á NASA Í KVÖLD

# Því fleiri stelpur, því betra

„Við erum hreinir sveinar þegar kemur að Íslandi,“ segja þeir félagar Tommy Lee og DJ Aero sem halda sína fyrstu tónleika hér á landi á Nasa í kvöld á vegum Jóns Jónssonar og Elect(K)ronik. „Þetta er í fyrsta sinn sem við komum til Íslands og við hlökkum mikið til.“

Átta ár eru liðin síðan þeir hittust fyrst en samstarfið tók á sig heilsteyptari mynd fjórum árum síðar þegar þeir fóru í sitt fyrsta tónleikaferðalag saman. „Það hefur gengið vel hjá okkur og við erum búnir að spila á svona fimmtíu tónleikum hérna í Bandaríkjunum og núna erum við á leiðinni til Íslands.“

Mikið hefur verið rætt um sukksamt líferni Tommys auk þess sem hann þykir mikill kvennabósi, enda fyrrverandi eiginmaður kynbombunnar Pamelu Anderson og liðsmaður rokksveitarinnar Mötley Crüe, sem hefur marga fjöruna sopið. Íslenskar stúlkur hafa lýst yfir áhuga á að sofa hjá kappanum og í auglýsingum fyrir tónleikana eru feður hvattir til að læsa dætur sínar inni því sjálfur Tommy sé á leiðinni. „Það er alls ekki nauðsynlegt,“ segir Tommy. „Sleppið þeim bara öllum lausum, því fleiri því betra,“ segir hann hlæjandi og kippir sér greinilega lítið upp við auglýsinguna.

Magni Ásgeirsson, kunningi Tommy úr Rockstar: Supernova-þáttunum, sagði fyrir skömmu að þeir sem færu í partí hjá Tommy yrðu ekki sviknir og rokkarinn tekur undir það. „Hann ætti að vita það, hann hefur farið í nokkur eftirpartí hjá mér,“ segir hann og hlær. „Við höldum frábær partí og þessi tónlist sem við spilum er svo stór um sig að það er erfitt að útskýra hana. Þetta er svæsið elektró og slær gjörsamlega allt út,“ segir hann og Aero bætir við í léttum dúr: „Spurningin er sú hvort Íslendingar séu tilbúnir fyrir okkur?“

Aero segist vera mjög heppinn að fá að starfa með rokkaranum Tommy. „Ég fæ að ferðast út um allt og við höfum skemmt okkur vel. Fólk segir við mig að ef ég geti ekki spilað sé það til í að hlaupa í skarðið fyrir mig. Það er löng röð á meðal kollega minna í plötusnúðabransanum að fá að starfa með Tommy.“

Tommy viðurkennir að Magni, eða Magni-ficent eins og hann hefur kallað hann, eigi alveg möguleika á að slá í gegn í Bandaríkjunum hafi hann áhuga á því. „Hann er mjög vinsæll og hann er tvímælalaust mjög hæfileikaríkur. Þessi strákur getur sungið, spilað á gítar og samið lög og ég held að hann eigi alveg jafn góða möguleika og hver annar. Vonandi kemur hann á tónleikana og hittir okkur.“ freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í gær voru flestir á gólfi ráðhússins sveittir á efri vörinni. Þó er haft eftir **Júlíusi Vífli Ingvarssyni**, sem reyndi að sýnast rólegur, við það tækifæri: Uss, það má nú alltaf æsa menntaskólakrakka upp í einhverja vitleysu. Á pöllunum var hins vegar eldri maður sem kominn var til að fagna en æpti á mótmælendur að þeir minntu hann á skrílslæti nasista skömmu fyrir seinni heimstyrjöld.



Sagan segir að þegar **Davíð Oddsson** hringdi í **Ólaf F. Magnússon**, þá forseta borgarstjórnar nú borgarstjóra, til að panta Tjarnarsalinn undir afmælisveislu sína hafi Ólafi orðið svo mikið um að hann taldi í fyrstu um gabb að ræða. Eftir nokkurn valkvíða hringdi hann í Davíð og fékk það staðfest að það hefði verið hann sem vildi salinn. Davíð hrósaði svo Ólafi í veislunni fyrir snögg viðbrögð.



Svo heitt var í kolum í ráðhúsinu að menn höfðu ekki við að fylgjast með. Þannig sló í brýnu milli **Láru Ómarsdóttur** fréttamanns og **Kristínar Hrefnu Halldórsdóttur,** framkvæmdastjóra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðismanna, en Kristín er tengdadóttir **Geirs Haarde** forsætisráðherra. Nýr borgarstjóri hafði fallist á að veita Láru viðtal en Kristín Hrefna skarst í leikinn og bannaði það, dró Ólaf F. til hliðar og sagði að **Gísli Marteinn Baldursson** hefði gefið fyrirmæli um að Ólafur mætti ekki fara í téð viðtal.



Eitt af hinu óvænta sem gerðist í kjölfar vendinga gærdagsins er að nú er **Ásta Þorleifsdóttir** F-lista orðin varaformaður stjórnar Orkuveitunnar. Framsýnustu menn munu varla hafa getað spáð fyrir um það. -jbg

# Aðdáandi Tommys í yfir tuttugu ár

„Ég er búinn að vera aðdáandi síðan ég keypti Shout at the Devil-plötuna árið 1985,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson, einn harðasti aðdáandi rokksveitarinnar Mötley Crüe hér á landi. „Þetta er „glam“ eins og það gerist best. Þótt þeir eigi hræðilegar plötur inni á milli þá eru þarna toppar eins og Dr. Feelgood sem er ein besta platan í rokksögunni. Svo komu þeir svolítið á óvart með New Tattoo sem kom út árið 2000 en þá var Tommy reyndar ekki með. Þeir eiga líka eina bestu rokkbók sem hefur verið gefin út, The Dirt. Hún er skyldulesning fyrir alla áhugamenn um tónlist enda ótrúlegt líf sem þessir gaurar eru búnir að lifa,“ segir Árni, sem er sjálfur meðlimur rokksveitarinnar Sága og fyrrverandi meðlimur Klamidíu X.

Eins og kemur fram hér að ofan spilar trommari Mötley Crüe, Tommy Lee, á Nasa í kvöld ásamt plötusnúðnum DJ Aero og hefur Þráinn lagt fram beiðni til skipuleggjenda tónleikanna um að fá að hitta goðið. „Hann verður bara að árita bókina, það er ekkert flóknara en það,“ segir Þráinn, sem mætlar að sjálfsögðu að kíkja á tónleikana. „Hann segist vera hættur í rokkinu og það verður forvitnilegt að heyra hvort hann stendur við það. Það þýðir ekkert að breytast í eitthvert dansfrík og ég verð að viðurkenna að ég hef ekki mikla trú á þessu. Gaurinn er rokkari og hann má ekki gleyma því hvernig hann byrjaði.“

Að sögn Þráins er helsti kostur Tommys að hann er heiðarlegur í því sem hann gerir. „Hann er hrikalega lifaður og er búinn að fara illa með sig með lyfjum og „búsi“. En hann er einlægur í því sem hann er að gera og ég held að það sé þess vegna sem hann kemst í gegnum það sem hann er að gera. Sagan segir síðan hvort þetta var kjaftæði eða ekki.“ - fb



**ÞRÁINN ÁRNI BALDVINSSON** Þráinn hefur verið aðdáandi Mötley Crüe í langan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Rauðará óskar bændum til hamingju með daginn!

## Gómsætar veislumáltíðir í boði

**Guðmundur Viðarsson** er yfirkokkur á veitingastaðnum Rauðará. Guðmundur hefur alltaf haft ástríðu fyrir matseld sem er á heimsmælikvarða og lagt áherslu á að bjóða upp á humar, villibráð og nautasteikur í hæsta gæðaflokki.

**Rauðará** hefur nýlega gengið í gegnum allsherjar andlitslyftingu. Húsnæðið hefur verið endurbætt til muna svo að matgæðingar geti notið kvöldstunda á Rauðará enn betur en áður.

**Matseðillinn** er uppfærður reglulega og ættu allir sem hafa áhuga á ástríðufullri og spennandi matargerð að finna eitthvað við sitt hæfi.

Við hlökkum til að taka á móti þér og koma bragðlaukunum þínum á óvart með matargerð í hæsta gæðaflokki.


Guðmundur Viðarsson
yfirkokkur

# Veisla alla daga

## Rauðará býður upp á þriggja rétta veislumáltíðir alla daga vikunnar



### Steikarveisla 5.900.- með víni 8.400.-

**Forréttur:** Koníaksbætt rjómahumarsúpa

**Aðalréttur:** Eldsteikt lambafille með bakaðri kartöflu og rauðvínssósu eða nautapiparsteik með piparsósu

**Desert:** Ítölsk ostaterta í bolla með ferskum jarðarberjum



### Villibráðarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

**Forréttur:** Grafin gæsabringa með bláberjabalsamic ásamt andalifrarmús og rauðvínssoðnum lauk

**Aðalréttur:** Hreindýramedalíur með gamaldags rjómasósu

**Desert:** Heilög þrenning, eplapæ, eplamúffin og tartar tartín



### Humarveisla 6.900.- með víni 9.400.-

**Forréttur:** Grillaður humar í skel með villisveppa rísottó

**Aðalréttur:** Nautasteik New Orleans með crembrulle lauk

**Desert:** Heit súkkulaðiterta með vanilluís og jarðarberjasósu

– ástríðufullur veitingastaður
með fersku yfirbragði

RAUÐARÁ
RESTAURANT

RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/RAU 40817 01/07

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Hættu nú*

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var ekki mjög góður borgarstjóri. Að minnsta kosti ekki farsæll. Kannski hefði hann átt að segja skilið við stjórnmál eftir að hann hrökklaðist úr embætti, í stað þess að þráast við og leiða áfram hóp sem vill ekkert með hann hafa. Klaufsku Vilhjálms varð allt að vopni eins og ófá dæmi um frumhlaup og bægslagang bera vitni um. Hvernig var með húsin sem brunnu í Austurstræti? „Þau rísa aftur. Það kemur ekkert annað til greina." Ekki var fyrr búið að drepa í en í ljós kom að flest annað kom til greina. Hvernig var minnisblaðið alræmda í REI-málinu sem Vilhjálmur mundi einhverra hluta vegna ekkert eftir? Og hvað er hægt að segja um mann sem tókst næstum því að sturta pólitískum ferli sínum niður klósettið fyrir ísskáp í vínbúð?

**EN** þrátt fyrir að hafa ekki verið mjög góður borgarstjóri – að minnsta kosti ekki farsæll – telur Vilhjálmur ástæðu til að hann verði borgarstjóri aftur. Hann veit hins vegar að það gengi ekki að hann yrði það strax að loknum þeim hjaðningavígum sem við höfum orðið vitni að undanfarna daga. Hvernig á þá ekki mjög góður borgarstjóri – að minnsta kosti ekki farsæll – að komast aftur í stólinn? Jú, hann myndar nýjan meirihluta með einhverjum ginnkeyptum, lætur hann fá festina meðan mesta ólgan hjaðnar og vonar að viðkomandi standi sig svo illa að samanburðurinn verði Vilhjálmi hliðhollur.

**FRAMMISTAÐA** Vilhjálms í Ráðhúsinu í gær gaf ekki ástæðu til bjartsýni. Í einu og sama viðtali við Sjónvarpið tókst honum að segja að samstarf hans og Björns Inga Hrafnssonar hefði verið „óaðfinnanlegt", halda því fram að „enginn" hefði átt frumkvæði að myndun nýja meirihlutans og segja svo í sömu andrá að það hefði verið Ólafur F. sem leitað hefði eftir samstarfi við sig. Þegar maður hlustar á Vilhjálm líður manni eins og maður sé annað hvort á lyfjum eða ætti að vera það.

**VONANDI** ber þessi nýi meirihluti gæfu til að halda út kjörtímabilið úr því sem komið er. Það gerist þó ekki nema eitthvað af því hæfa fólki sem situr uppi með Vilhjálm í sama flokki taki til sinna ráða. Aðeins eitt gott getur hlotist af því að Vilhjálmur verði aftur borgarstjóri: tækifæri til að sjá ekki mjög góðan borgarstjóra – að minnsta kosti ekki farsælan – hrökklast aftur snautlega úr embætti.

**GÓÐAN DAG!**
Í dag er föstudagurinn 25. janúar, 25. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.30 | 13.40 | 16.50 |
| Akureyri | 10.31 | 13.25 | 16.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


